

TALAÐI ENSKU VIÐ ÍSLENDINGA

Mugison er nýkominn heim eftir tólf tónleika í jafn mörgum borgum. Leikur á tónleikahátíð með Badly Drawn Boy. **FÓLK 50**



HELGARVIÐTAL

AÐDÁENDURNIR HÉLDU SVEITINNI SAMAN

Simon Le Bon söngvari Duran Duran ræðir um fyrirhugaða tónleika sveitarinnar í Egilshöll. **TÓNLIST 34**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. maí 2005 - 128. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Spilar til úrslita

Róbert Gunnarsson og félagar í Árhús leika til úrslita um danska meistaratitilinn.

ÍPRÓTTIR 38



Parf að breyta dansinum

Selma Björnsdóttir vinnur nú hörðum höndum við að breyta dansinum fyrir Eurovision-keppnina.

FÓLK 50

Duglegur tækifærissinni

Vinir Gunnars Örlygssonar lýsa honum sem harðduglegum og hugmyndafrókum manni en andstæðingar segja hann tvöfaldan í roðinu.



MÆÐUR VIKUNNAR 18


Spentur að sjá viðbrögðin

Stór sýning á verkum Dieters Roth verður þungamiðjan á Listahátíð.



LISTAHÁTÍÐ 32

VEÐRIÐ Í DAG



VINDUR FREMUR HÆGUR OG YFIRLEITT ÞURRT Kólnar nokkuð í veðri, sérstaklega norðaustanlands. **VEÐUR 4**

Útlendingastofnun sökuð um hirðuleysi

Stéttarfélagið Efling sakar Útlendingastofnun um óreiðu í meðferð gagna. Félagið sendir allar umsóknir um atvinnuleyfi með leigubílum til öryggis. Útlendingastofnun segir gagnrýnina ómálefnalega og koma á óvart.

STJÓRNSÝSLA Stéttarfélagið Efling hefur um allan tíð sent með leigubíl öll gögn sem það þarf að senda Útlendingastofnun vegna atvinnuleyfa útlendinga. Það gerir félagið vegna þess að stofnunin staðhæfði íðulega að gögnin hefðu ekki borist.

Í síðasta fréttablaði Eflingar er harðorð grein um samskipti félagsins við Útlendingastofnun þar sem kvartað er undan virðingarleysi stofnunarinnar gagnvart því fólki sem hún á að þjónusta. Þar kemur fram að lögum samkvæmt á Efling að skila umsógn til Útlendingastofnunar um atvinnuleyfi innan tveggja vikna og segir Tryggvi Marteinson þjónustufulltrúi að við það sé ávallt staðið.

„Engu að síður hefur fólk komið hingað árum saman til að leita að þessum pappírnum vegna þess að starfsfólk Útlendingastofnunar fullyrðir að gögnin hafi ekki borist,“ segir Tryggvi. Hann segir þetta óþolandi framkomu gagnvart þeim útlendingum sem í hlut eigi því íðulega sé fólkið undir miklu álagi vegna þessara umsókna og ekki á það bætandi með áhyggjum af því að gögnin séu týnd.

Ragnheiður Ólöf Böðvardsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslusviðs hjá Útlendingastofnun, segir þessa gagnrýni koma sér mjög á óvart og vísar henni algjörlega á bug. „Við höfum alltaf reynt að eiga gott samstarf við

verkalýðsfélögin og okkur finnst þetta mjög ómálefnaleg gagnrýni“, segir hún. Mikil álag er á Útlendingastofnun að sögn Ragnheiðar og berast tugir umsókna til stofnunarinnar daglega. „Það segir sig sjálf að við verðum að hafa tíma til að skrá þessar umsóknir áður en við getum gefið fólki upplýsingar um það hvar þær eru staddar,“ segir hún.

Hún fullyrðir að sá vandi sem lýst er í grein Eflingar sé stórlega orðum aukinn. „Auðvitað geta komið upp einhver vandamál í þessu eins og öðru en þau á auðvitað bara að leysa og betra væri að slíkt væri gert með samvinnu,“ segir Ragnheiður Ólöf.

ssal@frettabladid.is



BÚIÐ SPIL Guðjón Þórðarson sagði upp sem þjálfari Keflavíkur í gær.

Læti í Keflavík:

Guðjón er hættur

FÓTBOLTI Stuðningsmenn Keflavíkur munu ekki sjá Guðjón Þórðarson stýra bikarmeisturinum í Landsbankadeildinni í sumar því hann sagði starfi sínu lausu í gær. Ástæða uppsagnarinnar er vanefndir á samningnum, bæði fjárhagslegar og faglegar, en Guðjón sakar Keflavík um vafasöm vinnubrögð.

Formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, Rúnar Arnarsson, er harðorður í garð Guðjóns og segir hann ljúga í fjölmöldum. Guðjón kemur sterklega til greina sem næsta þjálfari enska liðsins Notts County. **- hbg / Sjá síðu 38**

Hvítasunnuveðrið:

Viðrar til útivistar

VEÐURFAR „Nú er það bara að drífa sig út fyrir borgarmörkin og njóta náttúrunnar og konunnar,“ segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur. „Það er útlit fyrir gott útivistarveður um allt land og í raun betri helgarveðurspá en maður leyfði sér að dreyma um á þessum árstíma.“

Það er von að Siggi sé kátur því það verður hægviðri um allt land og víða fer hitinn í tveggja stafa tölu. Það verður þó frekar skýjað fram á sunnudag og hætt á súld, aðallega vestan til á landinu.

Á sunnudag er svo von á norðanátt sem mun draga úr hita sérstaklega norðaustan til. Þeir sem gista í tjaldi verða þá að vera varir um sig. **-jse**



ÓRÓI Í ÚSBEKISTAN Þessi kona lét sér lítt bregða þótt hermaður beindi ríffli að tveimur samborgurum hennar. Í odda skarst í gær milli hermanna og mótmælenda í Andijan í Úsbekistan. Mótmælendurnir ruddust inn í fangelsi til að frelsa 23 fanga sem yfirvöld sögðu íslamska öfgamenn. Þrír létust og tugir særðust þegar hermenn skutu á fólkið. Fyrir daginn höfðu þúsundir mótmælenda átt í götu-bardögum við hermenn og létust að minnsta kosti níu mótmælendur í þeim.

Rithöfundurinn Milan Kundera sendir frá sér nýja bók:

Íslendingasögur koma við sögu

BÓKMENNTIR Hinn heimskunni tékknesk-franski rithöfundur Milan Kundera fer fögrum orðum um íslenska sagnaarfinn í bók sem nýverið kom út í Frakklandi.

Bókin, sem heitir Tjaldíð, er safn óbirtra ritgerða skáldsins. „Hann fjallar þarna um skáldsöguna, veltir fyrir sér hlutverki hennar í samtímanum og sömu leiðis evrópska menningararfinum. Og það er í því samhengi sem sagnaarfur Íslendinga kemur við sögu,“ segir Friðrik Rafnsson, sem þýtt hefur mörg verk Kundera á íslensku.

Á einum stað í bókinni segir: „Mér verður hugsað til Íslands. Á 13. og 14. öld urðu þar til fagur-



MILAN KUNDERA Mærir Íslendingasögurnar í nýju ritgerðasafni.

bókmenntir upp á mörg þúsund blaðsíður: Íslendingasögurnar. Hvorki Frakkar né Englendingar sköpuðu slík lausamálsverk á eigin þjóðtungum á þessum tíma! Vinsamlegast hugsuðu þetta allt til enda: fyrsti mikli lausamálsfjársjóðurinn í Evrópu varð til í minnsta landi álfunnar, landi sem jafnvel enn þann dag í dag telur innan við þrjú hundruð þúsund íbúa.“

Tjaldíð hefur verið í efstu sætum metsölulista í Frakklandi undanfarnar vikur en Friðrik Rafnsson gerir ekki ráð fyrir að bókinni verði þýdd á íslensku fyrir en á næsta ári.

- ssal

OPIÐ
11-18 í dag.

Nýtt kortatímabil



VÍKULEGAR SIGLINGAR
ATLANTSSKIP
FLYTJA VÖRUR
FRÁ EVRÓPU

Miðvikudagar
Vlissingen / Holland

591 3000



SPURNING DAGSINS

Sveinn Andri, var Lettunum ekki létt?

„Jú, þeim var orðið illt í eistunum.“

Sveinn Andri Sveinsson er lögmaður lettneskra verkamanna sem voru ákærðir fyrir að starfa hér á landi án atvinnuleyfis. Þeir voru sýknaðir í héraðsdómi.

Almenningur ehf. stefnir ótrauður á tilboð: Ekki búið að velja samstarfsaðila

VIÐSKIPTI Almenningur ehf., félagið sem Agnes Bragadóttir fer í forystu fyrir og ætlar að taka þátt í tilboði um kaup á Símanum, hefur ekki komist að niðurstöðu um það með hvaða hópi fjárfesta verði unnið.

„Við erum í viðræðum við ýmsa fagfjárfesta og við erum ekki komin að niðurstöðu um með hverjum við ætlum að vinna. Við munum ráða okkar ráðum um helgina,“ segir hún.

Aðspurð um hvort öruggt sé að hópurinn muni gera tilboð segir hún það vera „algjörlega kristaltært“.

Á þriðjudaginn rennur út frestur sem tilboðsgjafar hafa til að gera óbindandi tilboð í Símann. Þá þarf þó ekki að vera komið á endanlegt



AGNES BRAGADÓTTIR Segir upplýsingar um Almenning ehf. verða gefnar út eftir helgina.

samstarf milli hópa um kaup.

Agnes gerir ráð fyrir að allar upplýsingar til þeirra sem áhuga hafi á því að taka þátt í tilboðinu muni liggja fyrir eftir helgina og í kjölfarið mun koma í ljós hversu stóran hlut Almenningur ehf. mun geta keypt í Símanum.

Að sögn Agnesar er ekki höfuðatriði í hennar huga að Almenningur ehf. verði þátttakandi í kaupunum heldur að almenningur fái færi á að kaupa hlutabréf í Símanum. „Það skiptir mig nákvæmlega engu máli hver eða hverjir fái að kaupa Símann heldur að almenningur fái aðgang að kjötkötunum á sama tíma og stóru hákarlarnir,“ segir hún. -þk

Fjöldamorðingi í Lettlandi: Lífstíð fyrir þrettán morð

LETTLAND Dómstóll í Ríga, höfuðborg Lettlands, dæmdi í vikunni mann í lífstíðarfangelsi fyrir morð á 13 manns.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa myrt alls 38 manns en var dæmdur fyrir 13 morð og fjölmargar morðtilraunir.

Aukinheldur var hann dæmdur fyrir mörg rán en flest morðin framdi hann þegar hann reyndi að ræna fórnarlömbin. Þau voru aðallega eldri konur og kyrkti hann þær yfirleitt.

Þetta eru verstu fjöldamorð einstaklings í sögu Lettlands. ■

Umferðareftirlit:

Ofsaakstur í Ártúnsbrekku

LÖGREGLA Lögreglan í Reykjavík stöðvaði átján ára ökumann á 173 kílómetra hraða í Ártúnsbrekku klukkan að ganga tólf á fimmtudagskvöldið. Í brekkunni er hámarkshraði 80 kílómetrar á klukkustund.

Að sögn varðstjóra eru menn gjarnan sviptir ökuleyfi á staðnum við mjög gróf umferðarbröt og taldi hann ekki ólíklegt að svo hefði verið í þessu tilviki, enda ungi maðurinn yfir tvöföldum hámarkshraða. Aðfaranótt föstudags var að öðru leyti röleg í Reykjavík að sögn lögreglu og lítið að gerast fram eftir föstudegi þótt hann bæri upp á þrettanda dag mánaðarins. -óka

ATVINNULÍF

BIRGIR TEKUR VIÐ Birgir Jónsson hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Iceland Express. Birgir er 31 árs gamall rekstrarhagfræðingur og hefur gegnt stöðu sölu- og markaðsstjóra fyrirtækisins.



Lettarnir sem óku hófverðabílum fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum voru sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands í gær, en málið gegn þeim átti rætur að rekja til ábendingar frá Vinnumálastofnun. Stofnunin taldi þá starfa ólöglega hér á landi þar sem þeir hefðu ekki atvinnuleyfi. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, sagði ágætt að hafa fengið dómsniðurstöðu. Framkvæmdin þyrfti að taka mið af því.

Lettarnir sýknaðir

Lettarnir tveir sem komu hingað á vegum lettnesku starfsmannaleigunnar Vislande til að aka rútu fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum voru sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands. Þeir voru ákærðir fyrir að starfa hér án atvinnuleyfa.

EGILSSTAÐIR Lettarnir tveir sem komu hingað til lands á vegum lettnesku starfsmannaleigunnar Vislande til að aka rútu fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum voru sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands í gær en þeir voru ákærðir fyrir að starfa hér á landi án atvinnuleyfis.

Í dómnum kemur fram að útlendingarnir hafi fyrst talið sig vera einhvers konar verktaka hjá Vislande en síðan hafi beint ráðningarsamband komist á.

Dómarinn telur málið falla undir reglur EES-samningsins eða stofnsamnings EFTA. Lettarnir mega því koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast eða starfa hér í allt að þrjú mánuði frá komu eða allt að

sex mánuðum ef þeir eru í atvinnuleit.

Lögin um þjónustuviðskipti eigi við um Lettana þar sem ekki hafi verið leitt annað í ljós en að um ráðningarsamband þeirra við Vislande hafi verið að ræða. Þar með hafi Lettarnir ekki þurft atvinnuleyfi.

Samkvæmt þessum dómi geta því ríkisborgarar nýrra ríkja ESB komið hingað til lands í allt að 90 daga til að veita hér þjónustu og þurfa ekki sérstök leyfi til þess.

„Þetta er eins og við höfum alltaf haldið fram. Við biðum bara eftir því að hinn dómurinn verði kveðinn upp í okkar máli. Að öðru leyti verður bara að tala við Ilonu Wilke í

Lettlandi. Það er hún sem er að vinna þennan sigur, ekki við,“ segir Trausti Finnbogason, annar eigenda GT verktaka.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að það sé ágætt að hafa fengið dómsniðurstöðu og framkvæmdin þurfi að taka mið af því. Meira geti hann ekki sagt því að hann verði að skoða málið betur eftir helgina.

Helgi Jensson, fulltrúi Sýslumannsins á Seyðisfirði, segir að starfsmenn embættis ríkissaksóknara hafi fengið dóminn og taki ákvörðun fljótlega um það hvort málinu verði vísað til Hæstaréttar eða ekki.

ghs@frettabladid.is



DÝRLINGUR FLJÓTT Landar Jóhannesar Páls páfa krefjast þess að hann verði tekinn í dýrlingatölu fljótt. Myndin er tekin við útför páfa 8. apríl.

Jóhannes Páll II í dýrlingatölu: Fær flýti-meðferð

PÓLLAND, AP Benedikt XVI páfi hefur tilkynnt að forveri hans, Jóhannes Páll II, fái sérstaka flýti-meðferð á því að vera tekinn í dýrlingatölu. Vanalegt er að biða í að minnsta kosti fimm ár eftir dauða hugsanlegs dýrlings áður en ferlið hefst.

Þessari ákvörðun Benedikts XVI hefur víðast hvar verið tekið vel; bæði klerkaráðið í Róm og íbúar í Wadowice, heimabæ Jóhannesar Páls í S-Póllandi, hafa lýst yfir sérstakri ánægju með þessa málsmeðferð.

Margir Pólverjar eru nú þegar farnir að líta á Jóhannes Pál II sem dýrling. ■

Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ: Fyrirtækinu verði refsað

VINNUMARKAÐUR Dómstjórinn á Austurlandi tekur hvorki á því hvort lög um atvinnuréttindi útlendinga né lög um útlendinga hafi verið brotin, aðeins því hvort Lettarnir hafi haft rétt til að vinna hér á landi eða ekki. Því eru Lettarnir sýknaðir. Þetta er mat Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra Alþýðusambandsins.

„Þessi niðurstaða er umdeilanagerleg og við höfum alla fyrirvara á henni. Í okkar huga er um mála-myndagering að ræða. Lettarnir eru ekki stóra málið. Þeir eru fórnarlömb. Það er fyrirtækið sem okkur finnst að eigi að refsast,“ segir hann. -ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÓK Á LÖGREGLUBÍL Ölvaður öku- maður ók á lögreglubíl á Akranesi í fyrrinótt. Lögreglan leit aði mannsins og þegar hann varð lögreglubílsins var gaf hann í og keyrði á lögreglubílinn með þeim afleiðingum að hann endaði úti í skurð. Einn lögreglu maður slasaðist lítillega við áreksturinn.

Ævintýraleg sumarsól í Austurlöndum

Mannlífið í Taílandi og á Bali á ómótstæðilegu verði

Fjölmargir möguleikar í sumar og haust

Verðdæmi		
Hua Hin 2 vikur í júlí	5 stjörnu lúxus 2 vikur í ágúst	Pattaya 2 vikur í júní
114.990 kr.	129.995 kr.	118.900 kr.
Verð á mann í tvíb. með sköttum	Verð á mann í tvíb. með sköttum	Verð á mann í tvíb. með sköttum

Bali 2 vikur í júlí
133.700 kr.
Verð á mann í tvíb. með sköttum

Nánari upplýsingar um verðdæmin er að finna á heimsíðunni **www.kuoni.is**

Mundu MasterCard ferðatvösumina

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is • Heimasíða: www.kuoni.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

Verjandi Lettanna hjá GT verktökum:

Áfellisdomur fyrir ákærvaldið á Selfossi

EGILSSTAÐIR Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Lettanna sem voru sýknaðir í Héraðsdómi Austurlands í gær, segir að með þessum dómi sé í fyrsta sinn tekið almennilega á álitafnum varðandi útlendinga frá Eystrasaltsríkjunum. Ekki sé hægt að áfrýja dómnum til sakfellingar. Málflutningurinn verði að byggja á því að lagatúlkun héraðsdóms sé röng eða vísa dómnum aftur heim í hérað.

Hann segir það með ólíkindum hvernig málið með öðrum erlendum starfsmönnum hafi verið afgreitt á Selfossi í vetur.

„Þessi dómur fyrir austan er áfellisdomur fyrir ákærvaldið á Selfossi. Ákærvaldinu ber skylda til að halda til haga öllum sjónarmiðum, hvort sem þau eru til þess fallin að valda sýknu eða sakfellingunni,“ segir hann.

„Í stað þess var málið keyrt áfram, ákært og kveðinn upp dómur. Á Austurlandi var málið rannsakað til hlítar. Á Suðurlandi var játning fengin frá mönnum sem vissu ekkert hvað þeir voru að játa. Þar var ekki tekin skýrsla af öllum aðilum málsins,“ segir Sveinn Andri.

SVEINN ANDRI SVEINSSON „Þessi dómur fyrir austan er áfellisdomur fyrir ákærvaldið á Selfossi,“ segir Sveinn Andri Sveinsson, verjandi Lettanna hjá GT verktökum.

segir Sveinn Andri. -ghs

Ferðafrelsi Og Vodafone

Nú getur þú notað Frelsið þitt í útlöndum. Skráðu þig í Ferðafrelsi **Og Vodafone** um leið og þú gengur frá vegabréfinu. Skráning í Ferðafrelsi er án aukagjalds.

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.



Heyrumst!

© 2005 Vodafone Iceland. All rights reserved.

GENGIÐ		
GENGI GJALDMIÐLA 13.05.2005		
	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	66,61	66,93
Sterlingspund GBP	123,59	124,19
Evra EUR	84,10	84,58
Dönsk króna DKK	11,30	11,37
Norsk króna NOK	10,38	10,44
Sænsk króna SEK	9,14	9,20
Japanskt jen JPY	0,62	0,62
SDR	XDR	99,43 100,03

Gengisvísitala krónunnar
116,81 +0,39%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ:

Forsendur kjarasamninga bresta í haust

EFNAHAGSHORFURNAR Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, telur að forsendur kjarasamninga bresti í haust þó að vísitala hafi lækkað upp á síðkastið. Húsnæðisverð hafi haldið áfram að hækka, verðstríð hafi geisað og gengið lækkað.

„Það er ekkert í spilunum sem segir að það mat okkar sem var til staðar fyrir mánuði standi ekki í öllum aðalatriðum þrátt fyrir þessa einstöku mælingu.“

Við teljum að það séu allar líkur á að forsendur kjarasamninga bresti í haust,“ segir hann. „Húsnæðisverð hefur verið

að hækka þó að breyting hafi verið gerð á útreikningi á húsnæðiskostnaði. Það er bara tæknileg breyting og því kemur vaxtabreytingin frá því í haust inn með meiri þunga en áður,“ segir hann.

„Matvara heldur áfram að lækka, fyrst og fremst vegna þess að verðstríð hefur geisað, sérstaklega milli lágveruverslana.“

Við höfum ekki trú á því að þetta ástand geti varað nema í takmarkaðan tíma. Hvenær sú bóla springur vitum við ekki. Gengi krónunnar er líka að lækka.“

- ghs



HALLDÓR GRÖNVOLD „Matvara heldur áfram að lækka, fyrst og fremst vegna þess að verðstríð hefur geisað, sérstaklega milli lágveruverslana. Við höfum ekki trú á því að þetta ástand geti varað nema í takmarkaðan tíma,“ segir Halldór Grönvold.

Breska lávarðadeildin:

27 nýir lávarðar

LONDON, AP Breska ríkisstjórnin tilnefndi í gær 27 nýja þingmenn í lávarðadeildina, þar af 16 úr Verkamannaflokknum. Þetta er í fyrsta skipti sem Verkamannaflokkurinn hefur flesta þingmenn í þessari efri deild þingsins. Lávarðadeildin er ekki lýðræðislega kosin heldur eru meðlimir hennar oftast en ekki skipaðir af ríkisstjórninni.

Lávarðadeildin staðfestir eða sýnir lögum úr neðri deild þingsins. Neðri deildin hefur þó vald til þess að virða ákvarðanir lávarðadeildarinnar að vettugi og gerðist það nú síðast þegar refaveiðar voru bannaðar á Bretlandseyjum. ■

Sjávarútvegurinn hættur að skipta máli

Þrátt fyrir erfiða stöðu margra sjávarútvegsfyrirtækja vegna sterkrar stöðu krónunnar segir sjávarútvegsráðherra ekki tilefni til aðgerða. Lýsandi fyrir að sjávarútvegur skiptir ekki lengur máli, segir forstjóri Síldarvinnslunnar.

SJÁVARÚTVEGUR „Það er ástæða fyrir því að Síldarvinnslan hefur ákveðið að hætta vinnslu á þorski í landi,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Niðurstöður nýrrar skýrslu um hágengi sem margir innan sjávarútvegsins hafa beðið eftir liggja fyrir og þrátt fyrir að útvegsfyrirtæki búi við erfið rekstrarskilyrði þykir vart tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu greinarinnar í heild.

Þessar upplýsingar eru ekki uppörvandi fyrir marga, svo sem Samtök fiskvinnslustöðva, sem von áttu á raunhæfum tillögum frá nefndinni. Björgólfur segir þetta lýsandi dæmi um að sjávarútvegurinn sé hættur að skipta máli í þjóðarbúskapnum.

„Ég átti í raun ekki von á neinum sérstökum tillögum frá nefndinni eins og aðrir enda nokkuð ljóst að hátt gengi krónunnar en nokkuð sem veltur á fjölmörgum þáttum



NIÐURSTÖÐURNAR KYNNNTAR Friðrik Már Baldursson, prófessor við HÍ, og Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra kynntu langþráða skýrslu hágengisnefndarinnar í gær. Þrátt fyrir slæma stöðu margra fyrirtækja er staða greinarinnar í heild bærlæg og telur fjármálaráðuneytið að hagnaður sjávarútvegs á árinu verði svipaður og hann var allan síðasta áratug.

og ekkert einfalt að bregðast við. Staðan er sú að við hjá Síldarvinnslunni höfum ákveðið að draga saman seglin eftir getu og meðal þess sem við gerðum var að hætta vinnslu á þorski í landi enda treystum við okkur ekki til að reka vinnslu á núllinu.“

Hágengisnefndin leggur fram tillögur til að stemma stígu við háu gengi en mælir ekki með neinni þeirra. Ekki sé viðunandi að gripíð verði inn í aðgerðir Seðlabankans en hækkan bankans á stýrivöxtum er ein meginástæða gengishækkunar. Frekar er talið ráðlegt að beita fjármálastefnu ríkisins til að gefa bankanum svigrúm til að draga úr aðhaldi með frestum stórfamkvæmda og skattalækkana.

Bent er á að samkeppni ríkisins á íbúðalánamarkaði sé ein rót vandans og gefi það tilefni til að endurhugsa hlutverk Íbúðalánasjóðs. Enn fremur er bent á að lækkan veiðigjalds gæti haft jákvæð áhrif en ekki er mælt með slíku þar sem slík lækkan hefi engin áhrif á hag fiskvinnslunnar, sem er sú grein sem höllustum fæti stendur.

Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra segir koma sér á óvart hversu sterkur íslenskur sjávarútvegur sé í heild sinni. „Afkoman þrátt fyrir allt er ekki verri en hún var allan síðasta áratug en kröfurnar eru orðnar meiri. En það er ekkert sem fram kemur í skýrslunni sem gefur tilefni til að fara í sér-tækar aðgerðir.“ albert@frettabladid.is



LANDHELGISGÆSLAN VIÐ SELJAVEG Á árinu stendur til að flytja alla starfsemi Landhelgisgæslunnar frá Seljavegi yfir í Skógarhlíð í Reykjavík. Stjórnstöð Gæslunnar flutti í gær og er nú í sambýli við Neyðarlínu og fjarskiptamiðstöð lögreglu.

Stjórnstöð Gæslunnar:

Úr þakhýsi í kjallara

LANDHELGISGÆSLAN Landhelgisgæslan flutti í gær stjórnstöð sína frá Seljavegi 32 í Reykjavík þar sem hún hefur verið í 51 ár á efstu hæð. Stjórnstöðin er nú í kjallara í Skógarhlíð þar sem Neyðarlínan var fyrir.

Á árinu stendur svo til að flytja alla starfsemi Gæslunnar yfir í Skógarhlíð í álmu sem er í smíðum. Viðbrigðin eru hins vegar tölulverð fyrir starfsmenn stjórnstöðvarinnar sem fara úr ríflega 110 fermetrum á efstu hæð í 60 fermetra í kjallara sem þeir deila með öðrum. Þá bætir stjórnstöðin við sig verkefnum og tekur samkvæmt samningi við Siglingastofnun við stjórn vaktstöðvar siglinga og stýrir eftirlæðis tilkynningaskyldu og strandstöðvabjónustu. - ók

REYKJAVÍK

OR LÆKKAR VATNSVERÐ Orkuveita Reykjavíkur ætlar að bjóða Kópavogsbæ að kaupa vatn á sama verði og Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Í greinargerð frá OR segir að vatnsverð til Kópavogsbæjar hafi verið byggt á yfirverði sem var tölulvert herra en verð sem samdist um við hin bæjarfélögin.



BJÖRGÓLFUR JÓHANNESSON Hjá Síldarvinnslunni hafa menn dregið saman seglin og hyggjast ekki vinna afurðir í landi sem ekki gefa af sér tekjur. Mörg smærri vinnslufyrirtæki eiga í miklum rekstravandræðum.



BLAÐBERI Á SELFOSSI Albert Ísleifsson er einn þeirra morgunglöðu Selvfýsinga sem sjá um að dreifa Fréttablaðinu í hús.

Fréttablaðið á Selfossi:

Vaknar hálf sex

BLAÐBURÐUR Albert Ísleifsson, sem er 14 ára gamall, er einn af nýjum blaðberum Fréttablaðsins á Selfossi. Dreifing blaðsins á hvert heimili á Selfossi hófst í gær. Albert er þó ekki óvanur blaðburðinum því hann hefur síðustu tvö ár borið út Fréttablaðið með DV á Selfossi. „Ég verð að vakna klukkan hálf sex á hverjum morgni og ber Fréttablaðið út í þrjú hverfi á Selfossi. Nú eftir að dreifing hófst á Selfossi erum við um 10 blaðberar hérna,“ segir Albert. ■

Vinumarkaður:

Dregur úr atvinnuleysi

ATVINNA Atvinnuleysi hefur ekki verið minna í rúm tvö og hálf ár, það mældist 2,3 prósent í apríl og þarf að fara aftur til september 2002 til að finna dæmi um að atvinnuleysi hafi verið minna, en þá var það 2,2 prósent.

Fleiri voru atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu, 2,5 prósent, en landsbyggðinni, tvö prósent. Atvinnuleysi var minnst meðal karla á Vestfjörðum, 0,6 prósent samkvæmt tölum Vinnu-málastofnunar. Mest var það meðal kvenna á Norðurlandi eystra, 2,9 prósent. - þþg


Veðrið

VÍÐA SVALT! Það má reikna með að margir séu á faraldsfæti þessa helgi og fá þeir þokkalegasta veður. Yfirleitt verður vindur hægur um helgina og þúrt að mestu þótt það séu líkur á þokubökkum með ströndum. Það kólnar nokkuð, sérstaklega norðaustanlands þar sem hitinn gæti farið nokkuð nærri frostmarkinu. Sunnudagur og mánudagur verða nokkuð bjartir en í dag verður heldur þungbúnara. Það er ágætt að sitja úti í kuldagallanum og sötra kakó í svona veðri.



Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	13°C	sk.m.köflum	Edinborg	15°C	sk.m.köflum
London	15°C	sk.m.köflum	Stokkholmur	16°C	sk.m.köflum
Paris	15°C	rigning	Barcelona	21°C	sk.m.köflum
Budapest	21°C	sk.m.köflum	Helsinki	14°C	sk.m.köflum


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Norðanált. Nokkur vindur í fyrstu en lægir þegar liður á daginn.

Mánudagur



Fremur hæg breytileg átt og svalt, sérstaklega norðaustanlands.

NÁM Í HÓLASKÓLA VAXANDI ATVINNUGREINAR

ferðamál fiskeldi fiskalífrræði hrossarækt reiðmennska

Hagnýtt og vandað starfsnám á háskólastigi þar sem fræði og framkvæmd eru vel samþætt.

UMSÓKNARFRESTUR: 10. JÚNÍ

Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkrúkur
s: 455-6300, www.holar.is



14.900

Gasgrill, Omega 200 EX

Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw, tvískiptur brennari, emeleruð grillgrind, hitagrind, hliðarborð neistakveikja, þrústíjafnari, hraunsteinar. 3000235



Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum. **e6 tilboðið** stendur fyrir engautborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Gasyljari, ryðfrír

23.900

Fyrir veröndina eða sólpallinn, 13 KW brennari, hitar vel til hliða. Rafeindakveikja og hitastillir. Hæð 228 sm. Tekur venjulegt gashylki. 2999717



Öflugur innri hitavarpur
Brennari úr ryðfríu stáli
Öflugur ytri hitavarpur

100% öryggisloki
Kveikjuhnappur

- Útviður (kónískur) brennari, sem kemur í veg fyrir "kalda bletti", þar eð hitinn endurvarpast beint frá innfeldri ryðfrírri skál á ytra net, sem gefur betri virkni og sparar gas.
- Hitarinn er á hjólum sem auðveldar flutning.



9.895

Sláttuvél, Texas Garden

100 W, með grassafnara. 5085121

Hjólbörur, 85 lítra

5080041

Verð áður 5.988
3.795



17.900

Reiðhjól 24" svart/silfur

KLY24-1145A. Dempari að framan og aftan, álstell með V-bremsum og álrömmum. Tvöfaldar algjardir og álstýri. Gírbúnaður er Shimano TY- 23 handskipt 21 gír og afturskiptir er SL-RS41. Dekkjastærð er 24X2.10. 3899941

Ráðgjöf



Stanislas Bohic garðhönnuður veitir ráðgjöf í Húsasmiðunni Borgarnesi, 14. maí næstkomandi frá 10-16. Tímabantanir í síma 525 3000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið simi@husa.is.



Kantskeri

5084403

Verð áður 1.995
1.595

Stunguskófla

5084069

Verð áður 1.995
1.595

Malarskófla

5082506

Verð áður 1.295
895

Gleðilegt sumar!



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál



KJÖRKASSINN

Eiga þingmenn að halda þingsæti sínu ef þeir skipta um flokk á kjörtímabilinu?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is

Já	20,2%
Nei	79,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú á leik í Íslands-mótinu í fótbolta?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Sænska söng- og leikkonan Monica Zetterlund:

Lést í eldsvoða í Stokkhólmi

SVIÞJÓÐ Hin heimsþekktu sænska söng- og leikkona Monica Zetterlund fór í eldsvoða í Stokkhólmi í fyrradag.

Eldur kom upp í íbúð hennar í miðborg Stokkhólms og var Zetterlund látin þegar slökkvilið kom á vettvang. Hún var fötluð og bundin hjólastól síðustu ár ævinnar.

Monica Zetterlund sló í gegn sem djasssöngkona skömmu fyrir 1960, þá tæplega tvítug, og söng sig inn í hug og hjórtu djassunnenda um allan heim. Hún söng meðal annars með heimsfrægum djassistum á borð við Thad Jones, Bill Evans og Louis Armstrong. Sömuleiðis naut hún mikillar hylli í heimalandi sínu

sem leikkona og lék bæði í kvikmyndum og sjónvarpi. Hún kom til Íslands í lok áttunda áratugarins og hélt tónleika ásamt Pétri Östlund og fleirum.

Meðfædd hryggskekkja og slyss sem Zetterlund varð fyrir sem barn batt enda á feril hennar sem leikkonu en hún hélt áfram að syngja þrátt fyrir að vera komin í hjólastól. Síðasta plata hennar, Bill Remembered, kom út fyrir fimm árum. Monica Zetterlund var 67 ára gömul þegar hún lést. ■

MONICA ZETTERLUND Var dáð djasssöngkona víða um heim á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar.



Danska þingið:

Vill draga úr gosdrykkju

DANMÖRK Meirihluti er fyrir því í danska þinginu að gefa út opinbera tilskipun þess efnis að ungmenni undir 18 ára aldri eigi ekki að drekka meira en hálfan lítra af gosdrykkjum á viku.

Heilbrigðisyfirvöld telja þetta mikilvægt skref í baráttu gegn gegndarlausu gosþambi danskra barna og unglunga. Kannanir sýna að 80 af hundruði þeirra neyta sykurs í óhöfi og megnið af honum innbyrða þau í formi gosdrykkja. Til samanburðar sýna kannanir að íslenskir unglingar á aldrinum 15-19 ára drekka að meðaltali hálfan lítra af gosi á dag. ■

Alþýðusambandið:

Vill áminna Kínverja

MANNRETTINDI Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hefur ritað Ólafi Ragnari Grímssyni forseta bréf vegna heimsóknar hans til Kína og lýst áhyggjum sínum af stöðu mannréttindamála í Kína. Grétar vill jafnframt að forsetinn komi þessu á framfæri við kínversk stjórnvöld.

Í bréfi sínu lýsir Grétar einkum áhyggjum af því að forystumenn frjálsra stéttarféлага hafi verið fangelsaðir og launafólki bannað að nota verkföll til að knýja fram kjarabætur. - **bjg**

Norska ríkisstjórnin:

Sker niður fé til hermála

NOREGUR Norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að skera niður fjárframlög til hermála á þessu ári um nærri sex milljarða íslenskra króna.

Ákvörðunin er tekin í ljósi þess að ekki alls fyrir löngu kom í ljós að hermálafyrirvöld fóru gróflega fram úr fjárheimildum á síðasta ári og nam umframkeyrslan um ellefu milljörðum króna. Fengu yfirmenn hersins og varnarmálaráðherrann heldur bág fyrir en héldu embættum sínum engu að síður. ■



ÍBÚAR Á GRUND Auka þarf fjármagn ef fækka á öldruðum sem þurfa að deila herbergjum með ókunnugum.

Um þúsund aldraðir deila herbergjum

Ekki er hægt að búast við endurbótum á gömlum hjúkrunarrýmum nema stórauðnir fjármunir fáist til framkvæmda. Þó eru öll ný rými byggð með það að augnamiði að þar geti fólk verið út af fyrir sig.

ALDRADIR Um 950 aldraðir einstaklingar búa í herbergjum með öðrum á hjúkrunarstofnunum og eru þá frátalin hjón og sambúðarfolk. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi. Víða í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við gildir löggjöf sem bannar fjölbýli á öldrunarstofnunum með þeim rökstuðningi að það stríði gegn grundvallarreglu um friðhelgi einkalífsins.

Ef ná á þeim áfanga hér á landi þarf að kosta til 7-9 milljörðum og miðað við þann tæpa milljarð sem varið er í framkvæmdir í þessum málaflokki árlega tæki langan tíma að leiðrétta þetta ástand, segir í svari ráðherra.

Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir ástandið slæmt, sérstaklega á eldri stofnunum. Samkvæmt úttekt sem nefnd á vegum Félags

eldri borgara gerði árið 2004 virðast þó ný viðmið gilda þegar nýjar stofnanir eru byggðar en þar búa 73% einstaklinga í einbýli.

Að spurður hvort úttekt hafi verið gerð á vilja eldri borgara til þess að vera í einbýli segir Ólafur að slík úttekt hafi ekki verið gerð nýlega en síðast þegar það var gert lýsti yfirgnæfandi meirihluti einstaklinga því yfir að helst vildu þeir vera út af fyrir sig. Ólafur gerir sterklega ráð fyrir að svo sé enn. Eins tekur Ólafur sérstaklega fram að auk þess sem margir þurfi að deila stofnum með bláokunnugu fólki sé

víða mannekla sem bitni á þjónustunni.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sagði í samtali við blaðamann að ekki væri hægt að búast við því að hægt yrði að ráðast í endurbætur á gömlum stofnunum. Aðaláhersla væri lögð á það núna að öll ný hjúkrunarrými væru einbýlisrými og sökum þess hve biðlistar væru langir þyrfti að verja þessum fjármunum í nýbyggingar. Mun meiri peninga þyrfti í geirann ef hægt ætti að vera að gera endurbætur á gömlum rýmum. Samstarfssamningur væri í gildi við Landssamband eldri borgara og stefnt að því að fjölga einbýlum á öldrunarstofnunum skref fyrir skref.

oddur@frettabladid.is

„Skáldið er í ham ... Bítlaávarpið er skemmtileg saga, stráksleg og gosaleg í sprúðlandi stílnum.“
Páll Baldvín Baldvínsson, DV

Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004

5. sæti
Skáldverk - líkur
Premíur Eymundsson og Bókabíóte MM 4. - 10. maí

„Mikið vor og glettmi í þessari bók ... skemmtilestur.“
Gauti Kristmannsson, RÚV

Bítlaávarpið
Einar Már Guðmundsson

Tilboðsbók mánaðarins
30% afsláttur

Mál og menning
edla.is

www.plusferdir.is

NET plus

Feneyska Rivieran 1. júní, 6. júlí og 17. ágúst Verð frá 46.620 kr.* á Res Madrid í 7 nætur. 63.620 kr. ef 2 ferðast saman.	Costa del Sol 9. júní, 7. júlí og 18. ágúst Verð frá 39.560 kr.* á Santa Clara í 7 nætur. 49.830 kr. ef 2 ferðast saman.
Mallorca 1. júní, 13. júlí og 10. ágúst Verð frá 34.930 kr.* á Piti Lari Playa í 7 nætur. 46.730 kr. ef 2 ferðast saman.	Portúgal 13. júní, 11. júlí og 1. ágúst Verð frá 35.800 kr.* á Elimar í 7 nætur. 48.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Innifalið er flug, gisting, fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.
*Verðdæmi miðast við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja - 11 ára, ferðist saman.

plús FERÐIR

Hlíðasmára 15 • 201 Kópavogur • Sími 535 2100 • www.plusferdir.is

Könnun nemenda við Háskólann í Reykjavík:

Tap af kennitölulflakki á annan milljarð


KENNITÖLUBRASK Sjö af hverjum tíu fyrirtækjum hafa borið fjárhagslegan skaða af kennitölulflakki samkvæmt könnun nemenda í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Þar af hafði fjórðungur þeirra fengið að kenna á kennitölulflakki sex sinnum eða oftar svo fjárhagslegur skaði hlytist af. Aðeins tvö af hverjum tíu fyrirtækjum sem spurð voru í könnuninni sögðu kennitölulflakk ekki vera alvarlegt vandamál í íslensku atvinnulífi.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Könnun nemenda við Háskólann í Reykjavík leiddi í ljós að kennitölulflakk skaðar sjö af hverjum tíu fyrirtækjum fjárhagslega.

Alls bárust svör frá 354 fyrirtækjum og þau þeirra sem orðið höfðu fyrir tjóni námu það svo að þau hefðu samtals tapað rúmlega einum og hálfum milljarði vegna kennitölulflakks á síðustu fimm árum.

Samtök iðnaðarins hefja nú herferð gegn kennitölubraski en það var álit flestra sem þátt tóku í könnuninni að þörf væri á frekari reglu eða lagasetningu til að koma í veg fyrir kennitölulflakk. - **jse**



ÍSLENSKA AUCIÝSINGASTOFNAN ÍA.IS | 01 27883 05/05

Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti

1. | UMFERÐ KARLA

mán.	16. maí.	17:00	Valur - Grindavík
mán.	16. maí.	17:00	ÍA - Þróttur R.
mán.	16. maí.	17:00	Fram - ÍBV
mán.	16. maí.	19:15	Keflavík - FH
þri.	17. maí.	20:00	Fylkir - KR

1. | UMFERÐ KVENNA

mán.	16. maí.	14:00	KR - Stjarnan
þri.	17. maí.	20:00	Breiðablik - Valur
þri.	17. maí.	20:00	Keflavík - FH
þri.	17. maí.	20:00	ÍBV - ÍA



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



VEISTU SVARIÐ?

- 1** Úr hvaða skipi er skrifan sem Landhelgisgæslan náði upp í fyrradag?
- 2** Hverju mótmæla stuðningsmenn Manchester United þessa dagana?
- 3** Hvaða lag söng Selma á blaðamannafundi í Kænugarði?

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Fjallgöngumenn fari að öllu með gát og fylgist með verðurhorfum um hvítasunnuhelgina:

Snjóflóðahætta í Örfæfajökli

HVÍTASUNNUFERÐIR Merki eru þess að snjóflóð hafi fallið á Virkisjökulsleið uppi á Örfæfajökli í vikunni, að sögn Einars Sigurðssonar fjallaleiðsögumanns, en hann hefur farið 190 ferðir upp á Hvannadalshnúk.

Á annað hundrað manns hyggjast ganga á Hvannadalshnúk nú um hvítasunnuhelgina, þar af um eitt hundrað manns á vegum Ferðafélags Íslands.

Einar segir að mjög hafi rignt síðastliðinn sunnudag en þá snjóar og skefur uppi á jöklinum. „Þarna var um 50 sentimetrar nýfallinn snjór ofan á harðri fönn um síðustu helgi,“ segir Einar og



HVANNADALSHNÚKUR Einar Sigurðsson fjallaleiðsögumaður var með í för þegar snjóflóð féllu skammt frá uppgöngunni á hvítasunnu fyrir ári. Hann segir merki þess að mikið snjóflóð hafi fallið á Virkisjökulsleið í gær eða fyrradag. Sú leið er falleg og brött og vinsæl til uppgöngu. Myndina tók Vilhjálmur Ari Arason.

bendir á að mesta hættan á snjóflóðum sé þegar hitnar vel eða í miklum rigningum. „Full ástæða er til þess að fara að öllu með gát þegar lagt er á tindinn. Ef veður og skilyrði verða heppileg ætla ég með hóp upp Sandfellsleið, en varla er hægt að mæla með því að tugir manna fari upp Virkisjökulsleið um hvítasunnuna,“ segir Einar.

Myndin sýnir snjóflóð sem féllu í sjálfum Hvannadalshnúk um hvítasunnuna fyrir ári örskammt frá uppgöngunni. Þótt flóðið virðist ekki stórt er brún þess um tveggja metra há.

- jh

Héraðsdómur Reykjavíkur:

Skarst frá nefi niður í munn

DÓMSMÁL 22 ára gamall maður var á fimmtudag dæmdur í hálfársfangelsi fyrir að slá annan mann, 25 ára að aldri, með glerflösku í andlitið þannig að hún brotnaði og sá hlaut djúpan 5 sentimetrar langan skurð frá nefi og niður að vör. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða hinum 200 þúsund krónur í bætur, en krafist hafði verið 1,2 milljóna. Refsingin var skil-orðsbundin í þrjú ár.

Árásin átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Glaubar í Reykjavík 19. desember árið 2003, en árásarmaðurinn bar við nauðvörn og sagði hinn hafa kallað sig „helvítis útlending“. Hann sagði kærustu sína og vinkonu hennar hafa „lent í veseni“ þar innandyra.

- óká

DANMÖRK

STRANDADI Í FASTASVEFNI Flutningaskipið Munsu strandaði í gær við eyna Piparhólma í Kattegat en þessi eyja er uppfylling gerð af mannahöndum. Í ljós kom að skipstjórnin var einn í brúnni steinsofandi en syfjuna mátti rekja til þess að hann hafði verið að drekka áfengi. Skipið sem er skráð í Beliz var á leið frá Lettlandi til Noregs.

GRUNSAMLEGT DUFT Í BRÉFI

Dönsku ræðismannsskrifstofunni í New York barst í vikunni bréf sem innihélt grunsamlegt duft. Starfsmenn óttuðust að duftið væri eittrað en efnagreining leiddi í ljós að svo var ekki. Nýlega bárust svipuð bréf, með dönsku frímerki, til sendiráðanna í Vín og Stokkhólmi. Eftir að miltisbrandi var dreift með pósti eftir árásirnar 11. september 2001 óttast menn óþekktar sendingar.

Olúuafgreiðsla í verðmætu bryggjuhúsi

Olíudreifing er með olúuafgreiðslu í einu elsta bryggjuhúsi Íslendinga. Olíu er dælt úr slöngu sem liggur utan á húsinu, tíu metra frá fjöruborðinu, og eru varnir litlar. Olían rennur beint út í sjó ef slys verður.

SEYÐISFJÖRÐUR Olíudreifing er með olúuafgreiðslu í einu elsta bryggjuhúsi Íslendinga á minjasvæði Tæknimínjasafns Austurlands á Seyðisfirði. Um er að ræða stórt og mikið bryggjuhús, Þórshamarshúsið sem er eitt af síðustu bryggjuhúsum á Íslandi. Það er töluvert illa á sig komið en talið vel viðgerðarhæft. Húsið er í eigu Hettu, dótturfélags Kers.

Þórshamarshúsið stendur á stólpum úti í sjó og er með áfasta bryggju sem er við það að falla í sjóinn. Bryggjan er vel viðgerðarhæf með nýju dekki. Inni í húsinu er olíudæla og utan á húsinu hangir slangan. Olíu er dælt á olíubíl með tengivagni að meðaltali einu sinni á dag.

„Þetta er með ólíkindum. Það hangir slanga í fjöruborðinu utan á húsinu. Ef eitthvað gerist þá rennur olían beint í sjóinn,“ segir Pétur Kristjánsson, forstöðumaður Tæknimínjasafns Austurlands.

Pétur kveðst hafa reynt að fá Ker til samstarfs en það hafi gengið erfiðlega.

„Þetta er ekki einhver kofi heldur menningarverðmæti. Stórfyrirtæki hefur hagnast á starfsemi þess



MENGUNARVARNIR ERU LITLAR Olúuafgreiðsla er á vegum Olíudreifingar í einu elsta bryggjuhúsi Íslendinga sem sjá má á þessari mynd. Það er inni á minjasvæði Tæknimínjasafns Austurlands á Seyðisfirði. Ef slys verður þá rennur olían beint í sjóinn því að slangan hangir utan á húsinu og varnir eru litlar.

þessu svæði og það er skylda þess að sinna þessum menningarverðmætum og varðveita bæði sína eigin sögu og sögu þjóðarinnar. Þetta er eitt af fáum bryggjuhúsum sem eftir eru á Íslandi,“ segir hann.

Hörður Gunnarsson, forstjóri Olíudreifingar, segir að samkvæmt lögum hafi félagið svigrúm út þetta ár til að færa olíudæluna og efla mengunarvarnir. Stefnt sé að því að hætta starfsemi í húsinu og byggja nýjan olúugeim nær loðnubræðsl-

unni í september. „Við verðum réttu megin áramóta með þessari úrbætur á staðnum,“ segir hann.

Á Seyðisfirði er flotgirðing til að bregðast við mengun í sjó og í bílunum sjálfum eru áfyllivarnir.

„Við erum með efni til að bregðast við ef eitthvað stórkostlegt gerist,“ segir Hörður. „Það eru eins miklar varnir og hægt er miðað við að það er ekki búid að uppfæra stöðina.“

ghs@frettabladid.is

„Blóðug, fyndin og töff“

Nú í kilju

„Bók í anda Tarantinos, hæfilega blóðug og hæfilega fyndin. En umfram allt töff.“
Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntir.is

„Það er kraftur í bókinni.“
Björn Þór Vilhjálmsson, Mbl.

„Skyldulesning... Fantavel skrifuð.“
Páll Baldvin Baldvinsson, Ísland í dag.

„Mjög vel skrifuð bók.“
Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

3. sæti Skildverk - kiljur
Penny Lymundsson og Bókabóttir Mbl
4.-10. maí

Mál og menning
edda.is

Vandamál að finna húsinu hlutverk

SEYÐISFJÖRÐUR Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers, segir að áætlanir geri ráð fyrir að það kosti 60-70 milljónir króna að gera við Þórshamarshúsið á Seyðisfirði. Ekki hafi tekist að finna því hlutverk og því hafi ekki verið tekin ákvörðun um viðgerðir eða framtíð hússins.

„Við erum tilbúin til að gefa húsið þeim sem vilja taka það til varðveislu en kostnaðurinn við að gera við það er bara mjög hár. Það hefur verið erfiðleikum bundið að finna því hlutverk og engin heildarlausn fundist. Það er vandamálið,“ segir hann.

-ghs

Bandaríkjamenn flytja hermenn heim:

Engin fækkun á Íslandi

VARNAARMÁL Bandaríkjamenn hafa ákveðið að flytja 13 þúsund hermenn frá Þýskalandi og Suður-Kóreu. Þetta er liður í allsherjarniðurskurði þar sem til stendur að loka um 150 herstöðvum. Um þetta var tilkynnt í bandaríska varnarmálaráðuneytinu í gær. Þegar tilkynnt var um fyrrihugaðar breytingar í fyrra sagði George W. Bush forseti að til stæði að flytja 70 þúsund hermenn heim á næsta áratugnum. Meira en 200 þúsund bandarískir hermenn eru nú í herstöðvum víða um heim, flestir í Evrópu. Tilgangurinn með þessum aðgerðum er að gera herinn sveigjanlegri og stytta viðbragðstíma hans ásamt því sem kostnaður lækkar.

Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir að varnarmál Íslands séu í ákveðnum farvegi eftir fundi Davíðs



BUSH BANDARÍKJAFORSETI Bandaríkin ætla að fækka hermönnum erlendis.

Oddssonar með George Bush og Colin Powell fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ekki sé búist við því að Banda-

ríkjamenn dragi herlið sitt héðan án þess að hafa um það samráð við hérlend stjórnvöld.

- óá

Er raflögnin orðin gömul eða úr sér gengin?

Hefur þú áhyggjur af öryggi fjölskyldunnar?

ÓKEYPIS SKOÐUN!

Við hjá **Rafsól** skoðum eldri raflagnir og gerum kostnaðaráætlanir á þeim úrbótum sem þurfa þykir, húseigendum að kostnaðarlausu.

Upplýsingar í síma 553 5600

Fyrirbyggjum slys - aukum öryggi!

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík

Rafsól hf. er löggiltur rafverktaki og starfar í Reykjavík og nágrenni.



BMW.WilliamsF1Team

Mark Webber á Íslandi



Keppnisbíllinn er kominn og er til sýnis í Hagkaupum Smáralind.



Mark Webber áritar í Hagkaupum Smáralind, mánudaginn 16. maí frá kl. 13:00-14:00

Taktu þátt í Formúlu 1 leik Hagkaupa í tilefni heimsóknar Mark Webber til Íslands. Skrifðu nafnið þitt og símanúmer á kassastrimilinn og þú ert kominn í pottinn. Fjórir heppnir þátttakendur komast á Silverstone kappaksturinn 9.-10. júlí. Í vinning er flug, gisting og miðar á kappaksturinn. Auk þess eru 10 formúla 1 rafmagns kappakstursbílar fyrir börn í vinninga. Dregið verður 29. maí í beinni útsendingu á RÚV.

- Rafmagnsbíll 12v fyrir 3 ára og eldri
- Lengd 160cm
- Hleðslubatterí og hleðslutæki



HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

Íslensk bílasala auglýsir glæsikerru til sölu:

Rolls Royce á 42 milljónir

BÍLAR Bílasalan Sparibíll býður nú til sölu bíl af gerðinni Rolls Royce Phantom árgætt 2005. Bíllinn sem um ræðir er staðsettur í Bandaríkjunum og kostar hingað kominn litlar 42 milljónir. Þó skal tekið fram að aðflutningsgjöld og tollar reiknast sem að minnsta kosti helmingur upphæðarinnar og vilji kaupandi bruna um þjóðvegi Ameríku á kagganum þá þarf ekki að borga nema rétt um 20 milljónir fyrir hann.

Bíllinn er heil 450 hestöfl og slagrými vélarinnar er 6800 rúmsentimetrar. Þetta afl skilar 2,5 tonna þungum bílnum upp í

100 kílómetra hraða á aðeins 5,9 sekúndum. Leðurklætt áklæðið er handsaumað og bíllinn settur saman samkvæmt kúnstarinnar reglum, engir róbótar þar á ferð. Eins gott er líka að eiga smá afgang fyrir bensíni því bíllinn eyðir nær 25 lítrum á hverja 100 kílómetra, sannkallaður hákur. Eitt er þó víst; flestir mundu líta við og horfa á eftir þessum á rúntinum og skiptir þá engu máli hvort fólk hefur nokkurn sérstakan áhuga á bíl-um yfirleitt. Samkvæmt upplýsingum frá bílasölnni hafa þó engar alvöru fyrirspurnir borist enn í bílinn.



ROLLS ROYCE PHANTOM Hugsanlegur kaupandi þarf að reida fram 42 milljónir til að kaupa bílinn sem yrði væntanlega einn sá glæsilegasti ef ekki sá glæsilegasti sem sæist á götum landsins.

- óá

Vogur sérhæfi sig í morfínfíkn

Lagðar eru til ellefu breytingar á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur í skýrslu sem lögð hefur verið fyrir á Alþingi. Heilbrigðisráðherra telur tillögu um miðlæga innlagnarstöð mjög athygliverða.

SKÝRSLA Kallað er á viðamiklar breytingar á þjónustu fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi í skýrslu sem starfshópur á vegum trygginga- og heilbrigðisráðuneytis hefur unnið og lögð hefur verið fyrir Alþingi. Skýrslan er hluti af undirbúningi að mótun heildarstefnu um uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana sem samþykkt var á Alþingi vorið 2002.

Í skýrslunni eru lagðar fram ellefu tillögur til að bæta þjónustuna. Meðal annars er lagt til að sett verði á fót miðlæg innlagnarmiðstöð og skráning, sem gæfi möguleika á stýringu í úrræði við hæfi hverju sinni. Einnig að Sjúkrahúsið Vogur sérhæfi sig í meðferð við fíkn í morfín og skyld efni.

„Það hefur verið lögð mikil vinna í þetta og menn hafa lagt sig mjög eftir að greina þennan geira sem er því miður stór og vax-



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Jón Kristjánsson segir skýrsluna vel unna og margt í henni athyglivert. Hins vegar skýrist ekki fyrir en á næstu mánuðum hvað af tillögum starfshópsins verði að veruleika.



SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR Sjúkrahúsið Vogur hefur starfað í meira en tuttugu ár. Sjúkrahúsið sinnir vímuefnaneytendum og öðrum fíklum.

andi,“ segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sem telur margar tillögur starfshópsins athygliverðar, sérstaklega um miðlæga innlagnarmiðstöð. Farið verði yfir tillögunar en ekki hafi verið tekin ákvörðun um það enn hverju verði hrint í framkvæmd. „Eg reikna nú með að þingið muni láta sig skýrsluna einhverju varða,“ segir Jón en það verði þó að öllum líkindum ekki fyrir en á næsta þingi í haust. „Það skýrist á næstu mánuðum hvað við treystum okkur í af þessu.“

Aðrar tillögur starfshópsins miðuðu að því að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu, að fjár-

veitingar verði bundnar við málaflökk en ekki stofnanir og að rekstrarleyfi verði einungis veitt að uppfylltum skilyrðum. Bent var á að starfsemi sé of bundin við höfuðborgarsvæðið og að sveitarfélög gætu komið öflugar að málaflökknum. Of mikil áhersla sé lögð á innlagnir á stofnanir, en of lítil að sama skapi á vægari meðferðarúrræði, heilsgæslu og göngudeildarþjónustu. Úrræði þurfi að vera fjölbreyttari með tilliti til þarfa mismunandi hópa. Starfshópurinn leggur enn fremur áherslu á að rannsókna sé þörf á sviðinu.

solveig@frettabladid.is

Umferðarstofa hefur áhyggjur af símanotkun:

Hjólreiðafólk talar í farsíma á ferð

HJÓLREIÐAFÓLK Það færir í vöxt að hjólreiðafólk taki upp símann á meðan það er á ferð. Þetta telur Sigurður Helgason hjá Umferðarstofu fara illa saman.

„Þótt það sé leyfilegt, lögum samkvæmt, að tala í síma á hjóli þá er krafan um fulla einbeitingu við akstur alveg jafn mikilvæg hjólreiðafólki og ökuönnunum vélknúinna ökutækja,“ segir Sigurður og leggur á það áherslu að það verði að hafa auga með þessu, sérstaklega þegar vinsældir hjólreiða aukast nú dag frá degi.

Sólver H. Sólverss, formaður Fjallahjólaklúbbsins tekur undir þetta og segir mikilvægt fyrir hjólreiðafólk að koma sér upp búnaði sem komi í veg fyrir að það skapi hættu með því að taka upp símann á ferð. „Það er alveg eins með hjólin og bílana, hand-



HJÓLREIÐAMAÐUR Á FERÐ Það getur verið hættulegt að taka upp símann á fullri ferð.

frjáls búnaður er það eina sem getur tryggt það að báðar hendur séu á stýrinu,“ segir Sólver

og hvetur hjólreiðafólk til þess að verða sér úti um slíkan búnað.

-mh



Vorhreinsuninni er lokið!

Þökkum góðar undirtektir

Í vorhreinsuninni sáu

starfsmenn Reykjavíkurborgar

um að fjarlægja allan

almennan garðaúrgang, en

ekki stóra trjástofna, timbur

vegna framkvæmda eða rusl

úr geymslum.

Slíkt sjá íbúar um að koma til

endurvinnslustöðva Sorpu.

www.reykjavik.is


Símaver Reykjavíkurborgar

4 11 11 11



Reykjavíkurborg

sumir fara aldrei fram úr aftur 



HVÍTA HÚSID / SÍA - 2795

FBL GREINING: FRÍVERSUNARSAMNINGAR

Tryggi viðskipti á jafnréttisgrundvelli

Davíð Oddsson utanríkisráðgjafi og Bo Xilai, utanríkisviðskiptaráðgjafi Kína, undirrituðu í síðustu viku samkomulag um að hefja undirbúning að fríverslunarsamningi milli þjóðanna. Ísland er eina landið á norðurhveli sem hefur gert slíkt samkomulag við Kína. En til hvers eru fríverslunarsamningar gerðir?

Breytingar á sviði alþjóðastjórn mála og framfarir í tækni, flutningum og fjar-skriptum hafa dregið úr áhrifum fjarlæggða og landamæra á viðskipti, opnað lönd og álfur og gefið einstaklingum og fyrirtækjum nýja möguleika til athafna. Þegar segja má að markaðssvæði fyrirtækja nái um allan heim er nauðsynlegt að tryggja þeim aðgang í fjarlægum löndum á jafnréttisgrundvelli.



Á vegum Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, hafa verið gerðir fríverslunarsamningar við fjölda ríkja á síðasta áratug. Samningarnir veita íslenskum útflytendum tollfrjálsan aðgang að mörkuðum í viðkomandi löndum. Það er sér-

stakt einkenni samninganna að fríverslunin nær til fiskis og fiskafurða eins og í viðskiptum milli EFTA-landanna en gagnstætt því sem er til dæmis í samningum Íslands við ESB þar sem einungis var samið um tollaívilnanir þannig að

ýmsar fisktegundir og sjávarafurðir bera misháa tolla við útflutning til ESB. Fríverslunarsamningar EFTA við lönd utan ESB líkjast þeim samningum sem gerðir hafa verið á milli EFTA-ríkja sjálfra, það er þeir eru um fríverslun með iðnaðarvörur, unnar landbúnaðarvörur, fisk og fiskafurðir. Í tengslum við þessa samninga eru sérstakir tvíhliða samningar á milli einstakra EFTA-ríkja og hvers starfslands fyrir sig um verslun með önnur landbúnaðarvörur. Auk þess að fella niður tolla og innflutningstakmarkanir ná fríverslunarsamningar EFTA einnig til fjölmargra atriða, svo sem samkeppnisreglna, hugverkaréttar og ríkisstyrkja, og innihalda ákvæði um að aðilar samninganna geti þróað samskipti sín á öðrum sviðum svo sem um þjónustuviðskipti.

SPURT & SVARÐ
NÝ SKÝRSLA UM GENGISÁHRIF
Á SJÁVARÚTVEGINN

ARNAR SIGMONDSSON framkvæmdastjóri samtaka fiskvinnslustöðva.

Tillögur vantar

Nefnd sem skipuð var til að gera úttekt á áhrifum gengishækkunar á íslenskan sjávarútveg hefur lokið störfum. Arnar Sigmondsson, framkvæmdastjóri Samtaka fiskvinnslustöðva, hefur lengi beðið niðurstöðunnar.

Vantar beinar tillögur

Skýrslan er góð í alla staði og vel unnin eins og við var að búast. Þar kemur fram að staða greinarnar í heild er bærilæg en það sem ég sakna og átti von á er tillögur til að stöðar þeim vinnslufyrirtækjum í sjávarútvegi sem eru og hafa verið að berjast í bökkum. Ég hafði gert mér vonir um slíkt en svo er ekki.

Krónan byrjuð að gefa eftir

Nefndin metur það svo að þar sem krónan hefur gefið eftir allra síðustu daga sé vart tilefni til að ætla að staðan verði verr en hún var þegar gengið stóð sem hæst. Auðvitað veit enginn hvert framhaldið verður en það er svekkjandi að meðan krónan hefur styrkst hefur verðbólga verið há. Það er fyrst núna sem gripið hefur verið til aðgerða varðandi breytingar á vísitölunni.

Staðfestir grun manna

Skýrslan staðfestir að greinarnar innan sjávarútvegsins standa misjafnlega, eins og reyndar allra útflutningsfyrirtækja í landinu. Fiskvinnslan stendur lakar en útgerðin en í mörgum tilfellum er um eitt og sama fyrirtæki að ræða og það jafnað út. Hátt gengi kemur við öll fyrirtæki sem í útflutningi standa og því lá fyrir að ef í aðgerðir hefði verið farið hefði það þurft að ná yfir öll fyrirtæki í útflutningi.

Aldurshnignun Evrópu

Spár um lýðfræðilega þróun Evrópu á næstu 45 árum benda til þess að þrátt fyrir innflytjendastraum muni íbúum fækka og hlutfall aldræðra stórhækka.

Valdas Adamkus, forseti Litháens, sagði í stefnuræðu sinni fyrir skemmstu að þjóðin stæði frammi fyrir þremur stórum áskorunum. Ein þeirra væri „að stöðva útdauða þjóðarinnar“.

Þessi orð Litháensforseta endurspeglar þær áhyggjur sem evrópskir ráðamenn hafa af lýð-

snarlækkuð fæðingartíðni saman við fólksflóttu; unga fólkið flykkist úr landi til að leita atvinnu og betri lífskjara í hinum ríkari löndum álfunnar. Hundruð þúsunda manna, mest ungt fólk, hafa flust frá Litháen frá því landið endurheimti sjálfstæði sitt árið 1991. Straumurinn hefur að sögn frekar aukist en hitt frá því landið fékk aðild að Evrópusambandinu fyrir ári, þar sem aðildin gerir Litháum auðveldara að fá atvinnuréttindi í öðrum ESB-löndum. Reiknað hefur verið út að búast megi við því að íbúafjöldi Litháens falli úr 3,5 milljónum nú í um þrjár milljónir árið 2050. Horfurnar eru síð skárri í hinum Eystrasaltslöndum; reiknað er með að íbúatala Lettlands muni á sama tímabili dragast saman um 19,2 prósent og Eistlands um 16,6 prósent.

Innflytjendur hægja á fólksfækkuninni

Íbúum Evrópu hefði fækkað um 4,4 milljónir á tímabilinu 1995 til 2000, sem samsvarar um 1,2 prósentustigum, ef ekki hefðu fimm milljónir innflytjenda streymt þangað á þessu tímabili, að því er segir í nýjustu skýrslu Sameinuðu þjóðanna um hag- og félagsþróun í heiminum (UN World Economic and Social Survey). Íbúum Þýskalands, fjölmennasta lands álfunnar utan Rússlands, hefði farið fækkandi allt frá árinu 1970 ef engir hefðu verið innflytjendurnir. Eurostat spáir því að íbúatala Þýskalands muni, þrátt fyrir áframhaldandi innflytjendastraum, lækka um 9,6 prósent fram til ársins 2050, niður í 74,6 milljónir.

Jafnvel þótt að meðaltali komi um 600.000 innflytjendur árlega til Evrópu umfram það fólk sem flytur þaðan, eins og skýrsluhöfundar SP reikna með að gerist á árabílinu 2000-2050, eru samt sem áður horfur á að heildaríbúafjöldi Evrópulandanna dragist saman um 96 milljónir á þessu tímasekið. Á sama tíma fjölga fólki í öllum hinum heimsálfunum, reyndar misórt, mest í Asíu og Afríku.

Samkvæmt útreikningum hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, mun innflytjendastraumur til Evrópusambandslandanna valda því að íbúunum fjölgi tímabundið um rúmlega þrettán milljónir á næstu 20 árum. Þannig muni íbúum núverandi ESB-landanna 25 fjölga í 470 milljónir árið 2025. Næstu 25 ár þar á eftir mun þeim fækka aftur um 20 milljónir að sögn Eurostat, en þessar tölur eru alveg í samræmi við útreikninga SP sem áður er vitnað til. Hlutfall fólks sem er yfir 65 ára aldri mun líka hækka mikið, úr 16,4 prósentum nú í rétt tæp 30 prósent árið 2050.

„Hvort sem okkur líkar betur eða verr mun rík Evrópa með síminnkandi hlutfall íbúafjölda



„GAMLA EVRÓPA“ Franskur afi með barnabarn í almenningsgarði í París. Hugtakið „gamla Evrópa“ hefur fengið nýja merkingu nú þegar stórir árgangar Evrópubúa eru að komast á eftirlaun en færri og færri börn fæðast í álfunni.

heimsins alltaf verða segull á innflytjendur, og reyndar þurfa á þeim að halda,“ sagði Terry Davis, forseti Evrópuráðsins, á ráðstefnu í síðasta mánuði um lýðfræðilegar breytingar í álfunni, í kjölfar birtingar skýrslu um sama efni sem unnin var á vegum stofnunarinnar.

Davis skoraði á ríkisstjórnir Evrópulanda að grípa til ráðstafana til að ýta undir barneignir Evrópubúa. Allt of margt í vinnu- og atvinnureglum, skattkerfi o.s.frv. væri íþyngjandi fyrir fólk sem vildi samræma atvinnuframa og barneignir. Þessu yrði að breyta.

Ört „gránandi“ þjóðfélög

Hlutfall íbúa ESB-landa á aldrinum 15 til 64 ára, virkasta atvinnu-aldurinn, mun að líkindum lækka úr 67,2 prósentum árið 2004 í 56,7 prósent árið 2050, samkvæmt útreikningum Eurostat. Það samsvarar samdrætti um 52 milljónir manna á atvinnualdri. Fyrirsjáanlegt er að þessi samdráttur verði

mikil byrði á vinnandi íbúa álfunnar, sem munu þurfa að fjármagna heilbrigðisþjónustu og lífeyrkerfi samfélaga sem eru sífelld á eldast. Reiknað er með að hæst verði hlutfall aldræðra á Spáni, 35,5 prósent allra íbúanna, árið 2050. Reiknað hlutfall vinnandi hluta íbúanna á þann hluta sem þiggur velferðarþjónustu verður þá 93:100 á Spáni, samkvæmt útreikningi SP. Ef engir kæmu innflytjendurnir til Spánar á þessu tímabili yrði þetta hlutfall 100:100 samkvæmt sömu spá. Það þýðir að hver vinnufær einstaklingur myndi í raun þurfa að fjármagna framfarirslu eins barns eða eftirlaunabæga.

Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu Evrópuráðsins eru íbúar Evrópulandanna nú þegar langelstir allra landa heims. Meðalaldur Evrópubúa er meira en tíu árum hærra en meðaltal alls heimsins.

„Fólksfækkunin sýnir hve mikilvægt það er að ríkisstjórnirnar taki á vandanum sem fylgir



FRÉTTASKÝRING
LÝÐFRÆÐISLEG PRÓUN
EVROPU

AUDUNN ARNÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

fræðilegri þróun í löndum álfunnar. Skýrslur sem stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa birt á síðustu misserum benda allar í sömu átt: Mikil lækkan fæðingartíðni stefnir í að valda talsverðri fólksfækkun í álfunni á næstu áratugum. Minni fæðingartíðni, ásamt hækkingu meðalaldri, mun einnig valda miklum breytingum á aldurssamsetningu Evrópubúa, sem mun verða mikil prófraun fyrir félagsleg kerfi landanna sem í hlut eiga. Þótt innflytjendur sem streyma til hinna ríkari landa álfunnar dragi að nokkru leyti úr þessum vandamálum skapa þeir jafnframt önnur ekki síður erfið úrlausnarefni.

Í Litháen, sem og í mörgum öðrum fyrrverandi austantjaldslöndum, eru horfurnar sérstaklega alvarlegar þar sem þar fer

Súpersól til Portúgal

8. júní

frá kr. 39.995

Í Algarve fer allt saman sem þrýða má gott frí. Því hafa þær þúsundir Íslendinga sem heimsótt hafa þennan heillandi áfangastað á vegum Terra Nova komist að. Nú bjóðum við frábært tilboð til að njóta alls þess sem þessi heillandi staður hefur að bjóða. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. 25. maí - 4 sæti laus frá kr. 39.995 í 2 vikur.

Kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn. Súpersól tilboð, 8. júní í viku.

Kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna. Súpersól tilboð, 8. júní í viku.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 • www.terrannova.is
Akureyri Sími: 461 1099





BANDARÍKJASTJÓRN MÓTMÆLT
Stuðningsmenn libónsku skæruliðahreyfingarinnar Hezbollah efndu í gær til mótmæla fyrir framan bandaríska sendiráðið í Beirút, höfuðborg Líbanons. „Líbanon verður ekki sundrað,“ stendur á spjaldinu sem einn mótmælenda heldur á.



„gránandi“ samfélögum,“ sagði Amelia Torres, talsmaður framkvæmdastjórnar ESB.

„Áhrif fólksfækkunar verður meiri háttar viðfangsefni stjórnvalda á næstu áratugum. Bæði það hvernig málið horfir við Evrópubúum, með lækkandi fæðingartíðni og hækkandi hlutfalli aldraðra, og hvernig það horfir við heiminum í heild með hægari fólksfjöldun, endurspeglar einstæðar áskoranir sem krefjast samræmdra pólitískra aðgerða til skemmri og lengri tíma lítið,“ sagði Evrópuráðsforsetinn Davis. ■

Velkomin á Eyrarbakka

Veitingastaðurinn Rauða húsið á Eyrarbakka er nú flutt í glæsilega endurreist hús að Búðarstíg 4, sem byggt var í upphafi 20. aldar.

Af því tilefni er þér boðið á opnunarhátíð **laugardaginn 14. maí milli kl. 13 og 16.**

Komdu með alla fjölskylduna á skemmtun og upplifun í anda 19. aldar og njóttu dagsins með okkur.

Dagskrá Húsið - Byggðasafn Árnesinga frá kl. 13 - 16.

Kammertónleikar og söngur
Sýning á munum Hússins
Leikfélög á Suðurlandi spinna íslenska 19. aldar myndni
Hestvagnaferðir um Eyrarbakka fyrir alla fjölskylduna

Eyrarbyggjakirkja frá kl. 13 - 15.

Jórukórinn syngur
Söguganga um þorpið

Rauða húsið restaurant frá kl. 13 - 16.

Opið hús, heitt súkkulaði með „flødeskum“ og bakkelsi.

Kl. 22 leikur hjómsveitin Grái fiðringurinn fyrir fjörugum dansi í Plastiðjunni.

ENDURREISNARFÉLAGIÐ



Við óskum Rauða húsinu til hamingju

Húsasmiðjan Tandur Gæðafæði Kjörís Íslandsbanki A. Karlsson K. Karlsson Kjarnafæði Árvirkinn Landsbankinn Selfossi

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

THG FLYTUR Í FAXAFEN 9



Teiknistofa
Halldórs Guðmundssonar
Faxafen 9
108 Reykjavík

Sími 545 1600
Fax 545 1616
www.thg.is
thg@thg.is



High Peak Kira tjald fyrir 3
8.990 kr.



Robert Welch hnífapör
6 manna sett
24.950 kr.

BORD FYRIR TVÖ
KRINGLAN



Dúkur
2.300-5.000 kr.



Kodak DX 7590 og prentstöð
54.900 kr.

byggto**g**búið
Kringlunni
Smáralind 568 9400
554 7760



George Foreman snúningsgrill
8.999 kr.

skór.is



Brúðgumaskór - Take a walk
8.995 kr.

Jens



Bindisnæla/ermahnappar
7.800/8.600 kr.

byggto**g**búið
Kringlunni
Smáralind 568 9400
554 7760



Broil King Regal 20 XL
52.500 kr.

Gjafadagar

Jens



Hvítagullshjarta m/demöntum
65.200 kr.

HANS PETERSEN



42" Samsung plasmaskjár
199.900 kr.

byggto**g**búið
Kringlunni
Smáralind 568 9400
554 7760




Sterling gasgrill 1104
17.500 kr.

skór.is



Brúðarmeyjarskór - Timeless
4.995 kr.





Steikarsett, silfur
16.300 kr.



Char Broil Segua gasgrill
24.999 kr.



Brúðarskór - Piano
7.995 kr.



George Foreman heilsugrill
7.990 kr.



Kahla matardiskur, postulín
1.950 kr.



Colorado Lady Gönguskór
14.990 kr.



Kitchen Aid hrærivél,
matreiðslubók og svunta
Frá 35.910 kr.



Dúkur
1.400-3.600 kr.

12. - 22. maí

Veislustemning í göngugötu

Fallegri gjafavöru og veislubúnaði úr verslunum Kringlunnar stillt upp í göngugötu.

Brúðkaupsgjafaleikur

Þú gætir unnið **glæsilega gjöf** úr einhverri af verslunum Kringlunnar og brúðhjónin sem þú ætlar að samgleðjast gætu unnið **ferð fyrir tvo til San Francisco** með Icelandair.



Nýtt kortatímabil

Opið 10-18 í dag



www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verlanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Tíu þúsund þýsk börn létust í flóttamannabúðum í Danmörku eftir stríð.

Mannlegur harmleikur

Í tilefni af því að 60 ár eru liðin frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa menn víða í Evrópu rifjað upp styrjaldarárin, mannfórnir í stríðinu og margs konar mannlega harmleiki sem áttu sér stað meðan á stríðinu stóð og í kjölfar þess. Rússar minnst þessara tímamóta með margvíslegum hætti um síðustu helgi. Það er ekki aðeins að Rússar hafi minnst þessara tímamóta á Rauða torginu í Moskvu, heldur hafa þeir efnt til samkoma víða um heim, þar sem þeir hafa þakkað fyrir aðstoðina í stríðinu og heiðrað fjölmarga einstaklinga sem þar komu við sögu. Rússar hafa líka margt og mikið að þakka, en þeirra fórn var mikil í stríðinu. Samkvæmt tölum sem hafa verið rifjaðar upp í tilefni af þessum tímamótum létust hvorki meira né minna en 27 milljónir Sovéttmanna í síðari heimsstyrjöldinni, en alls létust um 40 milljónir manna í þessum miklu stríðsátökum.

Það er erfitt fyrir nútímafólk að skilja þetta, enda hafa margir Danir, eins og Jörgen Paulsen, framkvæmdastjóri Rauða krossins þar í landi, kallað þetta „myrkan kafla“ í þjóðarsögunni, sem þeir eigi að skammast sín fyrir.

Mörgum hefur verið hugsað til Þýskalands nasismans hér og annars staðar að undanförunu, og þá ekki síst vegna myndarinnar um síðustu daga Hitlers sem sýnd hefur verið hér fyrir fullu húsi dag eftir dag. En það er fleira sem hefur verið rifjað upp og sem stendur okkur Íslendingum nær.

Hvernig má það vera að 10 þúsund þýsk flóttabörn hafi dáið í flóttamannabúðum í Danmörku eftir stríðið vegna lélegs aðbúnaðar, matar- og lyfjaskorts? Það hefur ekki verið mikið rætt um örlög þessara barna fram til þessa, en nú hafa blossað upp umræður um þau í Danmörku eftir að Kirsten Lylloff varði doktorsritgerð sína við Kaupmannahafnarháskóla um örlög barnanna á dögnum. Hún er fyrrverandi yfirlæknir í Álaborg en hóf að rannsaka örlög barnanna árið 1997. Á síðustu dögum stríðsins hróktust fleiri hundruð þúsund Þjóðverjar undan Rússum vestur á bóginn og þeir sem ekki komust með skipum til þýskra hafna enduðu margir í Danmörku. Talið er að um 250 þúsund flóttamenn hafi komið þangað, og þar af voru mörg börn sem höfðu misst foreldra sína í stríðinu eða orðið viðskila við þá. Það eru örlög þessara barna sem hafa orðið tilefni umræðna í Danmörku. Lylloff gagnrýnir meðferðina á þeim harðlega í doktorsritgerð sinni, og dregur fram margar ófagrar lýsingar um meðferðina á börnunum. Aðrir reyna að bera í bætifláka fyrir meðferðina á þeim og vitna þá gjarnan til mikils haturs margra Dana á Þjóðverjum í og eftir heimsstyrjöldina, og að Danir hafi haft nóg með sig.

Við lestur á dönskum blöðum um þetta mál er meðferðin á börnunum óskiljanleg nú til dags. Að Danir, þessi friðsama og elskulega þjóð, sem leggur mikið upp úr því að borða góðan mat og hafa það þægilegt, skuli vera með það á bakinu að hafa lokað blessuð þýsku börnin inni í gaddavírgirtum flóttamannabúðum, þar sem mörg þeirra báru beinin. Það er erfitt fyrir nútímafólk að skilja þetta, enda hafa margir Danir, eins og Jörgen Paulsen, framkvæmdastjóri Rauða krossins þar í landi, kallað þetta „myrkan kafla“ í þjóðarsögunni, sem þeir eigi að skammast sín fyrir. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Prisvar þrir

Valsarar fara mikinn þessa dagana og leggja mikið undir á Íslandsmóti karla í fótbolta sem hefst á mánudag. Hluti af umsvifum þeirra skýrist af fyrirhugaðri uppbyggingu á Valsvæðinu. Samningar milli félagsins og Reykjavíkurborgar um uppbygginguna voru undirritaðir á dögnum og var þá mikið um dýrðir í Valsheimilinu. Grímur Sæmundsen, formaður aðalstjórnar Vals, fjalladi um gang samningaviðræðnanna og sagði margt hafa gengið á. Skýrði hann það með því að mikið hefði verið um manna-



breytingar í æðstu stöðum Reykjavíkurborgar. Þannig hefði þurft að eiga við þrjá borgarstjóra, þrjá borgarverkefðinga og þrjá borgarlögmenn frá upphafi viðræðna til endaloka þeirra. Undir þessari ræðu sat Steinunn Valdis Óskarsdóttir borgarstjóri, sem hélt næstu ræðu og sagði að þrátt fyrir þetta hefði aðeins verið einn formaður Íþrótt- og tótmundaráðs á þessum tíma, hún sjálf. Eithvað ku þetta hafa farið fyrir brjóstið á nokkrum áheyrendum því Anna Kristinsdóttir varð formaður Íþrótt- og tótmundaráðs árið 2002 og hætt við að einhverjum framsóknarmönnum þyki lítið gert úr sinni konu.

Sprengjan

Endurkoma Guðjóns Þórðarsonar til Ís-

lands virðist ætla að slá öll fyrri met um vandræðamál í fótbolta. Framan af síðasta hausti töldu Grindvíkingar sig eiga góða möguleika á að hreppa hann sem þjálfara sinn fyrir sumarið. Það gekk ekki eftir, meðal annars vegna þess að Guðjón hélt í vonina um að fá stjórnarstarf í Englandi, og í kjölfarið hrepptu Keflvíkingar stóra vinninginn, héldu þeir. Nú er Guðjón á braut aftur, og líklega á leið til þriðja félagsins sem hann stýrir í Englandi, Notts County. Spurning hvort sögunni er lokið.



brynjolfur@frettabladid.is

Af hverju ættum við að vilja vera svona?

Þegar ég var lítill drengur varð ég það sem gamlar konur vildu ef þær báðu mig um það. Jú, það var voða gaman í skólanum. Jú, ég var voða duglegur að læra. Jú, ég tók alltaf lýsi á morgnana. Jú, ég ætlaði að fara snemma að sofa. Við hvert svar urðu konurnar ánægðari með mig. Struku mér jafnvel um kinn um leið og þær horfðu á mig elskulegum augum. Þær sáu æskuna; óspjallaða, hreinlynda og fulla af fyrirheitum. Þegar ég slapp frá konunum rauk ég út, ruglaði vatnsgreiddan toppinn og fór að hugsa um namma, hvernig ég kæmist hjá því að læra heima og lét mig dreyma um að vaka fram eftir – helst yfir sjónvarpi og heimagerðum karamellum.

Við Íslendingar – eða sá þráður í okkur sem þjóðerniskennin hrísast um – er jafn barnaleg. Við virðumst ekki mega rekast á útlent fólk án þess að breytast í það sem við höldum að það vilji sjá. Jú, við borðum úldinn hákarl og súra hrútsþunga. Jú, við drekkum okkur dauð á hverri nóttu, risum upp að morgni og förum í það – í heitum hver. Jú, við tölum við forsætisráðherrann á hverjum degi. Hér þekkja allir alla.

Ekki veit ég af hverju við látum svona. Eða hvers vegna við viljum gefa þessa mynd af okkur. Ég man ekki til þess að ég hafi stigið fæti í heitan hver. Ég fór einu sinni í heita lækinn í Nauthólsvík áður en Hitaveitan skrúfði fyrir hann – en hann taldist varla til náttúruundra. Ég get borðað súrsaða hrútsþunga ef ég er manaður til þess en hef lært það af reynslunni að vera ekki innan um fólk sem það gerir. Mér hefur ekki dottið í hug að borða hákarl og efast um að ég láti verða af því úr þessu. Ég hef aldrei hringt í forsætisráðherra

LAUGARDAGSBRÉF

PRÁ ÍSLENDINGA EFTIR
FURÐULEGA VITLAUSRI
SJÁLFSMYND

GUNNAR
SMÁRI
EGILSSON



Hvers vegna vilja Íslendingar ganga inn í þessa delluhugmynd í hvert sinn sem útlendingar yrða á þá? Fagar og ljóshærðar, slompaðar og lauslátar konur sem baða sig í hverum og éta úldinn fisk. Hverjum datt þessi vitleysa í hug?

nema fá borgað fyrir það. Og hann svarar sjaldan. Stundum hefur meira að segja liðið ár án þess að forsætisráðherra svari fjölmiðlum sem ég hef unnið hjá. Ég gæti meira að segja trúað að íslenskir forsætisráðherrar eigi einhvers konar heimsmet í að láta ekki ná í sig. Ég á enga flík úr þæfðri ull – ekki nema gamla ullarsokka sem lentu óvart í þvottavélinni og passa núna á fimm ára. Ekki heldur veski úr steinbítroði. Ég þekki engan sem á veski úr steinbítroði. Ég hef aldrei heyrt neinn segjast trúá á álfa sem ekki hefur beint eða óbeint framfæri af því að halda slíkri vitleysu fram – er annað hvort í ferðabransanum eða

pólitík. Ég finn ekki til nokkurs skyldleika með víkingum fremur en aðrir Íslendingar. Ég veit að það eru haldnar víkingahátíðir fyrir atvinnulaust fólk frá Bretlandi í Hafnarfirði en það kemur okkur ekki meira við en ristilráðstefnur skandinavískra lækna á Radisson SAS (sem hét áður Hótel Saga og Bændahöllin, en nafninu var breytt þar sem Íslendingar vilja ekki láta minna sig á bændur og sögu af þeim að fljúgast á).

Auðvitað er hér margt fagurra kvenna og án efa einnig hraustir menn. En við höfum líka fengið okkar skerf af ófriðleik – eigum okkar skessur, sköss og herfur. Og það er sannarlega enginn teljandi skortur á liðónýtum vesalingum á Íslandi; hér eru menn latir og sérhlífir, duglitlir og máttvana ekki síður en meðal annarra þjóða. Heilt yfir er fólk hér alls konar – eins og víðast hvar annars staðar.

Hvers vegna vilja Íslendingar ganga inn í þessa delluhugmynd í hvert sinn sem útlendingar yrða á þá? Fagar og ljóshærðar, slompaðar og lauslátar konur sem baða sig í hverum og éta úldinn fisk. Hverjum datt þessi vitleysa í hug? Einhvers staðar í fjarska karlar með kraftadellu að jafnhatta hver öðrum. Þessi mynd sem við tókum á okkur fyrir útlent fólk er fremur furðuleg en fyndin – raunar svo gersamlega út í hött að hún er náttúrleg blindgata í öllum samræðum. Hvað er hægt að segja við svona fólk? Ósköp venjulegt vestrætt milli-stéttafólk með nokkra ljósatíma í aðlitinu, klettsalat og kotasælu í maganum og heimsmynd frá Reuters í hausnum. Maður brosir kurteislega og nógu lítið til að það virki ekki hvetjandi og bíður þess að það þagni. ■

Stökktu til

Rimini

26. maí frá kr. 29.990

Verð kr. **29.990** í viku
/ kr. 39.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 26. maí.

Verð kr. **39.990** í viku
/ kr. 49.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur – ath. enginn barnaafsláttur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 26. maí.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Rimini þann 26. maí. Nú getur þú notið fegursta tíma ársins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Helgarblað

DV

RÍKASTA KONA ÍSLANDS

Safnar
fasteignum
eins og aðrarkonur safna
skóm

Hefur
þú séð
DV í dag?

Góðir dagar í borginni – Listahátíð

UMRÆÐAN
LISTAHÁTÍÐSTEFÁN JÓN HAFSTEIN
FORMAÐUR MENNINGAR- OG FERÐA-
MÁLARÁÐS REYKJAVÍKUR

Listahátíð er nú árlegur viðburður í borginni og hefst um helgina með miklum látum. Hátíðin er fjölbreytt en meginþemað er myndlist í samtímanum þar sem hæst ris stórmerk sýning á verkum Dieters Roths sem er nú talinn stór áhrifavaldur í samtímalist síðari hluta 20. aldar. Roth var lengi búsettur á Íslandi og markaði djúp spor hér eins og víðar. Sýning á verkum hans í New York í fyrra var mögnuð og er nú komin til

landsins. En allt í kring eru gallerí og sýningarsalir sem steypa saman stefnum og straumum svo úr verður mikil næring fyrir myndlistarunnendur, en að auki koma frábærir gestir utan úr heimi með tónlist og sirkus, svo af nógu er að taka.

Hátíðin lýsir metnaði og öllum sem komu að undirbúningi er hér með þakkað fyrir hönd listunnenda um land allt, þetta verður flott hátíð.

Í Viðey getur nú að líta listaverk Ólafs Eliassonar, The Blind Pavillion, Blindi skálinn, á Sjónarhóli. Þetta verk vakti mikla athygli á Fenejartvíðeringnum 2003, og hefur ekki verið sýnt aftur fyrr en nú í Viðey. Ólafur bauð verkið fram endurgjaldlaust að láni í sumar og styrkti Menningar- og ferðamálaráð borgarinnar uppsetningu á verki Ólafs ásamt öðrum. Ráðið lagði auk

þess fé til þess að skólaborn yrðu virkir þátttakendur í undanfara hátíðarinnar með listamönnum sem sýna á henni. Þetta samstarf er af rakstur samnings sem menntayfirvöld í borginni gerðu við Listahátíð, og hér er boðað að áfram verði haldið á þessari gæfuríku braut – til að færa listir og menningu til fólksins, og með áþreifanlegum hætti til yngstu borgaranna. Undanfarna daga hafa tugir grunnskólaborna úr fjölmörgum skólum borgarinnar verið að störfum með listamönnum sem fram koma á hátíðinni í sköpunarsmiðju í Viðey. Sköpunarferlið sjálf með listamönnum hefur verið lærdómsríkt og hvort sem lítið er til menningarhliðar málsins eða menntaþáttarins þá er þetta gott í alla staði. En listahátíð er byrjuð og er fyrir alla – gleðilega hátíð. ■

MAÐUR VIKUNNAR

Duglegur
tækifærissinni

GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON ALÞINGISMAÐUR

Gunnar Örn Örlygsson sagði skilið við þingflokk Frjálslynda flokksins í vikunni sem leið og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Sumir segja þetta svik við þá sem kusu hann og við flokkinn. Aðrir segja Frjálslynda flokkinn hafa sveigt af braut og lofa þor þingmannsins að yfirgefa flokk sem hann telur sig ekki lengur eiga samleið með. Enn aðrir telja að sinnaskipti Gunnars megi rekja til þess að hann og varaformaður Frjálslynda flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, hafa lengi eldað grátt silfur saman.

Bandamenn Gunnars segja hann vera fylginn sér en andstæðingarnir telja hann svikulan og sumir ganga jafnvel svo langt að kalla hann siðblindan. Það er óhætt að segja að Gunnar sé frægur að endumum. Það var töluvert fjaðrafok í kringum Gunnar Örn í upphafi þingferils hans árið 2003. Þá hlaut hann þann vafasama heiður að vera fyrsti þingmaðurinn í sögu Alþingis til að sitja á bak við lás og slá þegar þing var sett um haustið. Hann aflánaði þá dóm sem hann hlaut fyrir bókhaldsbrot og brot á lögum um stjórn fiskveiða.

Gunnar er fæddur í Keflavík árið 1971, sonur Örlygs Þorvaldssonar flugumsjónarmanns og Guðbjargar Ernu Agnarsdóttur matráðskonu. Hann á átta systkin; fjóra bræður, þrjár systur og einn hálfbróður. Hann var fjörmikill krakki og fór snemma að stunda íþróttir af kappi, enda ber mönnum saman um að hann hafi ætíð verið keppismaður mikill. Hann þótti efnilegur knattspyrnumaður og lék með liði Njarðvíkinga. Sumir segja það synd að hann lagði knattspyrnuskóna snemma á hilluna. Hann á einnig glæstan feril að baki sem körfuknattleiksmaður en hann lék lengst af með liði Njarðvíkinga ásamt bróður sínum Teiti. Frægt er orðið þegar honum var skipt inn á í úrslitaleik Íslandsmótisins gegn Keflavík árið 1991. Þá gerði hann sér lítið fyrir og skoraði 27 stig og tryggði Njarðvíkingum Íslandsmeistaratilinn.

Líkt og margir Suðurnesjamenntu stundaði Gunnar sjómennsku á ýmsum fiskiskipum í tæpan áratug. Því næst sneri hann sér að fiskútflutningi. Þá

lynda flokksins að þeim sem þáðu af honum fisk.

Gunnar reynir eftir fremsta megni að láta drauma sína rætast. Hann skellti sér til dæmis í spænskunám á Malaga á Spáni árið 2000. Í beinu framhaldi flutti hann út frystar afurðir frá Íslandi til Spánar sem verktaki fyrir spænsk félag. Hann hefur einnig stundað nám við Den Danske Exportskole í Danmörku og lauk þaðan prófi í markaðs- og útflutningsfræðum.

Þeim sem þekkja Gunnar ber saman um að hann sé harðduglegur. Hann þykir skemmtilegur í umgengni; er íðulega hress í bragði og hugmyndafrók. Hann er laus við snobb og fer ekki í manganreinarálit. Sumum er það minnisstætt að hann kom ávallt eins fram við trillukarla og útgerðarmenn.

Gunnar kemur vel fyrir og þykir sjarmerandi við fyrstu kynni. Andstæðingar hans segja þó lítið búa þar að baki. Þeir segja hann ekki orðheldinn og lítið sé að marka það sem hann segi. Hann noti klisjur og stagl til að villa um fyrir viðmælendum sínum og geti sjaldan fært málfnaleg rök fyrir máli sínu. Einnig þykir ýmsum dómgreind hans glöppót, hann sé tækifærismennskan uppmáluð og sumir ganga jafnvel svo langt að segja hann siðblindan. Máli sínu til stuðnings vísa þeir til kæruleysislegra yfirlýsinga hans um sakamáli sín. Þeir sem best þekkja hann bera hins vegar í bætfláka fyrir Gunnar Örn og segja hann hafa hlaupið af sér hornin. Í dag sé hann þroskaður maður með breitt bak. ■



TEIKNING: HELGI SIG. - HUGVERKAS

gerði hann út bátinn Örlyg KE 111 á árunum 1999 til 2000.

Gunnari er lýst sem miklum ævintýramanni sem hiki ekki við að hrinda hugdettum sínum í framkvæmd. Hann fer oft ótroðnar slóðir og þykir æði hugmyndafrók. Til dæmis má nefna að í aðdraganda alþingiskosninga 2003 setti hann upp fiskmarkað við tjörnina í Hafnarfirði og gaf kjósendum ferskan fisk í soðið. Klæddur slorgallanum gaukaði hann svo stefnumálum Frjáls-

LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun um flokkaflakkara í blaðinu í gær er missagt að Þjóðvaki hafi fengið þrjá menn kjörna á þing 1995. Hið rétta er að þeir voru fjórir. Þá rann Þjóðvaki ekki inn í Alþýðuflokkinn heldur sameinuðust þingflokkar flokkanna undir nafninu Þingflokkur jafnaðarmanna.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.051 +1,33%

Fjöldi viðskipta: 415
Velta: 3.430 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Burðarás 3,57%
Actavis 3,20%
Straumur 2,19%

MESTA LÆKKUN

↓ Flaga -2,17%
Atorka -0,83%
Marel -0,36%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,90 +3,20% ... Atorka 6,00 -0,83% ... Bakkavör 34,00 +1,19% ... Burðarás 14,50 +3,57% ... FL Group 14,30 -0,35% ... Flaga 4,95 -2,17% ... Íslandsbanki 13,15 +0,77% ... KB banki 530,00 +1,34% ... Kögun 63,00 +0,80% ... Landsbankinn 16,80 +0,60% ... Marel 55,50 -0,36% ... Og fjarskipti 4,26 +0,71% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 11,65 +2,19% ... Össur 79,50 -

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Hugsanleg yfirtaka á Skandia

Burðarás og KB banki myndu hagnast verulega ef Old Mutual gerir tilboð í fyrirtækið

Skandia gæti orðið yfirtekið af Old Mutual, suður-afriksku tryggingarfélagi sem starfar meðal annars einnig í Bretlandi og Bandaríkjunum. Fjármálasérfræðingar álíta að Old Mutual sjái veruleg kaupþækifæri í gegnum þann hluta Skandia sem starfar á breskum markaði. Stjórnir félaganna eiga í viðræðum um mögulegt yfirtökubod Old Mutual sem gæti hljóðað að hámarki upp á 50 sænskar krónur í hlut. Gengi Skandia hækkaði um 20 prósent við tíðindin og fór upp í tæp-



GÓÐ FJÁRFESTING Burðarás hefur sennilega hagnast um 2,6 milljarða á 2. ársfjórðungi af fjárfestingu í Skandia. Old Mutual hefur hug á að gera tilboð í Skandia sem bæði Burðarás og KB banki eiga verulegan eignarhlut í.

ar 42 sænskar krónur á hlut.

Ekki er talið útilokað að aðrir fjárfestar vilji gera tilboð í Skandia. Þar hafa nöfn Burðarás og KB banka, sem eru meðal tíu stærstu hluthafa í Skandia, dúkkað upp ásamt Cevian Capital. Burðarás á 1,4 prósent í Skandia og hefur að auki rétt til að kaupa tvö prósent til viðbótar. KB banki áætlað að gengishagnaður Burðarás, á 2. ársfjórðungi, sé orðinn um 2,6 milljarðar króna með kaupréttinum. KB banki er 6. stærsti hluthafinn í Skandia með sinn 2,5 prósent hlut og gæti gengishagnaður bankans verið um 1,9 milljarðar króna á ársfjórðungi. Þessar tölur myndu svo hækka enn frekar ef tilboðið hljóðaði upp á 50 krónur á hvern hlut.

- eþa



RÓBERT WESSMANN Forstjóri Actavis vill ekki gefa upp hvaða félag sé næst á innkaupalistanum.

Actavis að kaupa félag

Viðskipti voru stöðvuð með bréf Actavis klukkan rúmlega ellefu í gærmorgun eftir að bréfin höfðu hækkað snögglega.

Klukkutíma síðar birtist frétt frá félaginu þar sem fram kom að Actavis væri langt komið í samningaviðræðum um kaup á öðru fyrirtæki.

Að sögn Róberts Wessmann, forstjóra Actavis, hefðu viðskipti ekki verið stöðvuð vegna þessa undir venjulegum kringumstæðum en í ljósi hækunarinnar og í samráði við Kauphöll Íslands hefði það nú verið gert.

„Við erum alltaf með fyrirtæki í skoðun. Sum eru komin lengra í ferli en önnur,“ segir Robert. Hann vill ekki að svo stöddu láta neitt uppi um það um hvaða félag sé að ræða að þessu sinni.

- þk



ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA Meidur fjárfestingarfélag hefur breytt heiti sínu í Exista í samræmi við breyttar áherslur í rekstrinum.

Exista verður til úr Meidri

Fjárfestingarfélagið Meidur hefur breytt nafni sínu í Exista ehf. Í tilkynningu frá félaginu segir að þetta sé liður í því að „aðlaga ásjónu félagsins að breyttum áherslum.“

Félagið er í eigu Bakkabræðra, KB banka, SPRON, Sparisjóða-bankans, Sparisjóðs Keflavíkur og fleiri sparisjóða. Stærstu eignir Exista eru í KB banka og Bakkavör. Eigið fé félagsins var um 27 milljarðar um síðustu áramót.

- eþa





Ágæti lóðarhafi, hefur þú tekið frá stæði fyrir hreyfihamlaða?


Og merkt það rétt?

Við verslunar- og skrifstofuhúsnæði, opinberar byggingar og þjónustumiðstöðvar þarf að gera ráð fyrir aðgengi fatlaðra.

1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir fatlaða, þó aldrei minna en eitt stæði.

 Merkja á stæðin með umferðarmerki (upplýsingamerki Do1.21 bifreiðastæði fyrir fatlaða, sem sjá má á www.vegag.is).

Einnig má nota  með undirmerki .

 Þegar taka á frá stæði fyrir fatlaðan einstakling má merkja það með skráningarnúmeri bifreiðar.

Bílastæðasjóður og Lögreglan í Reykjavík hafa nú tekið upp eftirlit með sérmerktum bílastæðum fyrir hreyfihamlaða inni á lóðum fyrirtækja og stofnana. Stæðiskort fyrir hreyfihamlaða veitir handhafa þess heimild til að leggja ökutæki í hin sérmerktu bílastæði, sbr. reglugerð 369/2000.



Bílastæðasjóður
...svo í borg sé leggjandi



Birkiplöntur 1.990
67 stk. skógarplöntur

allt að
70%
afsl. um helgina



Pórður á Akri verður í Blómavali í dag og kynnir lífræna grænmetisræktun og bíður lífrænt ræktaðar agúrkur á 249 kr/kg.



Sumarhátíð í Sigtúni



Í dag fá allir viðskiptavinir Blómavals í Sigtúni hvítasunnuliljur að gjöf



Garðsett
fjórir stólar, borð og sóhlíf
19.900



Gróðurmold 699
50 ltr. Verð áður 1.199



Grillaðar pylsur,
laugardag kl. 13-15
Emmess ís í eftirrött

Hoppukastali

Garðyrkjuráðgjöf
alla helgina

Opið alla
Hvítasunnuna



Úðadæla
tilvalin fyrir
garðaúðun 5 ltr. **999**



Lambhaga salat **129**

Íslenskar kryddjurtir **199**
timian, basillika, mynta
kóriander ofl.



Stjúpur **999**
30 stk. blandaðir litir



Petúniur
10 kr

Takmarkað magn
Hámark 3.stk. á mann



Stjúpur **799**
20 stk. hreinir litir



Hengilobelia **299**
Verð áður 499



Regnblómið **499**
vatnsúðari
Verð áður 2.995


blómaval
heillandi heimur

Reykjavík - Akureyri - Keflavík - Selfoss
Smáralind - Kringlan

UMMÆLI VIKUNNAR

„Samkeppnisstofnun gerði ríkisstjórninni það sem alls ekki mátti gera. Hún snerti hina ósnertanlegu. Hún snerti þá sem aldrei hafa þurft að bera ábyrgð á gerðum sínum. Hún snerti þá sem hingað til hafa setið á fremsta bekk á landsfundum stjórnarflokkanna og rakað saman fé í þeirra þágu.“

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, í umræðum um samkeppnismál á Alþingi 11. maí.

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Löggjöf eða eftirlit

Þingræði er ein leið til þess að starfrækja lýðræði. Löggjafarsamkoman setur borgurrunum lög, en á síðari árum hefur eftirlits-hlutverk þingmanna orðið áberandi. Til þess er ætlast að þingið hamli gegn spillingu, eða stundi hringingingar í nafni kjósenda. Fyrirspurnir og utandagskrárumæða eru eins konar skúringatæki þingmanna í þessu tilliti. Þeir vekja athygli á eigin baráttumálum, veita ríkisstjórninni aðhald eða koma einhverjum málum í sviðsljós fjölmiðlanna.

Nokkrar orðahnippingar urðu milli stjórnarandstæðinga og stjórnarliða á þingi um daginn um þetta efni. Þótti Birki J. Jónssyni, þingmanni Framsóknarflokksins, stjórnarandstæðingar orðnir full yfirgangssamir þegar á þeim mátti skilja að fyrirspurnir stjórnarliða væru orðnar margar og jafnvel sviðsettar í auglýsingaskyni.



Stór mál og smá

Dæmi eru um fyrirspurnir sem litla athygli vekja. Gunnar I. Birgisson spurði til dæmis umhverfisráðherra um fjölda mála hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála. Jafnframt

spurði hann um afgreiðslutíma slíkra mála. Svar Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra var forvitnilegt en vakti ekki athygli. Málin hjá nefndinni reyndust vera 77 talsins, þar af 20 óafgreidd frá árunum 2002 og 2003. Af þessum 20 málum, sem nú hafa legið tvö til þrjú ár hjá nefndinni, snertu 19 Reykjavíkurborg. Þau hefur ekki verið unnt að afgreiða vegna þess að Reykjavíkurborg hefur trassað að láta nefndinni í té gögn sem hún verður að fá í hendur frá lægri stjórnsýslustigum. Fram kom í svari Sigríðar Önnu að gögn hefðu ekki borist frá Reykjavíkurborg þrátt fyrir að gengið hefði verið eftir þeim, nú síðast með bréfi 12. apríl síðastliðinn. Af þessum sökum velti umhverfisráðherrann því fyrir sér hvort ástæða væri til þess að beita einhverjum viðurlögum.

Vera má að lítil fyrirspurn verði til þess að Reykjavíkurborg sjái sitt óvænna og skili gögnum. Hver veit.

VIKA Í PÓLÍTÍK JÓHANN HAUSSON

Verkfæri til stóráttaka



Sauðburður er hafinn og 63 þingmenn eru farnir í 140 daga leyfi frá þingstörfum. Þeir koma aftur saman til fundar við Austurvöll eftir fyrstu göngur, í byrjun október.

Kristinn H. Gunnarsson hóf umræðu í þinginu um þetta langa hlé og starfshætti þingsins um hádegisbil á miðvikudag. Hann uppskar litlar þakkrir stjórnarliða fyrir framtakið og vildu ýmsir meina að hann hefði með þessu uppátæki tafið þinglokin ótæpalega.

Síðustu þingvikunni lauk seint á miðvikudagskvöld með syrpu viðburða. Gunnar Örylgsson kvaddi Frjálslynda flokkinn og var tekinn inn í þingflokk sjálfstæðismanna samdægurs. Athygli vakti fjarvera Gunnars við atkvæðagreiðslu þennan dag í þinginu. Fjarveran er líklega skiljanleg þegar betur er að gáð. Átti Gunnar að verja síðustu tímumum í Frjálslynda flokknum til þess að greiða atkvæði gegn frumvörpum og tillögum Sjálfstæðisflokksins?

Halldór Blöndal stýrði sínum síðasta fundi sem forseti þingsins og setti hraðamet í atkvæðagreiðslu. Halldór ætlar ekki að gefa kost á sér í forsetaembættið á hausti komanda enda um samið að þá setjist Sólveig Pétursdóttir flokksystir hans í forsetastólinn. Halldór verður vitanlega áfram á þingi. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, þakkaði Halldóri fyrir hönd þingmanna en Halldór hefur stýrt þingfundum frá vormánuðum 1999. Eftirfarandi athugasemdir Ögmundar vakti kátinu í þingsalnum: „Þótti mörgum vita á stormasama sambúð hans við þingið hvernig hann handlék fundahamarinn í upphafi forsetaferils síns fremur sem verkfæri til stóráttaka en léttan smíðisgrip úr trjáviði.“

Bryndís Hlökkversdóttir, Samfylkingunni, ætlar að hætta á þingi enda búin að ráða sig til kennslu- og rannsóknastarfa við Háskólann á Bifröst. Ingibjörg Sól-rún Gísladóttir tekur sæti hennar í haust. Gunnar I. Birgisson ætlar að hætta, en hann sest í stól bæjarstjóra í Kópavogi 1. júní næstkomandi. Árni Mathiesen, Sigríður Anna Þórðardóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir eru í efstu sætum á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæminu ásamt Gunnari sem skipaði annað sæti. Öll eru þau ráðherrar. Gunnar verður bæjarstjóri.



GUNNAR ÖRYLGSÓN, ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Tekst Gunnari að hafa áhrif á sjávarútvegsstefnu Sjálfstæðisflokksins? Eða gekk hann í flokkinn vegna þess að hann er stefnunni sammála?



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON, ÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS „Litill drengskapur af hálfu Gunnars Örylgssonar að nota fylgi okkar til að styrkja ríkisstjórnina.“

Löglegt en siðlaust

Stjórnarskráin ver rétt þingmanna til að fylgja eigin sannfæringu en kjósendur hafa vald og segja sitt álit á stefnumálum og þingmönnum í kosningum. Eftir er að sjá hvort nýjum þingmanni Sjálfstæðisflokksins tekst að breyta sjávarútvegsstefnu flokksins. Svo getur líka verið að hann sé orðinn henni sammála.

Svikari var það orð sem einn af kjósendum Frjálslynda flokksins í Kópavogi notaði um Gunnar Örylgsson þingmann, sem á síðasta degi þinghaldsins sagði sig úr Frjálslynda flokknum og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Umræddur kjósendi bætti við, þar sem hann var nýstginn út úr flugvél á Reykjavíkflugvelli, að hann hefði kosið Frjálslynda flokkinn í síðustu kosningum til þess að styðja ákveðinn málstað sem Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, stæði fyrir, en vegna búsetu sinnar og kjördæmaskipunarinnar hefði hann orðið að greiða Gunnari Örylgssyni atkvæði sitt eins og 2.889 aðrir kjósendur í Suðvesturkjördæmi. „Er þetta leyfilegt og hvað um trúverðugleikann hjá liðhlaupa sem fyrir fáeinum dögum gagnrýndi stjórnarliða hástöfum?“ spurði kjósendinn úr Kópavogi.

Gunnar Örylgsson sagði sig úr Frjálslynda flokknum og var

tekinn í þingflokk Sjálfstæðisflokksins seint síðastliðið miðvikudagskvöld. Davíð Oddsson fagnaði liðsaukanum. Spurður um harða gagnrýni Gunnars á ríkisstjórnina og stjórnarliða svaraði Davíð: „Ja, það er nú hluti af því sem gerist að stjórnarandstöðupingmaður gagnrýnir stjórnarsinna. Þannig er það en hins vegar ef menn hafa horft og hlustað grannt á hans athugasemdir þá hafa þær nú fallið nær okkur heldur en sumra af hans fyrrum félögum í Frjálslynda flokknum. Það er ekki nokkur vafi að hann hefur staðið nær okkur en þeir,“ sagði Davíð að lokinni inntöku Gunnars í þingflokk Sjálfstæðisflokksins seint á miðvikudagskvöld.

Stundum segja íslenskir Eyrþúsambandsmenn að áhrif Íslendinga á ákvarðanir ESB verði meiri ef þeir ganga í sambandið. Utan þess séu þeir hins vegar dæmdir til að taka við tilskipunum og regluverki Eyrþúsambandsins án þess að hafa fengið tækifæri til að móta tilskipanirnar sjálfar. Vera má að Gunnar Örylgsson hafi hugsað eitthvað á þá leið að áhrif hans kynnu að verða meiri með því að ganga stjórnarliðum á hönd. Þannig gæti hann til dæmis haft áhrif á stefnumörkun í sjávarútvegi, sem er sérstakt áhugamál hans. „Í sjávarútvegsáttum hef ég tal- að fyrir breytingum, sem einkalega snúa að aukinni samkeppni á vísindasviðinu sem er forsenda árangurs. Frjáls samkeppni hugmynda er jafn eðlileg og samkeppni í atvinnulífnum,“ sagði Gunnar í yfirlýsingu sinni frammi fyrir þingheimi. Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lengi

haft svipuð baráttumál. Hann fagnar áreiðanlega liðsaukanum enda hafa sjónarmið hans í þeim efnum átt erfitt uppráttar hjá flokksforystunni.


En leyfist þingmanni að skipta svona um flokk? Eru þetta heilindi? Eru þetta svik?

Réttur þingmanna til þess að fylgja sannfæringu sinni er varinn í stjórnarskrá lýðveldisins. Í 48. grein segir: „Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.“

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands, segir þessa reglu eiga við flest ef ekki öll þjóðríki með lýðræðishæðir. „Þetta getur varla öðruvísi verið því ef þingmenn fylgja ekki sannfæringu sinni heldur reglum flokks eða kjósenda verða umræður á þingi marklausar. En þetta er lögformleg hlið málsins og pólitíska hliðin er önnur. Gunnar Örylgsson þarf að sannfæra kjósendur um að hann sé trúverðugur í athöfnum sínum. Þeir geta sagt sitt álit á honum í næstu kosningum. Gunnar þarf til dæmis að sannfæra kjósendur um að ad trúverðugt sé að ganga úr flokki sem hefur á stefnuskrá að hnekkja núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og í flokk sem komið hefur þessu sama kerfi á og stýður það í meginatriðum,“ segir Gunnar Helgi.

Í yfirlýsingu fyrir helgina segir miðstjórn Frjálslynda flokksins að það lýsi litlum drengskap af hálfu Gunnars Örylgssonar að nota fylgi kjósenda Frjálslynda flokksins til þess að styrkja ríkisstjórnina til verka þvert á hans eigin málflutning.

johannh@frettabladid.is



Markaðurinn á mannamáli

Nú þarftu ekki lengur að vera sérfræðingur til að fá botni á markaðsmálin. Hér eftir mun Markaðurinn fylgja Fréttablaðinu frítt alla miðvikudaga.

Í Markaðnum munum við leggja sérstaka áherslu á að fjalla á auðskilinn hátt um íslenska og erlenda markaði og viðskiptalíf. Við munum ekki einskorða okkur við stórvæðing heldur m.a. greina frá fólki sem vinnur góð verk í misstórum fyrirtækjum víða í þjóðfélaginu.

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkið



við erum með

opið

þegar aðrir loka

opið í öllum verslunum
10-11 hvítasunnudag
og annan í hvítasunnu



1011

...þegar þér hentar

AUGUST STRINDBERG
(1849-1912) lést þennan dag



„Ég dreymi og því er ég til.“

August Strindberg var sænskur rithöfundur. Hann er þekktastur fyrir leikrit sín og áhrif á stefnur leikhúsa.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÍSLENDINGABÓK

Hver var Magnús Einarsson?

Þekkir einhver til Magnúsar Einarssonar, föður Karls Kjerulfs Einarssonar Dunganons, „hertoga af St. Kildu“.

Magnús var fæddur um miðja nítjándu öld og var kaupmaður á Seyðisfirði og í Færeyjum. Hann flutti með eiginkonu sinni til Vestdalseyrar frá Kaupmannahöfn árið 1894 og svo aftur til Kaupmannahafnar 1897.

Enn er spurt Ekki hafa enn komið fram upplýsingar um föður Kristófers Bjarna Jónssonar sem spurt var um í þarsíðustu viku. Það er þó ljóst að heimildir hafa ruglað saman þremur einstaklingum og lesendur Fréttablaðsins hafa greitt aðeins úr þeirri flækju. Kristófer Jónsson, f. 1888, sjómaður í Reykjavík, var faðir Jóhönnu hjúkrunarkonu, Kristófer Jónsson, sem gekk undir viðnefninu „Kólumbus“, var verslunarmaður á Suðureyri við Súgandafjörð fram yfir 1930 og var ókvæntur og barnlaus. En enn vantar upplýsingar um föður Kristófers Bjarna Jónssonar, f. 1881, d. 1923.

Þeir sem kunna að hafa upplýsingar um viðkomandi eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við starfsfólk Íslandingabókar með tölvupósti á netfangið islandingabok@islandingabok.is, í síma 540 7496 eða með því að skrifa bréf til Íslandingabókar, Þverholti 18, 105 Reykjavík.

MERKISATBURÐIR

- 1922** Fimm skip farast og með þeim 44 sjómenn í aftaka-veðri við Vestur- og Norðurland.
- 1948** Ísraelsríki verður formlega til.
- 1955** Varsjársmningurinn er undirritaður
- 1973** Fyrsta bandaríska geimstöðin Skylab er send á sporbaug.
- 1998** Jóhanna Sigurðardóttir tal- samfellt í fimm og hálfra klukkustund á Alþingi.
- 2000** Rúta með fjórutíu eldri borgurum veltur í Hvalfirði.

ANDLÁT

Helga Sveinsdóttir, fyrrverandi síms- stöðvarstjóri, Vík í Myrdal, er látin.

Teresa Hallgrímsson, Tungötu 2, Grindavík, er látin.

Lára Sumarliðadóttir Gasch, 144-62 25th Rd, Flushing, New York, lést fimmtudaginn 5. maí.

Henry Langvad lést föstudaginn 6. maí. Jarðarförin hefur farið fram.

Guðrún María Eirika Egilsdóttir lést þriðjudaginn 10. maí.

Valgerður Finnbogadóttir, Bolungarvík, lést miðvikudaginn 11. maí.

Erla Sigmarsdóttir, frá Vestmanna- eyjum, lést miðvikudaginn 11. maí.

JARÐARFARIR

14.00 Magnús Einarsson, bifreiðastjóri frá Tjörnum, Strandaselí 11, Reykjavík, verður jarðsungi frá Stóradalskirkju undir Eyjafjöllum.

14.00 Sigfús Magnús Steingrímsson, Fossvegi 15, Siglufirði, verður jarð- sunginn frá Siglufjarðarkirkju.

14.00 Helga Friðriksdóttir, frá Krísthóli, Skagafirði, verður jarðsungi í kapellunni á Löngumýri.

14.00 Haralður Halldórsson, bifreiða- stjóri, Bleiksárlíð 14, Eskifirði, verður jarðsungi frá Eskifjarðar- kirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AFMÆLI



Ólafur Ragnar Grímsson forseti er 62 ára.

Sigríður Anna Þórðar- dóttir umhverfisráð- herra er 59 ára.



Anna Heiða Pálsdóttir bókmenntafræðingur er 49 ára.

Hreinn Hreinsson upplýsingafulltrúi er 37 ára.

Hildur H. Dungal, forstjóri Útlendinga- stofnunar, er 34 ára.

Meyvant Meyvantsson verður 75 ára mánudaginn 16. maí. Þeir sem vilja samgledjast honum eru hjartanlega velkomnir í Sunnusal á Hótel Sögu milli klukkan 15 og 18.



Afmælisbarnið afþakkar gjafir en opnaður hefur verið bankareikningur til styrktar Umhyggju, samtökum langveikra barna. Reiknings- númerið er 0317-05-70100.



KVIKMYNDASKÓLINN Fjölbreytilegur hópur ungra kvikmyndaðarmanna tilbúinn til að takast á við hin ýmsu verkefni.

TÍMAMÓT: FYRSTA ÚTSKRIFT KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

Munu láta mikið til sín taka

Kvikmyndaskóli Íslands útskrif- aði 11 nemendur í gær, í fyrsta skipti síðan skólinn var form- lega viðurkenndur af mennta- málaráðuneytinu. Þessir nem- endur eru nú orðnir kvikmynda- gærðarmenn. Hópurinn hóf nám haustið 2003 og hefur því verið í skólanum í 2 ár.

Námið í kvikmyndaskólanum er að stærstum hluta verklegt þótt bóklegur hluti námsins sé nú orðinn fyrirferðameiri en áður.

Markmið skólans er að efla íslenskan kvikmynda-, sjón- varps- og tölvuleikjáiðnað til mikilla muna og er nú svo komið

að skólinn er einn afkastamesti framleiðandi kvikmyndaefnis á landinu. „Skólinn er að fram- leiða mikið af leiknum stutt- myndum, tónlistarmyndbönd- um, auglýsingum, heimildar- myndum og skemmtiefni auk mikils magns af kvikmyndaef- ingum,“ segir Böðvar Bjarki Pétursson, formaður stjórnar skólans.

Skólinn hefur í undirbúningi þrjár nýjar brautir: handrita- braut, hönnunarbraut og leik- listarbraut. Nú þegar hafa verið lagðar inn námsskrár fyrir þess- ar brautir þar sem óskað er eftir

viðurkenningu á þeim frá menntamálaráðuneytinu. Í skól- anum er þverfaglegt andrúms- loft þar sem nemendur skólans koma úr ólíkum áttum og eru á öllum aldri. „Hér eru nemendur sem búnir eru með stúdentspróf, jafnvel háskólanám, og svo er auðvitað líka ungt fólk hér. Þetta er virkilega skemmtileg blanda og hér er þægilegt andrúms- loft,“ segir Böðvar og tekur það fram að hann bindi miklar vonir við þennan útskriftarhóp sem eflaust á eftir að láta til sín taka í íslensku kvikmyndaðarö. magnus.halldorsson@frettabladid.is

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna lýkur fimmtánda starfsári

Síðustu tónleikar stjórnandans

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna lýkur 15. starfsári sínu með tón- leikum í Skálholtskirkju í dag sem hún heldur ásamt Hátíðarkór Bláskógabyggðar. Ingvar Jónas- son hefur verið aðalstjórnandi hljómsveitarinnar og meginrif- fjöður frá upphafi.

Tónleikarnir í dag verða hans síðustu sem aðalstjórnandi hljóms- sveitarinnar en Oliver Kentish sellóleikari tekur við og hefur verið ráðinn til eins árs.

„Þetta er mikið skref fyrir mig en maður hefur verið í tónlist frá barnæsku,“ segir Ingvar sem var einn stofnfélaga Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Hann bjó í 19 ár í Svíþjóð og spilaði meðal annars með sinfóníunni í Malmö og óper- unni í Stokkhólmi auk þess sem hann kenndi bæði á fiölu og víólu

við tónlistarháskólana í Malmö og Gautaborg.

„Það er mjög góður andi í hljómsveitinni og fólk spilar sér virkilega til ánægju,“ segir Ing- var sem finnst Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hafa þróast í rétta átt.

Á tónleikunum í dag verða flutt kórverk eftir Mozart, Vivaldi, Bach og Fauré, einsöngs- mótetta eftir Mozart og trompet- konsert eftir Hummel. Tónleik- arnir hefjast klukkan fjögur og er aðgangur frír. ■

INGVAR JÓNASSON Lætur af störfum sem aðalstjórnandi Sin- fóníuhljómsveitar áhugamanna.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGASON



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blýbug við andlát og útför eiginmanns míns og föður okkar,

Hjálmar S. Helgasonar

Holtagerði 84, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd vandamanna

Kristbjörg Pétursdóttir,
Þórir Hjálmarsson,
Magni Hjálmarsson.

Okkar ástkæra systir,

Grönn Haraldsdóttir Civita

Lést á líknardeild St.Petersburg Florida þann 24. apríl síðastliðinn. Útförin hefur farið fram. Fyrir hönd fjölskyldu hinnar látnu og annarra ættingja.

Guðmunda Bergvinsdóttir
Jóhanna Haraldsdóttir Jones
Halldóra Haraldsdóttir Carroll
Haralður Ó Haraldsson
Guðjón Guðjónsson
Sigurjón Guðjónsson
Helena Guðjónsdóttir
Gísli Guðjónsson

David Jones

Guðrún Adolfsdóttir
Ingibjörg Óskarsdóttir

Björn Viðar Ellertsson
Nancy Guðjónsson

Heimsmaður í Hafnarfirði

Maður er nefndur **Carlos F.W.B. Hagen Lautrup III**, fæddur í Andesfjöllum í Chile öðru hvoru megin við 1940. Sjálfur er hann ekki viss, en foreldrar hans voru af spænskum, dönskum og þýskum ættum; faðir hans og afi voru heiðingjar. Fyrir fimm árum keypti hann sér lítið timburhús í Hafnarfirði eftir að þrumuguðinn Þór vakti hann upp um miðja nótt í Kaliforníu til að skipa honum til Íslands. **Pórdís Lilja Gunnarsdóttir** mætti Carlos á landamærum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Prófessor Carlos F.W.B. Hagen Lautrup III er heimsmaður fram í fingurgóma, en auk þess sprenglærður sálfræðingur, landfræðingur, mannfræðingur, leikari, rithöfundur og útvarpsmaður sem lungann af starfsævi sinni starfaði sem prófessor við UCLA- og Santa Monica-háskóla í Kaliforníu. Sem drengur í Andesfjöllum kynntist hann ásatrú í gegnum föður sinn og föðurafa og var því ekki ókunnur þrumuguðnum Þór þegar hann vaknaði upp við návist hans á heimili sínu í Malibu árið 1998.

„Sálfræðingar fást við tilfinningar, drauma og upplifanir, en sem fagmanneskja þarf maður að vera varkár í öllum yfirlýsingum. Sálfræðingurinn Abraham H. Maslow kom með hugtakið „peak experiences“ í kenningum sínum um sjálfsbirtingu, en það var sprottið af reynslu hans og fleiri sálfræðinga af upplifun fólks sem myndaði náin tengsl við náttúruna og á einhverjum tímum fann knýjandi þörf til að beina lífi sínu í annan farveg. Þetta átti einkum við fólk sem átti sameiginlegt að vera á meðvitaðri þroskabraut bæði tilfinningalega sem og vitsmunalega, en við slíka vitundarvakningu hefur undirmeðvitundin sent frá sér hljóð skilaboð til einstaklingsins um að breyta um lífsstíl. Sjálfur varð ég fyrir samskonar upplifun þegar ég var tólf ára og ákvað að verða landfræðingur, og aftur fyrir sjö árum.“

Vakning Þórs

Carlos svaf svefni hinna réttlátu á hestabúgarði sínum við Malibu-ströndina þegar klukkan sló þrjú að morgni og sterk nærvera Þórs vakti hann af værum blundi.

„Ég fann mjög sterkt fyrir Þór og skynjaði að ég yrði að halda til Íslands sem fyrst því sú ferð yrði mikilvægt skref í lífi mínu. Þegar ég steig svo á íslenska jörð í fyrsta sinn fannst mér ég loks kominn heim,“ segir Carlos sem á þeim tíma starfaði sem prófessor við háskólann í Santa Monica.

„Allt gekk vel í lífi mínu, en samt fann ég stöðugt fyrir óhamingju og óánægju. Bandaríkin eiga að heita land frelsis en eru það svo sannarlega ekki. Hver sem andmælir Íraksstríðinu eða talar gegn ríkjandi stjórnmöldum er stimplaður nasisti, hryðjuverkamaður eða vitleysingur, sem er mjög ógeðfellt. Ég kem úr akademísku umhverfi og er virtur prófessor, en af því að ég er ekki sammála bandarískum stjórnmöldum stendur þeim ógn af mér. Þetta er sorglegt því að landið er fallett og möguleikarnir miklir, en fólk er haldið fávísu með heilapvotti og sem kennari þurfti ég alltaf að tala mjög varlega,“ segir Carlos sem mætti allt öðru viðmóti þegar hann kom til Íslands.

„Þá fór ég á fund Ásátrúarfélagsins og hitti fólk sem leyfði mér að tala opinlegt og vildi endilega heyra meira. Mér fannst ég kominn heim eftir ævilanga útlegð, sagði upp stöðu minni við Santa Monica eftir þriðju Íslandsheimsóknina og flutti alkominn árið 1999, enda orðinn ástfanginn af konu í Ásátrúarfélaginu.“

Ástfanginn og einmana

Carlos hrifst af íslenskum konum, öfugt við margan útlendinginn sem finnst þær vera ógnun vegna sterks persónuleika, sjálfstæðis og ákafrar lífsorku.

„Mér fannst fagurt hvernig íslenska konan verður ástfangin, en við drógumst mjög fljótt eins og seglar hvort að öðru og fundum að við vildum eigast. Mig hefur alltaf dreymt um góða eiginkonu og



PRÓFESSOR CARLOS F.W.B. HAGEN LAUTRUP III Ég fann mjög sterkt fyrir Þór og skynjaði að ég yrði að halda til Íslands sem fyrst því sú ferð yrði mikilvægt skref í lífi mínu. Þegar ég steig svo á íslenska jörð í fyrsta sinn fannst mér ég loks kominn heim.

mánuði þar sem við grilluðum, lásu ljóð, lékum leikþætti og horfðum á kvikmyndir, og ég reyndi það hér en það misheppnaðist. Íslendingar eru feimnari.“

Rómantik blómabarnanna

Carlos heldur sig 68 ára, en í fjallahéruðum Suður-Ameríku var ekki til síðs að skrá fæðingu barna í þjóðskrá fyrir en mörgum árum síðar.

„Dagar frá fæðingu barnsins voru taldir og kannski tíu árum seinna fóru foreldrar ásamt vitnum á hagstofuna til að tilkynna barnið og ónákvæman fæðingardag þess. Stjórnmöld fylgdust ekkert með þessu en borguðu barnabætur þegar til kom. Mér var til happs að vera skrifaður yngri því annars hefði ég verið einn þeirra fyrstu sem sendur var í Víetnamstríðið.“

Þegar Carlos kom til Íslands heyrði hann tónlist sjúnda áratugarins leikna oft í útvarpi og var sagt að nýtt hippaæði væri runnið á Íslendinga. Sjálfur er hann kunnur útvarpsmaður vestra fyrir heimildar- og fræðsluþætti sína og var fenginn í víðtal um tímabilið og til að leika tónlist frá árunum 1960 til 1970 í Ríkisútvarpinu.

„Mér þótti það yndislegt því ég var í Bandaríkjunum á þessum tíma með blómabörnunum og kynntist mörgum bestu ljóðskáldum þess tíma svo sem Bob Dylan, Joan Baez, Janis Joplin og Leonard Cohen, en fyrir hann þýddi ég ljóðin á spænsku sem hann söng síðar inn á plötu,“ segir Carlos sem einnig kynntist dekkri hliðum hippaáranna.

„Blómabörnin litu vel út og lífsstíllinn virtist rómantískur, en

að baki bjó mikil eiturlyfjaneysla. Ég kvæntist finnsknorskri stúlku sem varð fórnarlamb eiturlyfja þegar hún fór að taka LSD. Ég hafði ekki hugmynd um neyslu hennar en eftir fjögurra mánaða hjónaband fór hún að fá endurlit og missa málið, svo við urðum að skilja. Áður hafði ég verið kvæntur þýskri leikkonu sem varð eiturlyfjum og áfengi að bráð, en við skildum því hún gat ekki losnað undan fíkninni. Ég er mjög á móti tóbaki, fíkniefnum og áfengi, þótt ég njóti góðs koníaks og vins sem „gourmet“-reynslu, því það er eitt að drekka vín með mat eða að drekka sig blindfullan,“ segir Carlos sem er rómaður sælkerakokkur sjálfur.

Paradís föl

Við Malibu-strönd í Kaliforníu á Carlos búgarðinn „Lone Star Ranch“, sem er paradís með hitabeltisplöntum, ávaxtatrájum, heitum potti, vatnsnuddi, sólbaðsaðstöðu, útigrilli, loftkælingu og meira að segja litlu leiksviði, sem hann lánar endurgjaldslaust sem athvarf fyrir fræði- og listamenn af Norðurlöndum.

„Búgarðurinn er í göngufæri við hina víðfrægu Zuma-strönd þar sem þættirnir um Strandverði voru teknir upp og nágarnarnir flestir úr skemmtanaheiminum, Johnny Carson, Barbra Streisand, Steven Spielberg, Martin Sheen og Bob Dylan, svo einhverjir séu nefndir. Malibu er í næsta nágrenni við Los Angeles, þar sem menning og listir drjúpa af hverju strá. Mér hefur þótt skemmtilegast að ferðast með Íslendingum um Kaliforníu, niður til Nýju-Mexíkó, Arizona, Colorado og Utah, skoða Grand Canyon,

Sedona, indjánabyggðir og dæmigerða kúrekabæi í stórfenglegri náttúru,“ segir Carlos sem sjálfur saknar mest ávaxta úr garði sínum.

„Fræði- og listamenn geta dvalið á búgarðinum í mánuð til þrjá án endurgjalds og í bígerð er stofnun sjóðs sem veitir styrki fyrir flugfari, mat og bílaleigubíl, en skapandi fólk þarf að fá að lifa eins og heima hjá sér án þess að hafa áhyggjur af húsaleigu og öðrum gjöldum.“

Íslenska og útlendingar

Carlos hefði áhuga á kennslu við íslensku háskólana, en sökum þess að hann er kominn á eftirlaunaaldur hefur hann fengið lítinn hlómgrunn í þeirri viðleitni sinni.

„Ég hef margboðið skólum hér krafta mína en íslenskt samfélag er svo lokað. Ég mundi glaður vilja kenna ensku og spænsku í tungumálum og bókmenntum, ásamt því að halda fyrirlestra um ameríska sögu og stjórnmál sem Íslendingar þekkja lítið sem ekkert til. Mér finnst íslenskan yndisleg og er mikið að vinna í henni um þessar mundir, auk þess að læra hana, en ekki í skóla því íslenskukennsla fyrir útlendinga er vægast sagt lítil, vond, gömul og árangurslítill. Hér vantar samtalshöpa, rannsóknasetur og annarskonar kennsluáðferðir. Ég er mikill aðdáandi rússneska leikskáldsins Tsjekov og tók því kúrs í rússnesku hér áður fyrr. Eftir önnina talaði ég góða rússnesku, því kennslan var úthugsuð og framúrskarandi. Því er vart hægt að kenna útlendingum einum um málleysið hér. Það þarf að kenna þetta yndislega mál með nýjum aðferðum og hugsunarhætti.“



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 4.16	13.24	22.35
AKUREYRI 3.42	13.09	22.38

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 14. maí, 134. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég trúí, ekki á álfa. Ég set tönna undir koddann af því að ég trúí á peninga!



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 12

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR. ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is



allt

bílar o.fl.

Nissan Murano reynsluekinn
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Egill með Pacerinn, Chevroletinn og Thunderbirdinn. Bílar þurfa að vera að minnsta kosti 25-30 ára til að Egill hafi áhuga á þeim.

Ekki lengur lang skrítnastur í hópnum

Egill Matthíasson, heildsali og bíla-dellukarl, á í augnablikinu fjóra bíla. Þeir eru allir í miklu uppáhaldi, nema kannski síst AMC Pacerinn, sem hann segir vera hálfgerðan skríjó.

Egill hlær þegar hann er spurður um Pacerinn og vill sem minnst ræða hann. „Þetta er bíll eins og þeir voru með í kvikmyndinni Wayne's World. Hann er svo hallærislegur að hann er nánast fallegur. En það stendur til að gera hann upp,“ segir Egill og þvertur fyrir að hann skammist sín fyrir bílinn. „Hann verður örugglega æðislegur þegar hann er tilbúinn. Svo er ég með Ford Thunderbird '65, sem ég á með Sigurjóni Hjaltasyni, og Chevrolet Corver, sportbíl með blæju, '66-módelið.“ Fjórða bílinn vill Egill heldur ekki ræða í bili þar sem hann er ekki alveg tilbúinn. „Ég er algjör dellukarl og hef verið frá því að ég var tíu ára. Þá gaf mamma mér áskrift

að amerísku fornbláblaði og eftir það varð ekki aftur snúið. Ég var fimmtán ára þegar ég eignaðist fyrsta bílinn og gerði hann upp þannig að hann var tilbúinn daginn sem ég fékk bílprófið.“

Thunderbirdinn flutti Egill inn frá Bandaríkjunum árið 2000 og þá var hann í finu standi. „Hann hefur bara þurft létt viðhald síðan, en ég endurnýjaði reyndar innréttinguna. Þetta er mikill sparibíll. Chevroletinn er hins vegar mjög sérstakur, en hann er eini bíllinn í Ameríku sem var framleiddur með loftkældan mótur aftur í, svona svolítið eins og Volkswagen. Þessi er annar af tveimur hér á landi og ég nota hann töluvert meira en Thunderbirdinn.“

Egill var 17 ára þegar hann gekk í Fornbílaklúbbinn, sennilega yngsti meðlimurinn frá upphafi. „Ég var þessi skrítni í hópnum, þetta eru svolítið karlar svona á miðjum aldri þannig að ég er farinn að falla mun betur inn í núna.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

Gistinóttum á hótélum í mars fækkaði um tæp 11% frá því í mars í fyrra, eða úr 68.070 í fyrra í 60.630 í ár. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinóttum um 15% milli árána en fjölgaði hinsvegar á Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og á Norðurlandi. 39% fækkun varð hins vegar á gistinóttum á Austurlandi og vekur það nokkra furðu miðað við það ástand sem að öðru leyti er í atvinnumálum á svæðinu.

Atvinnuleysi í mars síðastliðnum var 2,6% á landinu öllu og er það umtalsverð lækun frá sama tíma á síðasta ári þegar það var 3,5%.

Orlofsuppbót á að skila sér í launaumslög félagsmanna Verslunar-

mannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins eigi síðar en 15. ágúst. Miðað við fullt starf er hún að upphæð 16.500 krónur.

Fyrsti vinnudagur vorsins hjá Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi var nýlega. Kálgarðurinn var tættur, steypt var undirstaða fyrir vindmyllu og settar niður stöngur. Þar að auki var lagður rafmagnskapall frá mastri inn í gróðurhús og steypt stétt undir moltukassa.

Lögreglumönnum á Akureyri verður fjölgað um fjóra og fjórir sérsveitarmenn verða í fullu starfi á Norðurlandi frá fyrsta júlí.



artvinna@frettabladid.is

Hagstæð sumarhúsalán



60% veðsetningarhlutfall

Ertu að byggja, kaupa eða breyta sumarbústað? Þú getur auðveldlega samið um hagstætt sumarhúsalán hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum. Lánið getur numið allt að 60% af verðmæti eignar. Til framkvæmda er lánað allt að 75% af byggingarkostnaði.

Ráðgjafar Frjálsa fjárfestingarbankans veita allar nánari upplýsingar. Þú getur komið við í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is.

Dæmi um mán. greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*				
Vextir %	4,95%	5,50%	6,50%	7,00%
5 ár	18.850	19.100	19.560	19.800
10 ár	10.580	10.850	11.350	11.610
15 ár	7.880	8.170	8.710	8.990

* Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta



FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN www.frjalsi.is

Öryggi

Áður en lagt er í hann með fellihýsið aftan í bílnum er ágætt að yfirfara öll öryggisatriði. Athuga hvort speglarnir á bílnum séu nægilega stórir til að sjá aftur fyrir fellihýsið og hvort ljósatengillinn virki.



Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar - frábær verð

SENTINEL
by MTD

Allir þekja hina landsfragu vara-
húta- og viðgerðsjónustu okkar.

HVELLUR.com
... í einum grænum

G. Tómasson ehf. • Súðavogur 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

RETTINGAVERKSTÆÐI
Jóna ehf.

Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjooa@rettjooa.is • www.rettjooa.is

BILAMÁLUN
RETTINGAR



REYNSLUAKSTUR

Nissan Murano sver sig óneitanlega í ætt við frændur sína í lúxusborgarjeppaflokknum.

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun

CABAS

• Allhliða réttingar og sprautun
• Þrívagnadír starfsmann
• Cebex tjónaskoðunarkerfi
• Þjónustustöðill Hekks.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
JONASAR

Skemmuvogur 46 • 200 Kópavogur
Sími 567 1430 & 567 1430 • Fax 567 0087
Netfang: jonasar@jonasaris

AB-VARAHLUTIR ehf.

Varahlutir í japanska og Evrópska bíla

Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is

Betna vara - Betna verð

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

TRIO
GOLFHJÓL

Partur-Spyrnan-Lyftarar

Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkútur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla - vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

Varahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

Bakkmyndavélin er toppurinn

Nissan Murano er lúxusborgarjeppi með öllu því sem fylgir. Hann er afar aðgengilegur og þægilegur í akstri og umgengni en bakkmyndavélin hlýtur þó að teljast aðall bílsins.

Það verður seint sagt að hann biðjist afsökunar á sjálfum sér Nissan Muranoinn. Hann ber með sér nýja strauma í útliti og svipar reyndar til nokkurra annarra borgarjeppa af lúxusgerð með breiðan skrokk og langt bíl á milli fram- og afturhjóla en séreinkenni hans er svipurinn að framan með áberandi stálgrilli.

Þegar inn er komið taka á móti manni leðurklædd sæti sem flytjast fram þegar lykkinum er stungið í svissinn og aftur þegar hurðin er

opnuð, til þess að gera ökumanni þægilegar um vik að setjast inn í bílinn. Minni er í lykli þannig að tveir notendur geta haft hvor sína stillingu, ekki bara á bílstjórásæti heldur einnig hliðarspegli. Fleira mætti telja, svo sem öflugar hljómflytningsgræjur og mörg og rúm-góð geymsluhólf, til dæmis djúpt hólf milli framsæta þar sem má koma fyrir fartölvu upp á rönd.

Það flottasta í bílnum er þó tvímælalaust bakkmyndavélin sem virkar þannig að þegar sett er í bakkgríp birtist svæðið fyrir aftan á skjá í mælaborðinu. Þar koma einnig upp línur sem sýna stefnu bílsins og eru grænar ef nóg pláss er fyrir aftan, verða svo gular og loks rauðar. Bakkmyndavélin er gríðarlega þægileg þegar ökumaður hefur komist upp á lag við að nota

hana. Þessi bakkmyndavél mun einungis vera til í Nissan-bílum og er fánleg sem aukabúnaður í nokkrum öðrum bílum en Murano.

Umgengni við bílinn er þægileg og má þar nefna handföng til að leggja niður bók á aftursætum fyrir innan afturhlerann þannig að ekki þarf að fara inn um afturhurðina fyrir þá aðgerð, og bökin jafnast við gólfhæð þegar búíð er að leggja þau fram

Muranoinn er með þriggja lítra vél og skortir ekki kraft. Sjálfskiptingin er stíglaus X-Tronic með sex girá handskiptimöguleika og bíllinn er búinn ESP+ stöðugleikastýringu. Hann er því afar þýður í akstri og liggur vel á vegi. Nissan Murano er sannkallaður dekurbíll og verður að teljast vel samkeppnisfær við sína líka í verði. steinunn@frettabladid.is



NISSAN MURANO		
Vélar stærð	Hestöfl	Verð
3 l	234	Sjálfskiptur 4.990.000



KÄRCHER

Háþrýstidælur fyrir heimili hesthús - verkstæði

Diskur á palla - stetta

K 2.75 með hlíu

K 499 **RAFVER HF**

Fjölbreytt úrval

SKEIFAM 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS • WWW.RAFVER.IS

K 7.80 K 5.80 K 6.80

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Opel á uppleið

KANNANIR BER AÐ SAMA BRUNNI.

Tvær rannsóknarstofnanir á sviði bílaiðnaðar hafa kannað ánægju solumanna á þýska bílamarkaðnum. Rannsóknamiðstöð bílaiðnaðarins við Bamberg-háskóla gerði könnun á 26 bíltegundum og rannsóknastofnun bílaiðnaðarins við fagháskólann í Nürtingen gerði úttekt á 28 tegundum. Opel fékk hæstu einkunn í báðum rannsóknunum.

Á „Dealer Satisfaction Index“, lista rannsóknamiðstöðvarinnar í Bamberg, skaraði Opel fram úr öðrum þýskum bílframleiðendum og náði næstefsta sæti í flokknum „gæði nýrra bíla“. Á aðeins tveimur árum hefur Opel stokkið af miðju listans, í fjórða sætið í fyrri, og í annað sætið á þessu ári. Þetta endurspeglar niðurstöður gæðakönnunar þýska bílatímaritsins Auto Bild, frá nóvember 2004, þar sem Opel var einnig kosin besta þýska bíltegundin. Í skýrslu Nürtingen-stofnunarinnar, þar sem fylgst hefur verið með ánægju söluaðila frá árinu 1998, skipar Opel fyrsta sætið fyrir árið 2005, meðal þýskra stórfremleiðenda í bílaiðnaði. Því er svo við að bæta að í mars jókst markaðshlutdeildin í 11,3% og tryggði Opel sér þannig aftur annað sætið hvað varðar fjölda seldra bíla á fyrsta ársfjórðungi 2005 í Þýskalandi.



Nýjungar á leiðinni frá BMW

MARGT Á DÖFINNI HJÁ BMW.

Aðdáendur kraftmikilla sportbíla geta glaðst, þar sem hinir nýju BMW M5 og M6 eru komnir í framleiðslu. Þá er hluti af 5 línunni að aldrifvæðast með þeim afleiðingum að bæði 525 og 530 eru í boði í xi-útgáfu, sem stendur fyrir hið öfluga x-drive aldrif.

Þetta eru jafnframt fyrstu BMW-bifreiðarnar sem eru með x-drive aldrifinu sem fram að þessu hefur eingöngu fengist í X3 og X5 jeppalínuna. Ný og endurbætt útgáfa á 7 línunni er enn fremur á leiðinni og í vetrarþyrjun kemur ný 130i úr 1 línunni.

Það er því ljóst að nýja 3 línan, sem kom á markað hér á landi um síðustu helgi, markar aðeins upphafið á spennandi ári hjá BMW. Nýlega var svo tilkynnt að BMW myndi markaðssetja tvær nýjar línur á næstu árum.

Eigendur ánægðir með Kia Sorento

EINI 4X4 BÍLLINN SEM NÁÐI HÁMARKSSKORI, 5 STJÖRNUM.

Kia Sorento sigraði örugglega í sínum flokki í fyrstu árlegu JD Power & Associates ánægjuvogarönnun sem hann tók þátt í. Sorento var álitinn besti 4x4 bíllinn og varð í sjöunda sæti af 124 bílum alls. Yong-Hwan Kim, aðstoðarforstjóri og yfirframtæmdastjóri hjá Kia Motors Corporation, segir að þegar Sorento sportjeppinn kom á markað árið 2002 hafi Kia gert töluverðar breytingar á framleiðslustefnu sinni og hætt að leggja alla áherslu á smíði lítilla og mjög hagkvæmra bíla. Síðan hafi ekki verið lítið um öxl. Árið 2004 var Sorento þriðji söluhæsti bíll Kia en alls seldust 106.269. Búist er við að Sorento verði söluhæsti bíll framleiðandans og að hann seljist í nær 121.000 eintökum. Hjá Kia hefur verið lagt mikið upp úr því að bæta alla framleiðslulínuna á undanföllum árum. Samkvæmt könnuninni virðist það átak hafa skilað sér. Könnun JD Power fór þannig fram að haft var samband við 90.000 bílleiðendur í Bretlandi sem keypt höfðu nýja bíla frá september 2002 til ágúst 2003. Eigendur voru beðnir um að svara 70 spurningum og að minnsta kosti 50 útfyllt svarblöð þurfti til þess að bilgerð kæmist á listann. Vísitala ánægjuvogarinnar (Customer Satisfaction Index – CSI) var reiknuð á

VÍSITALA ÁNÆGJUVOGAR JD POWER 2005

4x4 bílar			
1 Kia Sorento	5 stjörnur	84,0%	
2 Honda CRV	4 stjörnur	83,1%	
3 Hyundai Santa Fe	4 stjörnur	82,7%	
4 Toyota RAV-4	4 stjörnur	82,5%	
5 Nissan X-Trail	4 stjörnur	81,5%	

grundvelli mats eigenda á átta þáttum, frammiðstöðu bílsins, þægindum og hagkvæmni innréttingar, ytri frágangi, bilunum í vélbúnaði, göllum í innréttingu og úthlið, þjónustu umboðsaðila og kostnaði við rekstur.



Eigendur Kia Sorento eru afar ánægðir með bíla sína samkvæmt árlegri JD Power & Associates ánægjuvogarönnun.

Þýskum þykir Audi A8 fallegastur

ÞRÍR AUDI BÍLAR OG EINN VOLKSWAGEN ÞYKJA FALLEGASTIR Í SÍNUM FLOKKI.

Þjóðverjum þykir Audi A4, A6 og A8 fallegustu bílarnir hver í sínum flokki, Mini fallegasti smábíllinn og VW Touareg fallegasti jeppinn. Þetta er er mat 36.500 lesenda tveggja þýskra bílatímarita. Draumabíll lesendanna er Porsche Carrera GT. Þetta er annað árið í röð sem Mini þykir fallegasti smábíllinn en á eftir honum koma Peugeot 206 og VW Polo. Alfa Romeo 147 þykir fallegastur í flokki minni meðalbíla og á eftir honum Audi A3 og Opel Astra. Audi A4 þykir fallegastur í meðalflokki, þá Mercedes C og Alfa Romeo 156. Í efri milliflokki er Audi A6 metinn fallegastur og á eftir koma Mercedes E og BMW 5. Audi A8 er efstur í flokki stórra fólksbíla en hann hlaut langflest stig og þykir því fegursti bíllinn í augum Þjóðverja. Fallegasti jeppinn þótti vera VW Touareg. Á eftir honum kom BMW X5 og Audi Allroad. Af litlum fjölnotabílum þótti Seat Al-



Audi A8 er fallegastur allra bíla að mati Þjóðverja.

tea fallegastur og þar á eftir Mazda 5 og VW Touran. Fallegasti sportbíllinn þykir Þjóðverjum vera Mercedes SLK sem þykir fallegri en Porsche Boxter og Audi A4 Cabrio. Porsche Carrera GT er þó draumabíll Þjóðverja og á eftir honum Mercedes SLR og Porsche 911.

Smurstöðin KLÖPP

Þjónustumiðstöð við Vegmúla



Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingaþjónusta
Rafgeymaþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.
Vegmúli 4 • Sími 553 0440

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusur í flestar gerðir bíla

Komdu með bíllinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta

Alltaf heitt á könnunni!





Aukin ökuréttindi

Kynning á nýrri námskrá verður haldin
þriðjudaginn 17. maí 2005 kl. 20.00
Kennsla hefst 18. maí kl. 18.30

Ökuskólinn í Mjódd
Sími 567-0300

Parabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is



Clean Plus® blautklútar eru nýjung sem auðvelda þrífing á bílnum!

Clean Plus® vörur eru fyrsta flokk gæðavörur á samkeppnishæfu verði.
Clean Plus® vörur gera þrífing á bílnum auðveldari.
Clean Plus® er fyrir nútíma bílaeigendur!



Fæst í helstu stórmörkuðum, byggingavöruverzlunum og víðar.




CLEAN PLUS®
AUTO CARE


Dreifing K. Richter hf.
www.krichter.is

www.cleanplusautocare.com

Traust dráttarveisli

Ásetning á staðnum.





Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

birta

» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á LAUGARDÖGUM

birta



Álfasala SÁÁ 19. – 22. maí

Vantar sölufolk í eftirfarandi hverfi:

107 Vesturbær
170 Seltjarnarnes
109 Breiðholt
111 Breiðholt
112 Grafarvogur

Góð sölulaun í boði.

Upplýsingar í síma 5307600 • saa@saa.is



Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að náða bílstjóra í framtíðarstörf og samráðsleytingar í Reykjavík og samráðsleytingar á Reykjanesi og Suðurlandi. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf og eru ADR-nimindi æskileg, en það er ekki skilyrði.

Störfin standa boðum kynjum jafnt til boða.

Starfs svið: Afgræðsla og dröfing á fljóttandi eldsneyti.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Þorsteinn Guðmundsson í síma 550-9937
tölvupóstfang thorsteinn@odr.is

Olíudreifing ehf. er um dröfing á fljóttandi eldsneyti fyrir Olíudreifing ehf. og Olíudreifing Íslands hl. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1998. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.olidreifing.is



Anna Linda Magnúsdóttir er hæstánægð með starfið sitt og karlana.

Umkringd eintómum karl- mönnum heima og heiman

Anna Linda Magnúsdóttir er einn eigenda Vatnsvirkjans og Tækjatekni. Hún er umkringd fjallmyndarlegum pipurum alla daga.

„Samskiptin ganga bara vel því piparar eru yfir höfuð mjög skemmtilegir og þeir eru einnig mjög þægilegir og skilningsríkir,“ segir Anna Linda. „Ég sé um solumál hér hjá fyrirtækinu, en við sérhæfum okkur í innflutningi á vörum til pipulagna bæði fyrir vatnsveitur og pipulagnaverktaka auk þess sem við erum með gott úrval af hreinlætistækjum í Vatnsvirkjanum í Ármúla 21.“

Anna Linda og eiginmaður hennar Fjölvar Darri keyptu fyrirtækið ásamt Róberti Melax og Hjalta Ólafssyni í febrúar síðastliðnum, en faðir Önnu Lindu átti og rak fyrirtækið í 20 ár.

„Ég var auðvitað oft að vinna hér hjá honum og þá sérstaklega síðustu fimm árin þannig að ég þekki reksturinn vel, en ég hef ekki sérstakt vit á pipulögnum sem slíkum. Mitt starf felst aðallega í því að afla nýrra viðskiptavina og ná tilboðum úti á markaðnum. Þetta er vissulega karlaveröld og það kemur fyrir að pipararnir halda að ég kunnir ekki neitt á þetta, en þeir eru fljóttir að sjá að þeir koma ekki að alveg tómun kofunum,“ segir hún hlæjandi.

Það er ekki bara á vinnustaðnum sem Anna Linda er umkringd karlmönnum því hún á tvo syni og er sem stendur eini kvenmaðurinn á heimilinu. „Það stendur nú til bóta,“ segir hún brosandí, „því ég á von á stelpu í byrjun september.

Jú, það gengur bara vel að sameina

fjölskyldulíf og vinnu, það getur oft verið erfitt en þá koma ömmurnar og afarnir sterk inn. Við reukum þetta allt í sameiningu, ég og maðurinn minn, nema hann tekur lítinn þátt í húsverkunum með mér, en hann gerir þá bara eitthvað annað hjálplegt í staðinn. Við höfum bæði brennandi áhuga á viðskiptum og hjálpumst að með alla hluti. Maður er auðvitað alltaf með hugann við vinnuna, og stundum er það púl að vera þungaður í rúmlega fullri vinnu og með tvo litla stráka, en þetta gengur alltaf upp. Þegar ég er búin að koma strákunum í rúmið á kvöldin getur verið gott að leggjast í sófann með tærnar upp í loft, en ég geri það sjaldan því ég þarf helst alltaf að vera að.“

edda@frettabladid.is

Vissir þú...

...að b5 er nýr bistro/lounge í bankastræti 5 101 reykjavík sem mun opna í júní 2005 og óskar eftir að ráða til sín gott, jákvætt og traust fólk í eftirtalin störf bæði í fullt starf og hlutastarf:

- Matreiðslumann
- Þjóna í sal
- Aðstoð í eldhúsi
- Bar/kaffibarþjóna (reynsla nauðsynleg)

...að við leitum að þér! ef þú ert góð, traust og ábyrgðarfull manneskja sem hefur gaman af og áhuga að vinna saman í góðu teymi í skemmtilegu og fallegu umhverfi á besta stað í miðborg reykjavíkur.

...að skilyrði er að umsækjendur skili inn ítarlegri ferilsskrá um sjálfa sig og er reynsla af fyrrgreindum störfum í boði sem og góð enskukunnátta æskileg. Lágmarksaldur umsækjenda er 19 ár.

...að umsóknir berist á netfangið: box@frettabladid.is, merktar b5-vinna. Ef óskað er nánari upplýsinga eru þær einnig veittar með því að senda fyrirspurn á framangreint netfang.

b5
Bankastræti



TOYOTA
Selfoss

Bifreiðasali

Starfssvið:

Sala á nýjum Toyota bílum ásamt umboðssölu á notuðum bílum, einnig persónuleg ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Löggiltur bifreiðasali er stór kostur. Reynsla æskileg. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, eiga auðvelt með að vinna undir álagi, ásamt því að vinna með öðrum og með ríka þjónustulund.

Bókhald – afleysing til 1/1 2006.

Starfssvið:

Almenn skrifstofustörf, frágangur og uppgjör lána, ásamt öðrum tilfallandi störfum er snúa að bílasölu og frágangsvinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Kunnátta á bókhaldsforritið DK er æskileg. Reynsla af skrifstofustörfum og lánaumhverfi er æskileg. Viðkomandi þarf að vera jákvæður/ur, eiga auðvelt með að vinna undir álagi, ásamt því að vinna með öðrum og með ríka þjónustulund.

Eingöngu verður tekið við skriflegum umsóknum og skal þeim skilað fyrir 1. júní 2005

Þær skal senda til Toyota Selfossi – Fosnesi 14 – 800 Selfossi, merkt: Umsókn, einnig er hægt að senda þær með tölvupósti á netfangið: ragga@toyotaselfossi.is

Bílasala Suðurlands er umboðsaðili Toyota á Selfossi. Hjá Bílasölu Suðurlands starfar um 15 manna samheldinn hópur. Bílasala Suðurlands starfar í nýlegu og glæsilegu húsnæði þar sem vinnu og starfsmannaástaða er til fyrirmyndar.

Leikskólinn Mánabrekka Seltjarnarnesi

Leikskólakennarar

Viltu vera stærstur, bestur og njóta aðdáunar?
Við biðum eftir þér í Mánabrekku.

Laus er staða deildarstjóra frá
1. ágúst eða eftir samkomulagi.

Í uppeldisstarfinu er lögð sérstök áhersla á skapandi starf, umhverfismennt og tónlist. Við leitum að leikskólakennara sem hefur áhuga á fjölbreyttu og gefandi starfi.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Nánari upplýsingar gefa:

Dagrún Ársælsdóttir leikskólalastjóri í síma 5959280 og 6946621, dagrun@seltjarnarnes.is eða Guðbjörg Jónsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri í síma 5959280, guðbjorgjo@seltjarnarnes.is

Umsóknarfrestur er til 10. júní.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Spennandi störf í boði

Stilling, sem er traust og leiðandi verslunaryfirtæki á sviði bílavarahluta, óskar eftir að ráða kraftmikla og sjálfstæða einstaklinga í störf afgreiðslumanns og starfsmanns á lager. Í boði eru full störf til framtíðar. Vinnutími er virka daga frá kl. 9 til 18. og annan hvern laugardag.

Lagerstarfsmaður

Starfssvið:

- Umsjón með lagerhaldi
- Móttaka vöru og tiltekt vöruþanta
- Útkeyrsla vöru
- Önnur verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstarfi
- Almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og metnaður í starfi

Afgreiðslustarfsmaður

Starfssvið:

- Þjónusta og sala til viðskiptavina
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Menntun í bifvélavirkjun
- Reynsla af sölu og afgreiðslu í bílavarahlutaverslun
- Almenn ensku- og tölvukunnátta
- Söluhæfileikar og metnaður í starfi
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hefur Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Laugar Café LAUGAR Rekstrarstjóri

Laugar Café leitar eftir rekstrarstjóra. Viðkomandi aðili þarf að geta starfað sjálfstætt, verið drífandi, hafa hæfni í mannlegum samskiptum, útsjónarsamur, framsækinn og hafa góða þjónustulund.

Verksvið:

- Daglegur rekstur veitingastaðar og fundarsala
- Innkaupa- og birgðastýring
- Yfirumsjón og þjálfun starfsfólks

Hæfniskröfur:

- Viðskipta- eða rekstrarfræði menntun æskileg en ekki skilyrði
- Haldbær reynsla rekstrar á veitingasviði
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð

Umsóknnum ásamt ferilskrá skal skila til starfsmannastjóra með netpósti á thorunn@worldclass.is eða í pósti Laugar Café – (starfsumsókn b.t. Þórunn Auðunsdóttir) – Sundlaugavegi 30a – 105 Reykjavík.

Laugar Café er staðsett í heilsu- og sundmiðstöðinni Laugum en þar er einnig að finna heilsurækt, baðstofu, snyrti- og nuddstofu, íþróttavöruverslun og hárgreiðslustofu. Um 2.000,- manns heimsækja Laugar daglega svo hér er um lífligan og spennandi vinnustað að ræða.

Umsóknarfrestur er til 25. maí
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Störf í boði í markaðsdeild HB Grandi



Sjávarútvegsyfirtæki í fararbroddi

Sölustjóri fiskmjöls

Starfið felst í umsjón með og ábyrgð á allri sölu fiskmjöls og lýsis frá fiskmjölsverksmiðjum félagsins í Reykjavík, Akranesi, Þorlákshöfn og Vopnafirði svo og frá fiskmjölsverksmiðjum um borð í frystiskipunum Engey og Þerney. Sölustjóra er ætlað að gjörþekkja markaðinn fyrir mjöl og lýsi og mun viðkomandi aðili vinna náið með verksmiðjustjórum og forráðamönnum uppsjávarviðs. Sölustjóri gerir sölusamninga við kaupendur, skipuleggur flutninga á mjöli og lýsi til erlendra hafna og sér um samskipti og samninga við erlenda viðskiptavini.

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða sjávarútvegsfræða. Mjög æskilegt er að viðkomandi aðili hafi reynslu og/eða þekkingu á sjávarútvegi. Góð tölvukunnátta er skilyrði, þekking á Navision er kostur. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, talmáli og ritmáli, er skilyrði og kunnátta í norsku er æskileg. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á að tileinka sér viðskiptaheim fiskmjöls og lýsis og búa yfir miklum dugnaði og jákvæðni.

Markaðsfulltrúi

Starfið felst í umsjón með og ábyrgð á gerð sölureikninga og flutningafyrirmæla. Einnig í frágangi söluskjala og áframsendingu þeirra í pósti og tölvupósti á viðskiptavini. Viðkomandi mun sjá um yfirferð og útsendingar útflutningsskýrslna, bókanir sölureikninga og flutningareikninga. Starfinu fylgja mikil samskipti við erlenda viðskiptavini í síma og tölvupósti.

Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði viðskipta- eða sjávarútvegsfræða. Góð tölvukunnátta er skilyrði, þekking á Navision er kostur. Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku, talmáli og ritmáli, er skilyrði. Þekking á bókhaldi er skilyrði og reynsla af vinnu við útflutning er æskileg. Viðkomandi þarf að vera duglegur og jákvæður, búa yfir mikilli hæfni til þess að vera í samskiptum við aðila utan og innan fyrirtækisins og hafa ánægju af samskiptum.

HB Grandi hf. er eitt stærsta sjávarútvegsyfirtæki á Íslandi og hefur skipað sér í fremstu röð fyrirtækja á sínu sviði.

Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar og framleiðslu sjávarafurða endurspeglast í öllu starfi HB Grandi. Lögð er rík áhersla á háþróaða tækni við veiðar og vinnslu og stöðuga þróun framleiðslunnar. Fyrirtækið framleiðir verðmæta gæðavöru úr fersku hráefni sem aflað er úr hafinu við Ísland. Lögð er áhersla á góða umgengni um auðlindina og ábyrgar fiskveiðar.

HB Grandi stundar veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski. Hjá fyrirtækinu vinna um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða, en helstu markaðirnir eru Evrópa, Norður-Ameríka og Asía.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Hérdis Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Vörumerkjastjóri



Starfssvið:

- Ábyrgð á viðkomandi deild
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við viðskiptavini
- Stefnumótun vörumerkja
- Samskipti og hugmyndavinna með auglýsingastofum
- Markaðs- og birtingaáætlanir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsmála
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mikill áhugi á auglýsingum og markaðsstarfi
- Metnaður og framsækni í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og geta unnið undir álagi
- Góð tölvu- og enskukunnátta

Danól er stærsta fyrirtækið á sviði matvöruinnflutnings á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 55 manns. Danól vill stuðla að því að starfsfólki líði vel í starfi og hafi tækifæri til að vaxa í starfi. Söluafólki okkar heimsækir reglulega verslanir, fyrirtæki og veitingahús um allt land og er sölu- og dreifingarkerfi Danól með því fullkomnasta sem gerist. Meðal þekktari vörumerkja Danól eru Nestlé, Merrild kaffi, Burton's, Daloon, Hatting, Findus, Göteborg's kex og Orölu.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Áhugaverðir tímar

Fjármálaeftirlitið (FME) auglýsir eftir tveimur lögfræðingum til starfa við eftirlit á verðbréfamarkaði.

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Lögfræðingar

Í kjölfar mikilla breytinga á fjármálamarkaði síðustu misseri og nýlegra lagabreytinga á verðbréfamarkaði eru áhugaverðir tímar framundan í starfsemi FME.

Nú á vorþingi voru samþykktar á Alþingi veigamiklar breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti, sem taka gildi 1. júlí nk. Breytingunum er m.a. ætlað að styrkja eftirlit á verðbréfamarkaði.

Þær breytingar sem mestu varða fyrir starfsemi FME eru eftirfarandi:

- Ábyrgð FME á eftirliti á verðbréfamarkaði er staðfest og um leið er skapaður grundvöllur fyrir skýra verkaskiptingu milli FME og kauphallar í eftirlitsverkefnum.
- Endurbætt yfirtökuákvæði skapa sterka stöðu í eftirliti með yfirtökum á skráðum félögum.
- Aukið er við tæki FME til að sinna hlutverki sínu.
- FME verður heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem varða ákvæði laganna.

Lögfræðingar sem ráðnir verða til FME á grundvelli þessarar auglýsingar munu taka virkan þátt í þeim breytingum á eftirliti á verðbréfamarkaði sem framundan eru. Þeir munu einnig koma að eftirliti á öðrum sviðum fjármálamarkaðar, enda snertir eftirlit á verðbréfamarkaði öll svið eftirlitsins.

Æskilegir eiginleikar sem horft er til:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í eftirliti á verðbréfamarkaði.
- Frumkvæði, samskiptahæfileikar og hæfni til þátttöku í hópvinnum.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 29. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is



REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • Sí: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

BYGGINGARFULLTRÚI

LAUS STAÐA Í REYKJANESBÆR

Laus er til umsóknar staða byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar.

Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á stjórnun og framkvæmd opinbers byggingareftirlits á grundvelli skipulags- og byggingarlaga og samþykktar um afgreiðslu byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar.

Byggingarfulltrúi skal sjá til þess að sem best tengsl verði við bæjarbúa og aðra sem þjónustu embættisins njóta. Næsti yfirmaður byggingarfulltrúa er framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs.

Hæfniskröfur:

Byggingarfulltrúi skal hafa menntun sem: arkitekt, byggingarfræðingur, byggingartæknifræðingur eða byggingarverkfræðingur og að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu.

Ennfremur er æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af mannvirkjagerð og hönnun auk þekkingar á upplýsingatækni. Þekking á málefnum sveitarfélaga er æskileg.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs og starfspróunarstjóri í síma 421 6700.

Umsóknnum skal skilað til starfsmannþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, fyrir 26. maí 2005, merktum: *Byggingarfulltrúi*. Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublöð á vefsíðu Reykjanesbæjar; reykjanesbaer.is.

Starfspróunarstjóri.



... reykjanesbaer.is

Vilt þú vinna með þeim BESTU!

Við leitum að verslunarstjóra fyrir BT í Smáralind

BT Smáralind er:

- Önnur stærsta BT verslun landsins en BT rekur alls 9 verslanir
- Ört vaxandi verslun í lífandi umhverfi
- Staða verslunarstjóra í þessari verslun er mjög spennandi tækifæri fyrir árangursdrifið fólk

Meðal þess sem verslunarstjóri ber ábyrgð á:

- Daglegum rekstri verslunar og stjórnun starfsmanna
- Mánaðarlegum veltu- og framlegðarmarkmiðum
- Lágmarkun kostnaðar
- Útliti verslunar, hámarkun gæða í sölu og þjónustu
- Jákvæðri upplifun viðskiptavina
- Mótun starfsánægju og jákvæðs, hvetjandi starfsanda


Við leitum að fólk sem er:

- Árangursdrifið með gott frumkvæði, metnað og getu til að starfa sjálfstætt
- Skipulagt og hefur tileinkað sér vönduð vinnubrögð
- Með jákvæð viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum
- Með mikla aðlögunarhæfni í sýreytilegu starfsumhverfi
- Ósérhlífð og hefur gaman af samskiptum og þjónustu
- Tilbúið til að leggja mikið á sig við að uppfylla þarfir viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Nauðsynlegt er að verslunarstjóri hafi reynslu af verslunarrekstri og stjórnun með mannaforráðum
- Æskilegt er að umsækjendur hafi almenna þekkingu og áhuga á þeim vörum sem seldar eru í BT verslunum

Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannstjóra á annabirna@bt.is
Umsóknarfrestur er föstudagur 20. maí.



Brúarskóli Kennarar fyrir skólaárið 2005-2006

Brúarskóla vantar kennara í eftirtaldir stöður:

- **Heimilisfræðikennsla**, matargerð, húshald og fleira tengt rekstri heimilis, 60% staða
- **Textilkennsla og vefnaður**, fullt starf

Brúarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Skólinn er staðsettur í Öskjuhlíðinni einni af náttúruperlum Reykjavíkur og var stofnaður haustið 2003 og er því í mótun og þróun. Í skólanum eru nemendur sem eiga í alvarlega geðrænum, hegðunar- og félagslegum erfiðleikum. Nemendur skólans hafa allir verið áður í almennum grunnskólum þar sem reynt hefur verið til hins ýrasta að mæta námsþörfum þeirra. Hlutverk skólans er að mæta þörfum nemenda sem eru með námstilboð við hæfi í lengri eða skemmmi tíma og veita ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks skóla. Skólinn sér ennfremur um kennslu nemenda á Stuðlum og nemenda sem eru innlagðir á BUGL.

Kennslan er einstaklingsmiðuð og unnið er út frá fæmi, getu og áhuga hvers og eins nemanda. Kennir er í 4-12 manna hópum Rík áhersla er lögð á kennslu í félagslegum samskiptum og verklegum greinum. Jákvæðni og gleði eiga að einkenna starf í Brúarskóla. Stuðst er við hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar í daglegu skólastarfi.

Samstarf er einn af mikilvægustu þáttum skólustarfsins, bæði inna skóla sem utan.

Leitað er að kennurum sem eru m.a.:

- Með kennaramenntun
- Lípir í mannlegum samskiptum
- Til í mikla samvinnu og þróunarstarf
- Jákvæðir, fjölhæfir og sveigjanlegir í starfi
- Til í að takast á við krefjandi verkefni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björk Jónsdóttir, skólustjóri bjorkjo@bruarskoli.is, sími 520 6000. Skriflegar umsóknir sendist í Brúarskóla, Vesturhlíð 3, 105 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 10. júní nk. Laun samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.



Reykjavíkurborg



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, www.grunnskolar.is
sími: 535 5000, fmr@reykjavik.is



Véla- og verkamenn óskast

S.S. verktak ehf. óskar eftir að ráða véla- og verkamenn til starfa. Mikil vinna framundan.

Upplýsingar fást í síma 893-3915.

Sjálfbodaðið vantar til Sambíu og Mosambík

Barátta gegn alnæmi, vinna með götubörnum. Kennsla og samfélagsþjónusta. 14 mánaða prógramm, 6 mánaða þjálfun í Noregi. Frítt fæði og húsnæði, möguleikar á námsstyrk. Fundur framundan í Reykjavík.

Nánari upplýsingar
sidsel@humana.org
0047 61 26 44 44
www.humana.org
www.drh-norway.org



Grunnskólinn í Grindavík lausar kennarastöður

Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár:

- umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi
- kennara á elsta stig, meðal kennslugreina íslenska
- sérkennara
- námsráðgjafa

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2500 íbúa í aðeins 50 km. fjarlægð frá höfuðborginni. Þar er alla almenna þjónustu að fá. Nemendur eru um 480 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starf af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbygginga-stefunnar – uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar er að finna um skólann á heimasíðu hans www.grindavik.ismennt.is.

Upplýsingar veita skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í síma 420-1150 (netföng gdan@ismennt.is og stefania@ismennt.is). Umsóknarfrestur er til 20. maí.



Starfsfólk til Sumarafleysinga

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi óskar nú þegar eftir fólki til sumarafleysinga.

Tvo starfsmenn í eldhús, vinnutími frá 8-16 og aðra hvora helgi.

Starfsfólk í aðhlyningu. Starfshlutfall og starfstími eftir samkomulagi, heilar stöður, helgarvaktir, fimm og sex tíma vaktir. Unnið er eftir Time care vaktstjórnunartæki.

Upplýsingar veitir: Áslaug Björnsdóttir, hjúkrunarforstjóri s:560-4163
Egill Egilsson, matreiðslumaður s:560-4167
Netf. aslaug@sunnuhlid.is

Heimilsfræðikennsla í Laugalækjarskóla

Laus er til umsóknar, staða heimilsfræðikennara við Laugalækjarskóla.

Laugalækjarskóli er grunnskóli fyrir 7.-10. bekk.

Kenni byrjendum á pianó í heimahúsi í vesturbænum. Endilega hafið samb. við Vígðísi í s. 822 7897.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Sófasett, eh.þorð, stólar, kommóður, hillur o.m.fl. Opið hús 14-17 um helgina. Sími 892 7232.

Sófar til sölu 2ja og 3ja sæta. Verð 20.000 kr. eða tilboð. Upplýsingar í síma 896 5299.



Sófallist
Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa stóla og borðstofustóla. Sérssuðuð rúmteppi og púðaver. Opið mán - fimmtudaga 15.00 - 18.30, laugard. 11.00 - 15.00
Sófallist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofallist.is Sími 553-0444.



Stigamaðurinn ehf.
Stigar og handrið úti sem inni. Tré-járn. Gerum fóst verðtilboð. Sími 898 7779, 423 7779 & 897 1479.

Antík



Vel með farið antíksófasett (sóni og tveir stólar) til sölu. Upplýsingar í síma 896 1470, Ólafur.

Antíkhúsgögn, ljós og annað gamalt til sölu. Mikíð úrval og ódyrt. S. 663 4665.

Heimilistæki

Ísskápur: Tvískápur 11/2 árs IGNIS til sölu á 15-20 þús. Uppl. í síma 895 7742.

Barnavörur



Sumarföt á 0-6 ára til sölu Nýtt og ódyrt. Er á Háahvammí 1 Hfj. Opið Mán.-fim. milli 16-19. Laug. 11-14. Verið velkomin.

Dýrahald



Nýtt! Loksins fánlegt á Íslandi...

Fallegar leðurólar og úrval smáhluta úr ekta Swarovski(r) kristöllum. Frábært úrval af skemmtilegum vörum fyrir hunda. www.comfort.is



Hreinræktaður Beagle-hvolpur til sölu. Ættbókafærður og heilsufarsskóaður. Uppl. í s. 848 4208.



Til sölu tveir Labradorhvolpar, gul tik og svartur hundur. Ættbók frá HRFL. Nánari upplýsingar á www.lognet.is/skafnar og síma 896 0028.



Við erum 3 kettlingar, átta vikna, okkur vantar gott heimili, eru kassavanir, góðir og skemmtilegir. Upplýsingar í síma 897 2204 og 564 2204.

NUTRO - 30% afsláttur!

Purrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokk. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Labrador hvolpar

Til sölu, tilbúin til afhendingar. Upplýsingar í síma 895 8325.

Kettlingar gefins

7 vikna kettlingar fást gefins, kassavanir og farnir að borða sjálfir. Uppl. í s. 421 2113.

Fiskabur.is

Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hfj. Opið mán. til Lau. 14 - 19 www.fiskabur.is s. 544 2050.

Hreinræktaðar Bordie Collie tikur, til sölu. Uppl. í s. 866 0299 e.kl. 20.

Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eignum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Fri heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mveth@hive.is

Til sölu heillegt eikarparket ca 50 m2, Siemens keramik eldunarhellur og ísskápur 135 cm á hæð. Upplýsingar í síma 898 0385 eða 698 0385.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðarþjónusta

Fjölskyldumót
Bjóðum upp á aðstöðu fyrir ættarmót. Heitur pottur, sauna, hestaleiga, góð inniaðstaða. Erum staðsett undir Eyjafjöllum. Uppl. skalakot@simnet.is eða í s. 487 8953.

Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

Íslendinga afsláttur!

Hótel Vík í Síðumúla hefur um að ráða stór og falleg hótélherbergi og íbúðir f. allt að 5 manns. Sími, sjónvarp og fritt internet á bar. Hótel Síðumúli s.: 588-5588 / www.hotelvik.is

Fyrir veiðimenn



MARLIN
Caliber .22
frá 25,700,-
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383
www.sportvorugerdin.is



Laxá á Refasveit. Eignum til lausar stangir. Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.



Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.

Veidiportíð

Erta orðin leiður á að borga 500-700 fyrir einn spún?
Spúnar á aðeins 290 kr!
Veidiportíð, fyrir hagkvæma veiðimenn!
Grandagarði 3.
Sími: 552-9940

Seltjörn 1/2 dagur veiðileyfi 1.950 kr. Uppl. í 822 5300 og www.seltjorn.net

Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Hestamennska

Látið fagmann járna.

Hef járnað mörg af bestu hrossum landsins t.d. Þórodd, Aron, Numa, Forseta, lling o.m.f. Pantanir í síma 899 9590 Svenni Hjör.

Til Sölu. Vandað 22ja hesta hús í Víðidal á besta stað. Uppl. í s. 861 2140.

Reiðskólinn Þyrill

Ætlarðu að láta þæga hestinn þinn ganga lausan í sumar? Tekur gamli hnakkurinn þinn pláss í geymslunni? Ef svo er þá vantar okkur bæði hesta og hnakka. Uppl. í s. 896 1248.

Kynbótasýning

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðaflosum verður haldin dagana 30. maí-10. júní. Tekið verður á móti skráningum dagana 17-20 maí í síma 480 1800. Sýningargjöld verða 8.500 kr. á hross og greiðast með kreditkort um leið og skráð er eða inn á reikning nr. 0152-26-1618, kt. 490169-6609. Vinsamlegast merkið greiðslu með nr. og nafni hrossins. Skráning telst ekki gild nema að lokinni greiðslu. sjá nánar á http://www.bsli.is

Ýmislegt



Fjarstýrðir Rafmagns og bensínbílar
Verð frá kr. 29.900,-
vdo.is
Borgartún 36 - s: 588-9747

44ra ára karlmaður óskar eftir einstaklings eða 2ja herbergja íbúð. Helst á svæði 107. Skilvisar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 895 8940.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst í Breiðholti. Einnig óskast gangfær bill á 10-40.000. S. 661 4772.

Reglusamur einstaklingur

Tæplega sextugur reyklaus og reglusamur maður óskar eftir íbúð í Rvk. Góð greiðslugeta. S. 847 5545.

Draugasetrið
STOKKSEYRI
Vetraropnun:
Laugardaga og
Sunnudaga 14-18
Höppagantanir í annan tíma.
draugasetrið@draugasetrið.is
www.draugasetrið.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Torreveija-spánn.
Indælt lítið raðhús fyrir 6 til leigu, á góðum stað í bænum. Gott verð. S. 908 6440. www.cozyhouse-torreveija.com

Íbúðir á Spáni

Íbúðir til leigu á Spáni. Torreveija svæðið. Frábært verð, frábær staðsetning. Uppl. í síma 00346 17559726 og á dune@internet.is Unnur/Halldór

Ein m/öllu í 2 mán. Frá 10.06. Til 10.08. 50 fm. íb. í blokk. 107 Rvk. 80.000 /m. S. 698 3967.

3ja herb., íbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. Tilvalið fyrir skólafólk. Uppl. í s. 898 8689.

75 fm kjallaraíbúð. Til leigu í Mosfellsbæ. Sérinnangangur laus strax. Uppl. í s. 557 2806, 862 1523 & 849 7532.

Andrésbrunnur

3ja herb., íbúð 93 fm., á 1. hæð, með sérgarði til leigu. Leiga 95 þús., pr. mán. Uppl. í s. 892 8702.

Hvassaleiti

2ja herb., 78 fm., íbúð til leigu, með útgangi út í garð. Leiga 78 þús., pr. mán. Uppl. í s. 892 8702.

65 fm 2ja herbergja íbúð í Hafnarfirði. Leigist á 75 þúsund á mánuði með hita, rafmagni og hússjóð. Laus um mánaðarmótin. Reglusemi skilyrði. Sími 662 6568.

3ja-4ra herb. björt íbúð til leigu frá maí-10. des. í Mos. Verð 85 þús. Sími 588 9909.

Stúdíóíbúð á svæði 109 til leigu. Ísskápur, þvottavél og hluti af húsgögnum getur fylgt. Uppl. í s. 691 2941.

Húsnæði óskast

Óska eftir að leigja skúr (vinnuádstöðu) í 101 Rvk. Uppl. í s. 661 0631 og 517 9770.

Tveir reglusamir einstaklingar óska eftir snyrtilegri 3ja herbergja íbúð á stórhöfuðborgarsvæðinu til langtímaleigu. Þarf að hafa tvö rúmgóð svfnherbergi. Sturla: 896-7492.

Tvítug stúlka óskar eftir herbergi í Rvk. sem fyrst. Reglusemi og skilvislum greiðslum heitið. Uppl. í s. 866 0140.

2ja herb. íbúð óskast. Góðri umgengni og skilvislum greiðslum heitið. Uppl. í s. 699 5643.

Tæplega sextuga ekkju vantar húsnæði frá næstu mán. Reyklaus, drekkur ekki, gegnur vel um. Öruggar greiðslur. Helst í lyftuhúsi eða á jarðhæð. Uppl. í síma 891 8727.

44ra ára karlmaður óskar eftir einstaklings eða 2ja herbergja íbúð. Helst á svæði 107. Skilvisar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 895 8940.

Óska eftir 3ja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst í Breiðholti. Einnig óskast gangfær bill á 10-40.000. S. 661 4772.

Reglusamur einstaklingur

Tæplega sextugur reyklaus og reglusamur maður óskar eftir íbúð í Rvk. Góð greiðslugeta. S. 847 5545.

Sumarbústaðir



Nú er rétti tíminn!
Vönduð bjalkahús 23 fm og 37 fm ásamt 10-15 fm lofti til sölu. Altækni s/f 461 1111 og 869 9007 Nánari uppl. www.bjalkahus.com



ÖREINDAHRABALL Horft inn eftir göngum í nýjum öreindahraðli sem verið er að smíða í CERN. Göngin eru 27 km löng.

Andefni meðal engla og djöfla

SPURNING: ER ANDEFNIÐ Í ENGLUM OG DJÖFLUM EFTIR DAN BROWN TIL Í ALVÖR-UNNI?

Svar: Í spennusögunni Englar og djöflar segir frá dularfullu leynifélaga sem felur tæpt gramm af andefni í Vatíkaninu og hótar að sprengja Páfagarð í loft upp. Þegar líða tekur á söguna kemur í ljós að nánasti aðstoðarmaður páfa og uppeldissonur er höfuðpaurinn í leynifélaginu og ætlun hans er í raun að bjarga Vatíkaninu á síðustu stundu, fljúga á brott í þyrlu með andefnið og snúa síðan aftur líkt og fyrir kraftaverk.

Trú og vísindi

Í sögunni takast á einfaldar andstæður trúar og hátæknivísinda. Eitt markmið leynifélagsins er að sýna fram á yfirburði trúarinnar og efla hlut hennar í flóknum nútímaheimi. Vísindunum í bókinni er bæði teft fram sem andstæðingur trúarinnar og sem bandamanni hennar. Andefnisrannsóknirnar eru til að mynda stundaðar með mikilli leynd af kaþólskum vísindamanni sem hefur í hyggju að komast til botns í því hvernig Guð skapaði heiminn. Yfirmaður rannsóknastöðvarinnar er hins vegar „hreinræktaður“ vísindamaður, andsnúinn öllu trúarlegu og minnr eflaust suma eilítið á breska vísindamanninn Stephen Hawking, því hann er lamaður og ekur um í hjólastól.

Hvað er andefni?

Í sögunni er andefninu stolið frá Evrópsku rannsóknastöðinni í öreindafræði, CERN, en hún er skammt frá borginni Genf í Sviss. Margir vita að Veraldarvefurinn á rætur að rekja þangað en þar var fyrsta vefsíðan birt í ágúst 1991. Við höfum fjallað nokkuð um andefni á Vísindavefnum, meðal annars í svörum við spurningunum Hvað er andefni? og Hvað felst mikil orka í andefni? Þar kemur fram að andefni er eins konar spegilmynd venjulegs efnis. Þegar öreind og samsvarandi andeind koma saman eyða þær hvor annarri og orkan sem fólgin var í massa þeirra losnar úr læðingi.

Hálft gramm = kjarnorkusprengrja
Ef hálft gramm af andefni kæmist í snertingu við hálft gramm af venjulegu efni mundi orkan sem losnar samsvara orkunni í kjarnorkusprengrjunni sem lagði Hiroshima í rúst í lok seinni heimsstyrjaldar.

Andefni í óvinahöndum hljómar því ekkert sérstaklega gæfulega og það er skiljanlegt að það fari hröllur um menn þegar þeir fréttu af andefnisverksmiðjunni í CERN sem framleiðir andefni á hverjum degi. En það er samt engin ástæða fyrir almenning að örvænta því þótt vísindamenn séu orðnir nokkuð góðir í að framleiða

andefni er afar erfitt að geyma það nema í örstutta stund.

Öreindahraðlar

Andefnið sem um ræðir í Englum og djöflum er nákvæmlega eins og andefnið sem framleitt er í öreindahraðlum í CERN, en þeir eru geysistórir og notaðir til að skyggast inn í smæstu eindir efnisins. Það sem er óvenjulegt í bókinni er hvernig andefnið er geymt og hvað það er í miklu magni.

Geymsla á andefni

Skipta má geymslu á andefni í tvö tilvik. Ef andefnið er óhlaðið eru engar aðferðir þekktar til að halda því frá venjulegu efni og því eyðist það samstundis.

Ef andefnið er rafhlaðið eins og til dæmis jákvætt hlaðin andrafeind (líka kölluð jáeind) eða neikvætt hlaðin andróteind, er hægt að geyma það í svokölluðum „rafsegulflöskum“ svipuðum þeim sem lýst er í bókinni. Galdurinn er sá að rafhlaðnar agnir komast ekki beint áfram í segulsviði heldur fara þær í hringi. Með því að stilla rafsegulsviðið rétt má neyða agnirnar til þess að hreyfast í spirál fram og til baka án þess að snerta veggi flátsins og eyðast.

Vandamál við geymslu á andrafeindum

Gallinn við þessa aðferð er hins vegar sá að á milli hleðslna með sama formerki verkar fráhrindikraftur og því er ekki hægt að geyma mikið magn af andrafeindum í sama fláti. Rafkrafturinn á milli þeirra verður of sterkur til að segulsviðið geti haldið þeim frá veggjum flátsins. Það er ekki hægt að leysa vandann með því að blanda saman andrafeindum og andróteindum því þær myndu bindast saman í andvetni sem er óhlaðið.

Fjöldaframleiðsla á andróteindum

Í andefnisverksmiðjunni í CERN eru framleiddar um það bil tíu milljónir andróteinda á hverri sekúndu. Þetta gæti hljómað eins og há tala en hafa verður í huga að í einu gramm af andvetni eru $6 \cdot 10^{23}$ andróteindir svo það myndi taka milljarð ára að framleiða andróteindir í hálft gramm og þar að auki yrði ómögulegt að halda slíku magni af neikvætt hlöðnu andefni í skefjum.

Þótt bókinn Englar og djöflar byggji að hluta til á staðreyndum um andefni verður hún samt að flokkast sem vísindaskáldsaga þar sem höfundurinn fer frjállega með þekkingu vísindanna þegar honum býður svo við að horfa vegna bókmenntalegra sjónarmiða.

Kristján Rúnar Kristjánsson,
doktorsnemi í eðlisfræði,
og Jón Gunnar Þorsteinsson
bókmenntafræðingur.

Í ár fékk Vísindavefurinn styrk frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur til að vinna samstarfsverkefni með grunnskólum á Reykjavíkursvæðinu. Starfsmenn vefjarins svöruðu nýlega, því sem næst jafnóðum, spurningum frá tæplega 80 nemendum í Húsaskóla. Flestir krakkarnir spurðu um stjarnvísindi, dýrafræði, mannlíkamann og jarðvísindi. Laugalækjarskóli hefur einnig tekið þátt í sama verkefni.

Myndlistaskólinn á Akureyri

VORSÝNING // 2005

Sýningin er opin hvítasunnuhelgina í húsnæði skólans að Kaupvangsstræti 16, kl. 14:00 - 18:00



Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði hagnýtrar náttúrufræði. Meginviðfangsefni hans er nýting og verndun náttúruauðlinda á landi.

Umsóknarrestur um nám við LBHÍ er til 10. júní

Þrjár námsbrautir til BS prófs

Búvísindi

Áhersla á undirstöðugreinar í efnafræði, jarðvegsfræði og líffræði og sérhæfðar greinar nytjajurta- og búfjárgreina auk rekstrar- og tæknigreina. Námið gefur góðan grundvöll fyrir ráðgjafastörf, kennslu og rannsóknir auk búreklar.

Náttúru- og umhverfisfræði

Viðfangsefnið er náttúra Íslands, áhrif mannsins á hana og náttúruvernd. Námið felur í sér mikinn sveigjanleika í vali, en hefur þó sameiginlegan grunn. Það nýtist vel fyrir margvísleg störf að umhverfismálum, landnýtingu, landgræðslu og skógrækt.

Umhverfisskipulag

Námsgreinum á sviðum náttúruvísinda, skipulags, tækni og hönnunar er hér fléttuð saman og megináhersla er lögð á samspil náttúru, manns og forma. Námið gefur góða undirstöðu til fekkara náms í landslagsarkitektúr, skipulagsfræði, umhverfisfræði og tengdum greinum.

Almenn inntökuskilyrði - það sama gildir um allar námsbrautir að umsækjandi þarf að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu framhaldsskólaprófi. Námið tekur að lágmarki þrjú ár til BS prófs (90 einingar).

Aðstaða til náms

Aðsetur háskólanáms LBHÍ er á Hvanneyri í Borgarfirði. Þar hefur á undanföllum árum risið myndarlegt háskólaborð, með nemendagörðum þar sem í eru bæði einstaklingsherbergi og fjölskylduíbúðir. Leikskóli, grunnskóli og verslun eru á staðnum.



Landbúnaðarháskóli
Íslands

Aðalstöðvar:
Hvanneyri • IS 311 Borgarnes • Ísland
Sími: 433 5000 • Fax: 433 5001 • Netfang: lbhi@lbhi.is • www.lbhi.is

Þegar Íslendingar hugsa um Jesúm Krist koma upp í hugann blíðar og fagar hugrenningar: trú, von og kærleikur. Undir niðri vita þó flestir að ljótustu stríð mannkynssögunnar hafa verið háð vegna ólíkra trúarbragða. Allt í nafni Jesú Krists, þess sem fyrirgefur allar syndir, þótt kristilegur kærleikur hafi verið víðs fjarri. Sagan endurtekur sig æ ofan í æ, og skemmst er að minnast eilífs ófriðar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs, þar sem saklausir borgarar eru drepnir á víxl í Palestínu og Ísrael.

Trúarbragðastríð eru fjarri Íslands ströndum og auðvelt að gleyma því blóðbaði og hörmungum sem kristilegur kærleikur og guðlegur friður kostaði kristinn lýð. Um þessar mundir er tími krossferða rifjaður upp, nú síðast í stórmyndinni *Kingdom of Heaven* sem sjá má í kvikmyndahúsum landins.

Krossför kallaðist herför kristinna manna til landsins helga til að frelsa það undan heiðingjum. Krossferðir voru vilji Guðs, en það var Urban II. páfi sem fyrstur hvatti krossfara til dáða með krossmerki á öxlum og brjósti, fánum og vopnum til að tryggja öruggan sigur eða vera tákni um píslarvættisdauða. Í stað þess að kynna Jesúm Krist fyrir fólki af öðrum trúarbrögðum og þjóðernum beittu kristnir krossfarar vopnum sínum til að eyða og tortíma, en krossferðirnar eru með hroðalegri styrjöldum sögunnar.

Ragnarök

Í haust kemur út bókinn *Ragnarök – 10 örlagaríkustu orrustur veraldar* eftir séra Þórhall Heimisson, en bókinn segir frá tíu miklum orrustum sem breyttu gangi sögunnar. Hér fyrir neðan er gripið í kaflabrot sem lýsir falli Jerúsalem í hendur krossfara 1099:

Umsátrið um Jerúsalem stóð í einn mánuð og átta daga. Reyndist það krossförunum ákaflega erfiður tími. Kæfandi hiti kvaldi þá og þeim þótti lítið til landsins koma. Heimamenn voru flestir kristnir og tóku fagnandi mót krossfararhernum. Mikill trúarhiti heltók hermennina við að horfa upp á turna borgarinnar helgu. Þetta var í fyrsta sinn sem svo stór hópur kom til Jerúsalem frá Vesturlöndum, og það eftir að hafa liðið ægilegar þjáningar og fært miklar fórnir. Margir riddaranna bjuggust meira að segja við heimsendi.

Jerúsalem var í huga þeirra svo miklu meira en venjuleg borg. Hún varð tákni himnaríkis á jörð og krossfarar þráðu að deyja fyrir hana. Í augum hermanna urðu múslímar sem héldu borginni óvinir Guðs í fyllstu merkingu þess orðs. Þeir spilltu og menguðu borgina sem var helgastur allra heilagra staða. Og moskan mikla sem gnæfði yfir borginni var tákni alls þess sem krossfararnir voru komnir til að sigra. En múslímar í borginni gerðu sér enga grein fyrir trúarhitinum sem rak þessa menn áfram, trúaræðinu er kannski nær að kalla það. Sjálfir hefðu múslímar aldrei liðið að nokkur her kristinna manna settist um Mekku.



INNFRÁSIN Í JERÚSALEM „Sumir manna okkar hálskjuggu óvinina, aðrir skutu þá með örvum þannig að þeir féllu úr turnunum þar sem þeir höfðu leitað skjóls. Öðrum var varpað í eldana sem loguðu um borgina. Hrúgur af föllnum lágu um alla borgina. Það var erfitt að komast áfram á hestbaki vegna líkanna.“

Í blóði upp að hnjám

Þegar Íslendingar hugsa um Jesúm Krist koma upp í hugann blíðar og fagar hugrenningar: trú, von og kærleikur. Undir niðri vita þó flestir að ljótustu stríð mannkynssögunnar hafa verið háð vegna ólíkra trúarbragða. Allt í nafni Jesú Krists, þess sem fyrirgefur allar syndir, þótt kristilegur kærleikur sé víðs fjarri. Þóráð Lilja Gunnarsdóttir gluggaði í kafla úr óútkominni krossferðabók séra Þórhalls Heimissonar um tíu örlagaríkustu orrustur veraldar.

Verkfæri Satans

Múslímar vörðust vel enda múrar borgarinnar háir. Flestir kristinna manna höfðu verið reknir úr borginni til að koma í veg fyrir að nokkur gæti svikið hana í hendur innrásarmanna. Herstjóri borgarinnar var hinn egypski ad-Daula og lét hann menn sína hæða her kristinna manna með því að ræna krossum úr kirkjum borgarinnar, koma þeim fyrir efst á borgarmúrnum og svína þá til. Ærði það atferli krossferðaherinn sem þótti sem múslímar væru verkfæri Satans að hæða sjálfan Jesúm Krist.

Tíunda júlí hófst stórarárás á borgina og eftir mikið mannfall, um hádegisbil 15. júlí 1099, brutust krossfarar inn í borgina. Næstu tvo daga lögðu þeir hana undir sig með oddi og egg. Voru nú engin grið gefin, en borgarbúar myrtir án manngreinarálits. Fjöldamorðin í Jerúsalem eru meðal grimmilegustu hermdarverka veraldarsögunnar. Íbúar Jerúsaleborgar voru brytj-

aðir niður og krossfarar létu greipar sópa um auðæfi hennar.

Fjöldamorðin í Jerúsalem

Slátrunin stóð yfir í þrjú daga. Á hinum fjórða degi, sunnudegi, var gefin hvíld frá manndrápum til guðsþjónustu, en daginn eftir var morðunum fram haldið. Engum var sýnd miskunn, hvorki konum, börnum né gamalmennum. Og það voru ekki aðeins múslímar sem fengu að kenna á æði krossfaranna. Öllum Gyðingum sem náðist til var smalað saman í stærsta samkunduhúsi borgarinnar. Síðan var kveikt í og allir sem inni voru brenndir lifandi, allt Gyðingasamfélagið sem bjó í Jerúsalem. Segir sagan að margir hafi kosið að kasta sér fram af borgarmúrnum frekar en að falla í hendur krossfara.

Lýsingarnar á morðunum eru svo ægilegar að vart er hægt að hafa þær eftir. Segja samtímaheimildir ægilegan daun hafi legið yfir borgina langt fram eftir

hausti, en eina þekktustu samtímaheimild um fjöldamorðin í Jerúsalem ritaði Raymond frá Aguires, sem fylgdi krossfararhernum. Hann segir svo frá:

„Sumir manna okkar hálskjuggu óvinina, aðrir skutu þá með örvum þannig að þeir féllu úr turnunum þar sem þeir höfðu leitað skjóls. Öðrum var varpað í eldana sem loguðu um borgina. Hrúgur af föllnum lágu um alla borgina. Það var erfitt að komast áfram á hestbaki vegna líkanna. En þetta var ekkert á móts við það sem gerðist í musteri Salómons þar sem Gyðingar voru vanir að tilbiðja. Hvað gerðist þar? Ef ég segi sannleikann mun hann fara langt fram úr öllu því sem þér er fært að trúa. Látum því nægja að segja að í musteri Salómons riðu menn í blóði upp að hnjám hestanna“.

Hefnd múslíma

Alls myrtu krossfarar 40.000 manns þessa þrjú daga sem blóðbaðið stóð yfir. Í þeim hópi voru

bæði Gyðingar, múslímar og kristnir sem bjuggu í borginni helgu. Þar var enginn greinarmunur gerður á. Öllum íbúum borgarinnar var útrýmt. Yfirmenn hersins gerðu ekkert til að koma í veg fyrir eða stöðva slátrunina. Allir lögðu sitt á mörkum. Og enginn virðist hafa séð eftir gjörðum sínum, heldur fagnaði herinn því að borgin hefði verið „hreinsuð“.

Þegar fréttir bárust af fjöldamorðunum urðu margir kristnir menn í Evrópu fyrir áfalli. Þetta stríð var ekki lengur venjulegt landvinningastríð heldur hafði snúist upp í heilagt stríð þar sem lítið var á óvininn sem óvin kristinnar trúar. Og þó voru aðrir sem fögnuðu, meðan múslímar um allan hinn íslamska heim fylltust skelfingu og hétu hefnda. ■

HER KROSSFARA VIÐ JERÚSALEM

Jerúsalem var í huga krossfara svo miklu meira en venjuleg borg. Hún varð tákni himnaríkis á jörð og krossfarar þráðu að deyja fyrir hana.



Vaxtalaus verðsprengja

í Hagkaupum Smáralind og Akureyri

Hágæða örpunn sjónvarpstæki

United 42" Plasma Breiðtjaldssjónvarp

- 42" HD plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 1000:1
- Birta: 640 cd/m²
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **9.999** kr
á mán. í 20 mánuði
Verð nú **199.980,-**
Verð áður **249.990,-**

United 30" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 30" 16:9 LCD skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA)
- 600:1 skerpa og comb filter
- Sjónsvið: 170°
- 10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- 6 breiðtjaldsstillingar: 4:3, zoom 14:9, zoom 16:9, zoom texti, super zoom og widescreen
- 2 scart, SVHS og heymartólstengi
- 124 síðna textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 87,5x50x10,5



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **7.499** kr
á mán. í 20 mánuði
Verð nú **149.980,-**
Verð áður **199.990,-**

Dantax 20" LCD Sjónvarp

- 20" 4:3 LCD skjár
- Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 16ms
- Textavarp og stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, AV og SVHS og heymartólstengi
- PC-Inngangur
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 61,7x45x7,8



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **4.999** kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú **59.988,-**
Verð áður **79.990,-**



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **9.999** kr
á mán. í 20 mánuði
Verð **199.980,-**

Philips 32" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD LCD skjár • Upplausn 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) • Digital crystal clear og contrast plus
- Ljósmyndari og active control til að minnka glampa • Skerpa: 400:1 og svartími: 18ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 450 cd/m² • 2 x 30w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 scart tengi (með RGB) og PC tengi (VGA) • Stereo inn og út • Heymartóls, SVHS og AV tengi
- Textavarp • Smart picture og smart sound • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Mál (bxhxd): 92,4x55x22,2 cm (með standi) og þyngd: 18,2kg



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **8.332** kr
á mán. í 12 mánuði
Verð nú **99.984,-**
Verð áður **149.990,-**

United 27" LCD Breiðtjaldssjónvarp

- 27" LCD skjár • Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með progressive scan • Skerpa:600:1
- Birta: 500 cd/m² • Sjónsvið: 170° • 2x7w SRS surround hljóðkerfi með 2 hátölurum • 2 scart tengi, component (YPbPr) og DVI tengi • Tölvutengi • AV og heymartólstengi að framan • Mynd í mynd (2 tunerar) • Textavarp • Fjarstýring • Mál (bxhxd): 81x44,5x11

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Landsbankadeild karla og kvenna:

Baráttan hefst eftir helgina

LEIKIR KARLA:

Mánudagur 16. maí

Valur – Grindavík að Hlíðarenda
ÍA – Þróttur á Akranesvelli
Fram – ÍBV á Laugardalsvelli
Keflavík – FH á Keflavíkuvelli

Þriðjudagur 17. maí

Fylkir – KR á Fylkisvelli

LEIKIR KVENNA:

Mánudagur 16. maí

KR – Stjarnan á KR-velli

Þriðjudagur 17. maí

Breiðablik – Valur á Kópavogsvelli
Keflavík – FH á Keflavíkuvelli
ÍBV – ÍA á Hásteinsvelli

Sama miðaverð á leiki Landsbankadeildar karla:

Hugmyndin frá félögunum

NEYTENDUR „Hugmyndin er gömul og kemur ekki nema að litlu leyti frá okkur hjá knattspyrnuforystunni“, segir Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, vegna þeirrar ákvörðunar að láta sama miðaverð gilda á alla leiki í Landsbankadeildinni sem hefst eftir helgina.

Geir segir forráðamenn félaganna hafa tekið þetta upp og frumkvæðið komi því þaðan. „Auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta félögunum á milli en um þetta var kosið og þetta samþykkt. Mín persónulega skoðun er sú að í framtíðinni muni miðaverð miðast við aðstöðu þá sem stuðningsmönnum er boðið upp á. Á því er mikill munur í dag. Stöku félög bjóða stúkur og sæti meðan önnur gera það ekki.“



FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

Aðspurður um hvort sama hugmynd ætti ekki að gilda um Landsbankadeild kvenna segir Geir að það komi vel til greina en það sé erfiðara þar sem sum félögin taki gjald fyrir meðan önnur gera það ekki. „Það má kannski segja að það sé hugsunarleysi hjá okkur að hafa ekki farið fram á slíkt hjá stelpunum. Ég er nokkuð viss um að Landsbankinn tæki vel í þá hugmynd að niðurgreiða miða á leiki þeirra þannig að ókeypis yrði á þá alla.“

—aðe

FRAMKVÆMDASTJÓRI KSÍ Segir þá ákvörðun að láta sama verð gilda á alla leiki koma frá félögunum sjálfum. Vel komi til greina að láta slíkt einnig gilda um kvennaleikina í framtíðinni.

Markaðshyggja í boltanum

Þrátt fyrir að samkomulag hafi orðið milli félaga í Landsbankadeildinni um að sama miðaverð gildi á öllum leikjum deildarinnar er mikil samkeppni um áhorfendur og ýmis sérkjör og tilboð í boði.

NEYTENDUR Tólf hundruð krónur mun kosta fyrir fullorðna að sækja leiki í Landsbankadeild karla þetta sumarið samkvæmt sameiginlegri ákvörðun Knattspyrnusambands Íslands og félögunum sjálfra. Enn verður þó frítt á meginhluta leikja í Landsbankadeild kvenna eins og verið hefur undanfarin ár.

Þetta er í fyrsta sinn sem félögin ákveða sameiginlega gjaldskrá en það hefur þó ekki komið í veg fyrir að hörð samkeppni ríkir um að fá sem flesta á völlum. Flest félögin bjóða upp á árskort með ýmsum fríðindum og geta áhugasamir sparað sér talsvert á að nýta sér slíkt tilboð. Enn fremur mun Landsbankinn selja miða á alla leiki í forsölu fyrir fullorðna fyrir þúsund krónur og muna börn og unglingar geta í flestum tilfellum fengið frímiða hjá útbúum bankans að auki. Þannig getur fjölskylda farið saman á völlum fyrir tvö þúsund krónur.

Áfram verður frítt á flesta leiki í Landsbankadeild kvenna eins og verið hefur undanfarin ár. Þó eru undantekningar á þeirri reglu. Á leikjum KR, Keflavíkur og Stjörnuvinnar verða fullorðnir að greiða 500 krónur en frítt verður fyrir börn og unglinga. Líklegt þykir að einnig muni kosta á leiki kvennaliðs Vals en það fékkst ekki staðfest hjá forráðamönnum félagsins.

Sú ákvörðun að hafa sameiginlega gjaldskrá hefur farið fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum. Benda nokkrir forráðamenn á að engum dytti í hug að bjóða sama miðaverð á leiki Arsenal og

Portsmouth eða Barcelona og Getafe og vilja meina að hið sama eigi að gilda hér á landi.

Félögin haf því gripið til þess ráðs að bjóða árs- eða stuðningsmannakort á hagstæðum kjörum í sumar og er þá jafnan innifalið meira en sé keyptur einn miði. Frítt kaffi, kökur eða annað meðlæti meðan á leik stendur er algengt og stöku félög eins og Grindavík og Keflavík munu bjóða korthöfum sínum enn frekari umbun. Keflvíkingar eru einna grimmastir í tilboðum sínum. Þar veitir fjölskyldukort sem kostar 15 þúsund krónur aðgang fyrir fjóra á alla leiki liðsins, friar veitingar meðan á leik stendur, liðstreyja félagsins fylgir með í kaupunum og þeir sem mæta hvað oftast á leiki í búningnum geta átt von á veglegum vinningum. Þess utan býður Keflavík stuðningsmönnum sínum á leik á útivelli í sumar og mun í leiðinni verða grillað og boðið upp á ýmislegt fyrir börnin.

Til samanburðar fá stuðningsmenn Fram, svokallaðir Framherjar, fátt eitt annað en miða á leiki og kaffi meðan stuðningsmenn KR og Grindavíkur fá úthlutað sínum eigin sætum í stúku félögunum.

Ljóst er því að fyrir stuðningsmenn liðanna borgar sig að kaupa árskort eða vera í stuðningsmannaklúbbum félögunum flestra en ætli fólk aðeins á stöku leiki er að líkindum vænlegast að verða sér úti um miða í forsölu hjá Landsbankanum.

albert@frettabladid.is

Þjálfarar í Landsbankadeildinni eru búnir að vinna heimavinnuna sína.



ERTU BÚINN

Stigahæstu liðin eftir 6, 12 og 18 umferðir fá veglega vinninga:

AÐ STILLA UPP

Ferð fyrir tvo á leik á Englandi - PSP, nýja leikjatölvan frá Playstation

DRAUMALIÐINU

Gjafabréf frá Landsbankanum - Áskrift að Sýn

ÞÍNU Á VISIR.IS?

Aukavinningur fyrir öflugasta hópleikinn



Ný þjónusta fyrir Draumaliðsþjálfara:
BOLTAVAKTIN - allt beint af
vellinum á visir.is



HVAÐ KOSTAR Á VÖLLINN HJÁ STRÁKUNUM?

HVAÐ KOSTAR Á VÖLLINN HJÁ STRÁKUNUM?

Félag	Völlur	Fullorðinn í stúku	Fullorðinn í stæði	Barn	Árskort	Annað
Valur	Hlíðarenda	1200	1200	300	8000	*****
Fram	Laugardalsvöllur	1200	1200	300	-	***
ÍA	Akranesvöllur	1200	1200	300	-	-
Keflavík	Keflavíkuvöllur	1200	1200	300	15000	**
Fylkir	Fylkisvöllur	1200	1200	300	8400	*****
Grindavík	Grindavíkuvöllur	1200	1200	300	9000	*****
Þróttur	Laugardalsvöllur	1200	1200	300	-	-
ÍBV	Hásteinsvöllur	1200	1200	300	8000	****
KR	KR-völlur	1200	1200	300	12000	*
FH	Kaplakrikavöllur	1200	1200	300	-	*****



HVAÐ KOSTAR Á VÖLLINN HJÁ STRÁKUNUM?

HVAÐ KOSTAR Á VÖLLINN HJÁ STELPUNUM

Félag	Völlur	Fullorðinn í stúku	Fullorðinn í stæði	Barn	Annað
KR	KR-völlur	500	500	0	-
Breiðablik	Kópavogsvöllur	0	0	0	*****
Keflavík	Keflavíkuvöllur	500	500	0	-
ÍBV	Hásteinsvöllur	0	0	0	-
FH	Kaplakrikavöllur	0	0	0	-
ÍA	Akranesvöllur	0	0	0	-
Valur	Hlíðarenda	-	-	-	-
Stjarnan	Stjörnuvöllur	500	500	0	-

*Fjölskyldutilboð. Ársmiði fyrir einn á 12.000, séu tveir keyptir 22.000, séu þrír keyptir 30.000

** Fjölskylduklúbbur. Miðar fyrir tvo fullorðna og tvö börn á alla leiki plús veitingar friar og ýmis önnur fríðindi á 15 þúsund krónur.

*** Framherjaklúbburinn. Meðlimir fá frítt kaffi og frítt á leiki.

**** Hjónakort einnig í boði á 12 þúsund.

***** Toyota á Íslandi býður áhugasömum frítt á leiki Breiðabliks.

***** Þjár tegundir árskorta í boði auk aðgangs að lokuðum stuðningsmannaklúbbum.

***** Ársmiðar Vals gilda á alla leiki karla og kvenna

***** Frítt kaffi fyrir árskorthafa. Einnig hægt að kaupa sérstök stuðningsmannakort

***** Sérstakt fjölskyldugjald verður væntanlega í boði.

Nýtt kortatímabil

SONY DAV SB100

mp3 DIGITAL SURROUND VIDEO CD DVD VIDEO

Alvöru heimabíó

BT Bestu kaupin

2.499 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

29.988 STADGREITT

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

Hátalarakerfi 5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

Fjölkerfa DVD spilar sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JPEG og MP-3

Útvarp Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

Svona virkar heimabíó

SURROUND

Að hafa hljóðið í lagi þegar horft er á bíómynd skiptir öllu máli! Með því að hafa DVD spilara, stafrænt útvarp og netta en öfluga hátalara með sér bassa er heimabíóstæðan orðin að heildar hljómteki heimilisins.

MasterCard VISA

**Mikð við 12 jafnar vaxtalausar greiðsur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfarhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Stafræn tökuvél

Panasonic

MiniDV videovél NVGS178

NightView 0 LUX Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

800x aðdráttur Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

CCD Myndflaga 800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast.

BT Bestu kaupin

DV tengi og USB2 DV tengi og nýjustu USB tengi möguleikunum.

Ljósmyndataka Tökuvélin er líka ljósmyndavél. Notaðu SD/MMC kortið eða taktu ramma úr hreyfimynd.

Einfalt stjórnborð Panasonic passar upp á að þú getir notað alla möguleika á sem einfaldasta máta.

2.5" Litaskjár Hágæða LCD litaskjár sem þú snúð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

3.299 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

39.588 STADGREITT

Windows Movie Maker Klippu sjálfur í tölu

Playstation 2 tilboð

Veldu einn leik í kaupbæti

13.999

Vinsælasti DVD spilar í heimi

Vélin stök á kr. 12.499

Bíltæki

Spilar MP3

Panasonic

PANASONIC BÍLTÆKI CQ-C1301

- Útvarp FM/MB/LB RDS
- Magnari 4x50W
- Spilar CD-R, CD-RW og MP-3
- SQ Tónjafnari
- Tengir fyrir magnara
- Line in Tengir
- Loudness

12.999

~~15.999~~

Bíltæki með USB tengi

MEDION

MD80403

- 4x20 RMS wött
- MP3/CD-R/CD-RW/Audio CD compatible
- ID3-Tag function
- RDS (Radio Data System)
- USB2.0 tengi að framan fyrir USB tæki og MP3-Flash spilara
- Decoding MP3 og WMA

14.999

SNILLP!
Spilar MP3 lög beint af USB minnislyklum

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



BJÖRN ROTH, standandi með derhúfu, ásamt félögum úr Roth-akademíunni. Sýningin á verkum Dieters Roth verður opnuð í dag í Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu og í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur.

Spenntur að sjá viðbrögðin

Stór sýning á verkum Dieters Roth í þremur sýningarsölum verður þungamiðjan á Listahátíð. Björn Roth, sonur listamannsins og sýningarstjóri, vann náð með föður sínum um tveggja áratuga skeið.

Hundasinfónían

Þegar Ari Kristinsson og Eggert Einarsson voru nemendur Dieters Roth í nýlistadeild Myndlista- og handiðaskólans skrifuðu þeir ritgerð um hann í listasögu.

Ari notaði tækifærið og spurði Dieter hvert verka hans væri í mestu upphaldi hjá honum sjálfum.

„Hann sagði strax: Hundasinfónían,“ segir Ari. „Og hvernig er hún, spurði ég. Og þá segir hann: Þetta byrjaði þannig að ég og Richard Hamilton ætluðum að setja upp myndlistarsýningu fyrir hunda á Spáni. Við höfðum tekið eftir því á matsölu, sem við borðuðum á, að þar voru matseðlar fyrir hunda, og þá spurðum við: Af hverju ekki myndlist fyrir hunda? Við máluðum myndir og sýndum þær, en það virkaði ekkert, hundarnir sýndu engan áhuga. En þarna í myrkrinu heyrdum við svo angurvært hundavæl að ég fór að athuga málið og komst að því að þarna var hæli fyrir heimilislausa hunda. Aldrei á ævinni hafði ég heyrt jafn angurvært væl. Það skar mig í gegnum merg og bein og við ákváðum að taka það upp.“

Dieter réð til sín menn með tækjabúnað og lét taka upp hundavælið og setti það síðan upp á mörgum sýningum.

„En þetta var svo óþægilegt væl að hann gat aldrei setið inni á sýningum, sagði Dieter mér. Áhorfendur gátu heldur ekki haldið lengi við inni á sýningunum og konurnar sem sátu yfir verkunum kvörtuðu.“ Ari segir að sársaukinn sem var yfir þessu verki hafi endurspeglad sársaukann í lífi hans sjálf.

„Þessi sársauki snerti hann mjög djúpt.“

Það verður svolítið spennandi að sjá hvernig fólk tekur þessari sýningu,“ segir Björn Roth um heljarinnar mikla yfirlitssýningu á verkum listamannsins Dieters Roth, sem opnuð verður í þremur sýningarsölum í dag.

„Það má segja um hann að hann var fyrst og fremst þekktur og virtur meðal myndlistarmanna sjálfrá, en almenningur vissi lítið um hann.“

Björn skipulagði fyrir nokkrum árum stóra yfirlitssýningu á verkum Dieters sem fyrst var sett upp í safninu Schaulag í Basel fyrir tveimur árum og síðan í Museum of Modern Art í New York á síðasta ári, en hann segir



SÚKKULADILJÓNATURN Eitt verka Dieters Roth á sýningunni.

þessa stóru sýningu hér í Reykjavík vera af töluvert öðrum toga.

„Að stórum hluta er þessi sýning gerð nákvæmlega eins og við unnum síðustu stóru sýningarnar með Dieter á meðan hann lifði. Ég tek upp þráðinn þar svolítið. Ég leyfi mér það líka af því að ég vann mjög náð með honum í tuttugu ár. Þetta var stór partur af mínu lífi líka og þess vegna nota ég tækifærið að halda áfram með þetta.“

Fjölbreytt úrval af verkum Dieters Roth, þar á meðal bókverk,

grafíkmyndir, málverk og innsetningar, verður sýnt á þessari sýningu og er markmiðið að gefa raunsanna mynd af listamanninum og fjölskrúðugum ferli hans.

„Þetta er fyrsta stóra sýningin á verkum hans hér á Íslandi og þess vegna verður að gefa létt yfirlit yfir ýmislegt sem hann tók sér fyrir hendur.“

Elstu verkin sem hann vann hérna á Íslandi verða sýnd í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur.

„Í Listasafni Íslands verður síðan yfirlit yfir bækkurnar og prentin sem hann vann hérna á Íslandi og svo endum við í tómrí vitleysu í Hafnarhúsinu.“

Í Hafnarhúsinu fær Dieter Roth-akademían að leika lausum hala. Þessa akademíu stofnaði Björn með vinum og samstarfsmönnum Dieters skömmu eftir að hann dó.

„Þetta eru listamenn, iðnaðarmenn og prentarar víðs vegar að úr heiminum. Hluta af þessu fólki var alltaf boðið að taka þátt í sýningunum sem við gerðum saman. Þótt gamalt efni sé líka sýnt í Hafnarhúsinu þá er sýningin þar líka að hluta til nýjung sem við vinnum saman og spinnum eins og við gerðum með Dieter. Meðan á Listahátíð stendur verður líka haldið áfram að vinna úti í portinu. Það má segja að sýningin renni þannig út í portið.“

Þar verða á ferð nemendur Roth-akademíunnar, ekki síst listamenn sem hafa verið viðriðnir Klink og Bank.

„Margir þeirra eru nemendur mínir frá Listaháskólanum sem ég skrái alltaf sjálfkrafa inn í Roth-akademíuna.“

Á árunum milli 1970 og 1980 hætti Dieter Roth að mestu að sýna verk sín.

„Hann fór eiginlega í felur á tímabili. Hann vildi ekkert eiga við listasala og vildi ekki sýna í söfnum. Hann hélt sig til hlés og flutti eiginlega heim til Sviss, dró sig út af öllum markaði og út úr listaélitunni. Á seinustu árunum var hann líka mjög mikið á Íslandi



Ari Kristinsson kvikmyndagerðarmaður

Fór að kjarna málsins

„Ég hugsa að ég hafi orðið fyrir meiri áhrifum af honum en nokkrum manni öðrum. Hann var fenginn til að kenna okkur í Myndlistaskólanum og hafði mikil áhrif á okkur öll. Hann hjálpaði okkur fyrst og fremst að komast að kjarna málsins. Í myndlistarskólum er oft svo mikið af alls kyns dulúðugu rugli og fólk er með alls konar óljósar meldingar út í loftið, en hann brýndi alltaf fyrir okkur að horfa á raunveruleikann. Hann mætti alltaf seint á daginn og kenndi síðan yfirleitt á börum og veitingahúsum, Hótel Holti og Hótel Borg, og borgaði þá reikningana sjálfur. Þetta var mjög óvenjuleg kynsla, en hann fylgdi okkur eftir og var guðfaðir okkar og verndari í langan tíma á eftir.“



Marteinn Viggósson offsetljósmyndari

Ungur og sjarmerandi

„Ég kynntist Dieter fljótlega eftir að hann kom til landsins. Hann var þá óþekktur, ungur og sjarmerandi maður með fullt af nýjum hugmyndum í sambandi við myndlist, auglýsingagerð og fleira. Við unnum mörg mjög spennandi verk saman, ég vann tæknivinnuna fyrir hann. Þá var ég að læra þetta fag, offsetljósmyndun, í Litbrá. Um Dieter væri hægt að tala lengi. Hann var mjög spennandi maður og þau hjónin bæði. Hans frjóa og frumlega hugsun hefur nýst mér mjög vel, bæði í bókagerð og bara í lífinu yfirleitt.“



Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur

Óhemju flókin

„Ég var mikið á randi meðal þessara myndlistarmanna sem hann var í tengslum við, hitti hann uppi í Myndlistarskóla þegar hann kenndi þar og svo tók ég mig til og hafði samband við hann þegar ég var að vinna að rannsóknarverkefni um áhrif hans á Íslandi. Ég kynntist honum mjög vel og hann er með markverðari mönnum sem ég hef nokkurn tíma kynnst. Hann var óhemjulega flókin maður, bæði greiðvikiinn úr hófi fram og viðkvæmur og meyr en líka erfiður í samskiptum og gerði miklar kröfur til fólks. Ef hann hélt að fólk væri að gera eitthvað á sinn hlut þá voru menn bara settir út af sakramentinu, en síðan var maður tekinn í sátt og þá var hann grátlökkur og sá mikið eftir öllu.“

og lét lítið fyrir sér fara. Það var mjög erfitt að ná í hann.“

Allur listferill Dieters einkenndist af tilraunastarfsemi á öllum sviðum. Hann gerði tilraunir með fjölda miðla, þar á meðal tónlist, ljóðlist og myndlist.

Hann prófaði að nota alls kyns hluti sem efnivið í verk sín, þar á

meðal lífræn efni, matvæli og annað sem geymist illa.

„Þetta er auðvitað hausverkur fyrir allt safnafólk, en þeir einkasafnarar sem gefa þessu séns að verkin hafi ekkert eigið líf eins og Dieter hugsaði það, þeir hafa ekkert nema ánægjuna af því að verkin breytist og jafnvel hverfi.“

Hagkaup

lækka verð á tónlist

**Gerðu
verðsaman-
burð!**



FRANZ FERDINAND

1.499 kr
Alm. verð 2.499.



MOBY - Hotel

1.499 kr
Alm. verð 2.499.




Hildur Vala ártar plötu sína
laugardaginn 14. maí
í Hagkaupum Smáralind
kl. 14:30

HILDUR VALA



EMILLÍANA TORRINI - Fisherman's woman

1.499 kr
Alm. verð 2.499.



JOE COCKER - Greatest Hits

1.499 kr
Alm. verð 2.499.



PAPAR - Live á Dubliner

1.499 kr
Alm. verð 2.499.

Í tilefni af endurútgáfu á
"Live á Dubliner" verður
Papavika í Hagkaupum
frá 12. - 19. maí.



PAPAR - Hláturinn lengir lífið

999 kr
Alm. verð 2.499.



PAPAR - Þjóðsaga

999 kr
Alm. verð 2.499.



PAPAR - Riggarobb

999 kr
Alm. verð 2.499.



PAPAR - Leyndarmál frægðarinnar

999 kr
Alm. verð 2.499.

Gildir til 30. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680 sími 568 2255
HAGKAUPA

DURAN DURAN Hljómsveitin vakti ekki síst athygli fyrir metnaðarfull tónlistarmyndbönd en þeir ferðu út um allan heim til framandi tókustaða. „Af öllum þeim löndum sem við höfum heimsótt mun Srí Lanka alltaf eiga veglegan sess í hjarta mínu. Þar tókum við upp myndböndin við Save a Prayer, Hungry Like the Wolf og Lonely in Your Nightmare. Þetta var ótrúleg lífsreynsla að koma á svona framandi stað og færa heiminum smá hluta af Srí Lanka. Svona hlutir gerast bara einu sinni til tvisvar á ævinni.“



Aðdáendurnir héldu sveitinni saman

Simon Le Bon hefur verið í forsvari fyrir hljómsveitinni Duran Duran í rúm 20 ár. Sveitin mun spila á tónleikum á Íslandi í júní en þeirra hefur verið beðið með eftirvæntingu síðan á níunda áratug síðustu aldar. Þórarinn Þórarinsson ræddi við söngvarann um forna frægð og bjarta framtíð Duran Duran sem tekur sér langlífi Rolling Stones til fyrirmyndar.

Breska hljómsveitin Duran Duran er væntanleg til landsins í júní eins og alþjóð veit og mun spila á tónleikum í Egilshöll þann þrítugasta júní. Íslenskir aðdáendur Duran Duran hafa beðið þeirra í ofvæni í rúm 20 ár en þeir létu þó ekki sjá sig þegar sveitin var á hátindi frægðar sinnar. Simon segist þó fullmeðvitaður um að nærveru þeirra hafi lengi verið óskað. „Það hefur samt aldrei áður komið til tals að fara til Íslands og ég hlakka mikið til.“

Vinsældirnar breyttust í geðveiki Duran Duran sló í gegn með fyrstu stóru plötunni sinni sem bar nafn sveitarinnar árið 1981 og vinsældunum var fylgt eftir með fullum þunga árið 1982 með breiðskífurni Rio, Seven and the Ragged Tiger, sem almennt er talin besta plata Duran Duran, ári síðar og svo kom tónleikaplatan Arena út árið 1984 en þá var sveitin á hátindi frægðar sinnar. En var þetta ekki of mikið og má kannski segja að sveitin hafi brennt sig upp á of stuttum tíma?

„Unnum við of mikið eða vann ég of mikið? Ég veit það ekki, maður gerir eins mikið og maður getur og við unnum vissulega

mikið. Það var svo árið 1984 sem við fundum að langþreyta var farið að gera vart við sig og við sögðum við sjálfa okkur að þetta væri orðin geðveiki. Við vorum of mikið í sviðsljósinu og vissum að þetta myndi enda með því að allir fengu ógeð á okkur og þess vegna skiptum við liði og stofnuðum hljómsveitirnar Arcadia og Power Station.“

Upplausn og stefnubreyting

Bassaleikarinn John Taylor og gítarleikarinn Andy Taylor gengu til liðs við söngvarann Robert Palm-

Aðdáendurnir björguðu bandinu

Það eru líklega fáar hljómsveitir sem geta státað af jafn tryggum aðdáendum og Duran Duran en ótrúlega stór hópur hefur staðið með þeim í gegnum súrt og sætt og keypt plötur þeirra þrátt fyrir alls konar manna- og stefnubreytingar. „Aðdáendur okkar eru alveg ótrúlegir og þeir héldu okkur saman. Þegar John hætti í bandinu á árunum 1997 til 2001 leið mér oft mjög illa. Þetta voru erfið ár og sveitin hefði getað lagt endanlega upp laupana hvenær sem var. Þá voru það aðdáendurnir sem héldu okkur virkilega saman.“

Simon segist oft finna fyrir því að aðdáendur Duran Duran virði þá félagar fyrir að hafa aldrei lagt árar í bát. „Þetta er mjög skemmtilegt og það hefur komið mér á óvart hversu traustir aðdáendur okkar eru. Ég man eftir dómi frá því við vorum að byrja. Ég held að hann hafi birst í NME en þar sagði að tónlist okkar væri eins og gárur í gruggugri tjörn

og hljómsveit og við erum að gera frábæra nýja tónlist og getum spilað á tónleikum fyrir fólk sem vill sjá okkur hér og nú. Svo á ég fjölskyldu þannig að ég á mér líf.“

Klikka ekki á gömlu lögunum

Þegar vinsældir Duran Duran voru sem mestar var sveitin fengin til að semja titillag James Bond-myndarinnar A View to a Kill. Það var mikið gert með það í fjölmörgum á sínum tíma að þetta væri nánast lokatakmark strákanna þar sem þeir væru allir miklir James Bond-aðdáendur. Simon dregur úr þessu og finnst umræðan hafa verið orðum aukin. „Tjah... ég er mjög hrifinn af James Bond sem slíkum. Las bækurnar og hafði gaman af gömlu

og nýtt í bland enda erum við nýbúnir að gefa út góða nýja plötu. Við munum að sjálfsögðu ekki svíkja ykkur um Save a Prayer.“ Save a Prayer er sjálfsagt eitt vinsælasta „kveikjaralag“ níunda áratugarins en Simon bendir á að þeir sem reykja ekki geti bara kippt farsímunum sínum upp þeir vasanum og kveikt ljósið á þeim þegar þeir byrja að spila lagið.

Gaman að gera eitthvað nýtt

Þegar Simon er beðinn um að líta um öxl yfir ferilinn og plötur og nefna einhverja plötu sem er í sérstöku uppáhaldi hjá sér segir hann að engin eldri plata sé sér hjartfólgnari en önnur. „Nýja platan okkar er mér mjög kær og okkur finnst hún sérstök þar sem

TÓNLEIKAR DURAN DURAN ERU FYRRI HLUTI REYKJAVÍK ROCKS 2005 EN SEINNI HLUTI REYKJAVÍK ROCKS 2005 FER FRAM 5. JÚLÍ Í EGILSHÖLL MEÐ TÓNLEIKUM FOO FIGHTERS OG QUEENS OF THE STONE AGE.

er og spiluðu amerískt iðnaðarrock í Power Station á meðan Simon, hljómborðsleikarinn Nick Rhodes og trommarinn Roger Taylor voru á rólegri nótum í Arcadia. „Roger ákvað síðan að koma ekki aftur í Duran Duran og Andy fór svo sömu leið í framhaldinu en þessar ákvarðanir þeirra snerust um allt önnur mál,“ segir Simon og vill ekki eyða mörgum orðum í upplausn sveitarinnar.

Simon, John og Nick héldu áfram að starfa undir merkjum Duran Duran og gáfu út breiðskífuna Notorious árið 1986. Platan er metnaðarfull og vönduð en ansi frábrugðin Seven and the Ragged Tiger og það má segja að hún sé frekar rökrétt framhald af því sem Nick og Simon voru að gera í Arcadia.

„Á Notorious vorum við að teygja Duran Duran-sándið eins langt og við gátum. Ég var mjög upptekinn af textum og melódíu á þessum tíma en það eru takmörk fyrir því hversu langt þú getur farið með melódíuna, nema auðvitað að þú sért Björk. Þá geturðu gert allan andskotann og allt sem þú vilt. Björk er yndisleg og við elskum hana allir. Hún er mjög góður vinur okkar.“

að hún væri svo gagnsæ að hún myndi gleymast á einu ári. Í fyrri las ég það svo í Daily Telegraph í umsögn um nýju tónleikaferðina okkar að eins undarlega og það kynni að hljóma þá yrðum við ef til vill næstu Rolling Stones Bretlands hvað úthald varðar. Ég veit ekki hvort þetta mun ganga svo langt en það var frábært að sjá að einhver sá enn lífsmark með okkur.“

Lífsháski og lífsgleði

Aðdáendur Wham og Duran Duran háðu heilagt stríð á Íslandi á gullöld hljómsveitanna og Simon segist ekki hafa farið varhluta af þessum deilum sem hafi einnig geislað á heimavelli. „Þegar ég var 16 ára keppa í kappsíglungu á skútni Drum og hún sókk og ég drukknaði næstum því þá sást til kafbáts merkum Wham! í nágrenninu,“ segir Simon og hlær en þessi brandari segir líklega meira en þúsund orð um stöðu mála í þá daga.

Simon segist aðspurður ekki sakna gömlu, góðu dagana og er mjög afdráttarlaus. „Nei. Ég er ekki sú manngerð sem festir sig í nostalgiu en ég lít stundum til baka og brosi yfir öllu sem við gerðum í gamla daga en ég á mér líka líf núna. Ég er í frábærri



HÁVXINN SÖNGVARI Simon Le Bon, sá í miðjunni, hlær þegar honum er tjáð að aðdáendur Duran Duran á Íslandi hafi vítað allt um þá hér á árum áður jafnvel skónúmer þeirra. Hann vill þó ekki gefa upp skóstærðina sem hann notar í dag. „Eigum við bara ekki að segja að þeir séu aðeins stærri en þeir voru. Það hljómar best þannig.“

myndunum með Sean Connery. Annars fannst okkur það bara góð hugmynd að blanda saman Duran Duran og Bond og kýldum á það og það virkaði vel.“

Simon segist geta lofað gömlum aðdáendum sínum að þeir muni fá að heyra alla helstu slagara Duran Duran í Egilshöll í sumari. „Við verðum með gamalt efni

hún sannar að við höfum hæfileika til þess að lifa af. Hún er ný og við njótum þess að spila nýtt efni þannig að þegar við gerum næstu plötu þá mun okkur þykja enn vænna um hana,“ segir Simon Le Bon sem þarf ekki að lifa á fornri frægð Duran Duran þar sem bæði hann og félagar hans fjórir eru enn í toppformi. ■

ÞESSI LÖG MUNU LÍKLEGA HLJÓMA Í EGILSHÖLL:

SUNRISE
HUNGRY LIKE THE WOLF
PLANET EARTH
HOLD BACK THE RAIN
ASTRONAUT
I DON'T WANT YOUR LOVE
COME UNDONE
WHAT HAPPENS TOMORROW
REFLEX
TIGER TIGER
CHAUFFEUR
A VIEW TO A KILL
ORDINARY WORLD
SAVE A PRAYER
BEDROOM TOYS
NOTORIOUS
NICE
CARELESS MEMORIES
WILD BOYS
WHITE LINES
GIRLS ON FILM
RIO

Forsala aðgöngumiða sem gilda á bæði kvöld Reykjavík Rocks 2005 hefst laugardaginn 21. maí kl. 11 í verslunum 10-11 í Lágmúla, Austurstræti og Akureyri. Miðaverð er 9.900 krónur og tryggir aðgöngumiði á bæði kvöldin aðgang að fremra svæði Egilshallar. Almenn sala aðgöngumiða á stakt kvöld Reykjavík Rocks 2005 hefst sunnudaginn 22. maí kl. 11 í öllum verslunum 10-11 og á www.reykjavikrocks.is en á þeirri vefslóð má nálgast allar frekari upplýsingar um tónleikana.



BYLGJAN 98.9 KYNNIR:
DURAN DURAN
Í SAMSTARFI VIÐ PEPSI

MIÐASALA Í
VERSLUNUM:  *...þegar þér hentar*

Forsala

Forsala á bæði kvöld Reykjavík Rocks hefst
laugardaginn 21. maí kl. 11:00
í eftirtöldum verslunum 10-11:

- Lág múla
- Austurstræti
- Akureyri

Miðaverð er 9.900 kr. fyrir bæði kvöldin.
Takmarkað magn. Miðinn tryggir aðgang
að fremra svæði Egilshallar.

Almenn sala

Almenn miðasala hefst sunnudaginn
22. maí kl. 11:00 í öllum verslunum
10-11 og á www.reykjavikrocks.is
Stakur aðgöngumiði annað kvöldið
kostar 5.900 kr. Takmarkað magn.

**REYKJAVÍK
ROCKS
2005**

1011
BYLGJAN 98.9



NÝTT!
Nudd STURTU KLEFAR
93.800 -stgr.
 90x90 sm.
 Öryggisgler
 Sturtuset
 Hitastýrð blöndunartæki
 8 nuddstútar
 Sæti
 Botn og vatnslás

tab
INNRETTINGAR & TÆKI
 www.i-t.is
 OPÍÐ: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10 - 14
 Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

Kvikmyndagerðarmenn eiga oft við óvenjuleg vandamál að stríða:

Fann ekki myndatökuvél

Cannes-hátíðin er hafin. Meðal athyglisverðra mynda er Kilometre Zero eftir Hiner Saleem en hún er fyrsta íraska kvikmyndin sem keppir á Cannes.

Saleem flúði frá Írak sem táningsdregur á níunda áratugnum og er búsettur í Frakklandi þar sem hann hefur unnið við kvikmyndagerð. Þegar stjórn Saddams féll gafst honum loks tækifæri til þess að gera kvikmynd í heimalandi sínu. Úr varð vegamynd um araba og Kúrda sem ákveða að skila líki hermanna sem fellur í stríði Íraks og Írans á níunda áratugnum. „Hún á meðal annars að lýsa þeirri kúgun sem kúrdíska þjóðin varð fyrir undir stjórn Saddams.“ Þó að myndin sé full af stríðsátökum og hörmungum er svartur húmor þó aldrei langt undan.

Það gekk þó ekki þrautalaust fyrir Saleem að taka upp myndina. „Fyrsta vandamálið var að



HINER SALEEM Á CANNES-HÁTÍÐ- INNI Það gekk ekki þrautlaust að taka upp kvikmynd hans Kilometre Zero og meðal annars fannst engin kvikmyndatökuvél.

finna kvikmyndatökuvél,“ sagði Saleem en örfáar kvikmyndir voru gerðar á tímum Saddams. „Við leitum í öllu landinu að nothæfri vél en þegar allt kom til alls fannst engin,“ útskýrir Saleem. Hann fékk því leigt franskt tókulið og fóru tókur fram í hinum kúrdíska hluta Íraks. ■



STYTTA AF SADDAM Eitt af því fyrsta sem bandaríska herliðið réðst að var stytta af Saddam Hussein.

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 7

	11	25	18	32		1	25	21	29	8	2	8	18	
1		10		23		23		17		4		1		30
8	1	4	8	21		31	25	32	32	10	4	8	2	8
2		27		8	27	31		8		21		32		31
2	23	21	10			8	31	21	10		13	32	22	8
25		18		1	26	21	8		29		6			
18	21	27	32	8			21		10	32	32	2	10	4
27		1		2	19	20	21	8	32	8		16		12
21	22	8	32	9	8		10			27	11	4	8	2
			16		14		32	25	28	29		2		2
24	12	21	29		2	20	32	10			5	25	10	8
20		6		13		13		11	7	2		28		21
11	12	31	31	8	31	16	3	8		25	1	13	4	8
8		27		4		21		29		3		10		21
	15	21	20	4	4	8	21	10		3	22	29	10	

A Á B Æ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Pantið fyrir sumarið
Additions Argos
 Fatnaður á alla fjölskylduna
 13000 flottar vörur fyrir heimilið
B. Magnússon/Kays
 Austurhrauni 3 Gbæ,
 Pöntunars: 555-2866
Listarnir á 1/2 virði
Lágt gengi
Lægra margfeldi
 www.bmagnusson.is

Sumar gjafir skipta öll börn máli!
 Gefum börnum góða sumargjöf

SMS-GÁTAN:
 Hvað veist þú um Eurovision?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.
 Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið JA MYND PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gættir unnið diskinn Svona er Eurovision, sem inniheldur 44 helstu Eurovision -ögin í gegnum árin.

Hvað heitir framlag Íslands í Eurovision í ár?
 r) I Want Your Love s) If I Had Your Love t) Love Boat

Hverjir sömdu lagið?
 á) Magnús Eiríks og KK e) Vignir Snær og Porvaldur Bjarni i) Björgvin og Bubbi

Hvar er keppnin í ár haldin?
 ð) Frakklandi g) Írlandi l) Kiev

Hvað hét sigurvegari Eurovision í fyrra?
 m) Ruslana n) Linda u) Jónsi

Hvað hét fyrsta Eurovision-lag Íslendinga?
 a) Gleðibankinn i) Icy n) Sókrates

Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:
 Ólafur Ingi Heiðarsson, Sigurður Halldórsson og Andrés Sighvatsson
 SMS skeytið kostar 99 krónur.

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er V til dæmis í reit merktum 5 og fer þá V í alla aðra reiti með því númeri. E er í reit númer 25 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 25 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 4-20-11-8-13 (í þessari röð):*

Lausnarorð
 4 20 11 8 13

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út af lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: JA LAUSN JON í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.
Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
 SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Leystu krossgátuna!
 Þú gættir unnið nýjustu útgáfu af Singstar, Singstar pop sem inniheldur 30 vinsæl popplög.

Vinningshafar krossgátunnar í síðustu viku voru:
 Ólafur Egill Ólafsson, Sigrún Berg Sigurðardóttir og Kolbrún Dýrleif Pálmadóttir

Lausn nr. 5

	Á	R	L	A	H	O	F	L	E	G	U	R	
B	Ú	P	A	E	R	G	Y						
L	U	M	M	A	R	E	I	Ð	I	N	G	U	R
E	E	R	I	K	T	L	U	Ð					
S	O	N	A	F	A	R	E	R	T	A			
S	S	R	E	N	A	A	I						
A	U	K	N	A	S	U	R	R	A	Ð	I		
Ð	U	S	Æ	T	T	I	N	A	U	N			
I	Ð	R	A	S	T	N	U	R	Ð	I	N		
						F	L	A	L	L	S	N	V
P	Ú	F	A	A	U	Ð	I			F	U	M	I
O	A	Á	N	N	Ö	F	S	Ð					
L	A	X	A	G	E	N	G	D	J	A	P	L	I
A	A	Æ	I	Ý	Ö	O	R						
K	R	O	T	A	Ð	I	R	R	Ý	R	I		

Slakaðu á í Bláa Lóninu – heilsulind

HVITA HÚSÍÐ / SÍA

Opið alla hvítasunnuhelgina

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta. Frítt fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með forráðamönnum.

2 fyrir 1 tilboð fyrir VISA-korthafa

Allir kreditkorthafar VISA Íslands fá 2 fyrir 1 í Bláa Lónið – heilsulind til og með 15. júní. Gildir einungis ef greitt er með VISA-kreditkort.

www.bluelagoon.is • 420 8800





Heyrst hefur...

... að Kristján Guðmundsson verði við stjórnvölinn hjá Keflavík þegar liðið tekur á móti Íslandsmeisturum FH á mánudaginn. Kristján var aðstoðarmaður Guðjóns Þórðarsonar í vetur. Líkur eru einnig á því að hann fái gamla starf Guðjóns og stjórn liðinu út sumarið.

sport
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUPJÁLFAFARINN GUÐJÓN ÞÓRÐARSON: HVERT FER HANN NÆST?

Sterklega orðaður við Notts County

Breska blaðið Evening Post birti í gær frétt þess efnis að Guðjón Þórðarson verði næsti stjóri enska 2. deildarliðsins Notts County og að tilkynnt verði um ráðninguna á næstu dögum. Notts County er elsta félag Englands en það má muna sinn fífil fegri enda rétt slapp það við fall úr ensku D-deildinni í vetur. Það var í raun aðeins þrem stigum frá því að falla í ensku utandeildina og biður því mikið starf tilvonandi þjálfara þess félags.

Guðjón neitaði því í samtali við Fréttablaðið í gær að hafa rætt við forráðamenn Notts County og vildi sem minnst gera úr fréttinni. Hann hefði heyrt af þessum orðrómi en lengra næði það ekki. Heimildir Fréttablaðsins í Bretlandi herma aftur á móti að mikið sé til í

þessari frétt og að Guðjón verði ráðinn stjóri félagsins fyrir frekar en síðar. Guðjón fór utan til Englands í einkaerindum fyrir skömmu og herma heimildir Fréttablaðsins að hann hafi rætt við forsvaramenn Notts County í þeirri ferð.

Fréttablaðið hafði enn fremur samband við Patrick Nelson, yfirmann knattspyrnumála hjá Notts County, í gær og hann vildi hvorki játa því né neita að Notts County hefði rætt við Guðjón Þórðarson.

Hvað svo sem öllum vangaveltum um Notts County liður er ljóst að Guðjón Þórðarson verður ekki í brúnni hjá Keflavík þegar flautað verður til leiks í

Landsbankadeildinni á mánudag og það er klárlega mikill missir fyrir deildina að Guðjón sé farinn frá bikarmeisturunum í Bítlabænum.



> Við óttumst ...

... að þetta verði afar erfið sumar fyrir bikarmeistara Keflvíkinga. Það er ekki nóg með að liðið hefur í vetur misst hvern lykilmanninn á fætur öðrum heldur nú síðast yfirgefur þjálfarinn brúnna aðeins þremur dögum fyrir fyrsta leik.

> Við hvetjum alla ...

... til að mæta á fjölskyldudag rallsins í dag, en í tilefni hans mun fólk gefast kostur að fylgast með fyrsta keppnisdegi rallsins í sumar. Keppnin sjálf hefst um hálf ellefu í við Shell-stöðina við Gylfaflöt í Grafarvogi og ekið verður að Geithálsi. Eftir keppnina verður hægt að skoða keppnisbíla og boðið verður upp á grillaðar pylsur, gos og is.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

11 12 13 14 15 16 17

Laugardagur

■ ■ SJÓNVARP

- 10.35 Bikarmótið í fitness 2005 (Karlar) á Sýn.
- 11.05 West Ham – Ipswich á Sýn.
- 13.10 Dallas Mavericks-Phoenix Suns á Sýn. Endursýndur leikur úr úrslitakeppninni í NBA-körfuboltanum.
- 14.00 HM í íshokki á RÚV. Bein útsending frá undanúrslitaleik Rússa og Kanadánna.
- 15.10 Inside the US PGA Tour 2005 á Sýn.
- 16.00 Motorworld á Sýn.
- 16.30 World Supercross á Sýn.
- 17.00 Íþróttkvöld á RÚV.
- 17.20 UEFA Champions League á Sýn.
- 17.30 Ofurhugar á reiðhjólum á Sýn.
- 17.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Sevilla og Real Madrid.
- 19.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Levante og Barcelona.
- 22.00 Hnefaleikar á Sýn. Meðal þeirra sem mætast eru JL Castillo og Diego Corrales.
- 23.05 Hnefaleikar á Sýn. Sýnt verður frá ýmsum bardögum og þ.á.m. munu Felix Trinidad og Ricardo Mayorga leiða saman hesta sína.
- 00.05 Hnefaleikar á Sýn. Ronald Wright og Shane Mosley eru meðal keppenda.
- 00.55 HM í íshokki á RÚV. Bein útsending frá undanúrslitaleik Svía og Tékká.
- 01.00 Hnefaleikar á Sýn. Bein útsending frá víðureign Felix Trinidad og Ronald Wright.

Landsbankadeild karla: Fyrstu leikir á mánudag

FÓTBOLTI Landsbankadeild karla í knattspyrnu fer af stað á mánudaginn þegar fjórir af fimm leikjum 1. umferðarinnar fara fram. Fimmti leikur er síðan á þriðjudag klukkan 20.00 þegar KR-ingar heimsækja Fylkismenn í Árbæinn.

Þrír leikir hefjast klukkan 17.00 á annan í hvítasunnu, Valur tekur á móti Grindavík, Fram fær ÍBV í heim-sókn í Laugar-dalinn og Þróttarar mæta ÍA uppi á Akranesi. Fjórdi leikur dagsins fer fram í Keflavík en þar hefja Íslandsmeistarar FH titilvörn sína gegn heimamönnum. Liðin spila mjög þétt í upphafi móts og því er mikið undir strax í fyrsta leik.



Guðjón of stór biti fyrir Keflavík?

Svo virðist sem knattspyrnudeild Keflavíkur hafi ekki þekkt takmörk sín þegar samið var við Guðjón Þórðarson. Lögfræðingur Guðjóns segir að Keflavík hafi ekki staðið við greiðslur og það eitt og sér nægi til uppsagnar samnings. Formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur segir Guðjón ljúga.

FÓTBOLTI Það var bjart yfir Guðjóni Þórðarsyni og Rúnari Arnarssyni, formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur, þegar þeir skrifuðu undir samning í byrjun desember. Það var hugsað stórt og Guðjón átti að gera Keflavík að stórveldi í íslenskri knattspyrnu. Samningurinn sem Guðjón skrifaði undir var líka stór enda ákvað hann frekar að taka tilboði Keflavíkur en Stockport County. Í dag lítur út fyrir að hann hafi verið of stór fyrir Keflavík enda réð félagið ekki við að greiða Guðjóni þau laun sem um var samið.

„Fyrsta greiðslan, sem átti að koma 1. janúar, skilaði sér ekki fyrir en 75 dögum síðar. Aðrir gjalddagar féllu líka og Guðjón fékk aldrei greidd laun á réttum tíma og hann á eftir að fá laun sem greiða átti 1. maí,“ sagði Borgar Þór Einarsson, lögfræðingur Guðjóns við Fréttablaðið í gær.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var samningur Guðjóns við Keflavík óuppsagjanlegur nema á þröngu tímabili. Þá var hægt að segja upp samningnum ef til kæmu bætur sem eru nokkuð háar. Það var þó hægt að segja upp samningnum ef til fjárhagslegra eða faglegra vanefnda kæmi. Í fréttatilkynningu sem Guðjón sendi frá sér í gær kemur fram að ástæða uppsagnarinnar sé verulegar vanefndir á samningnum.

Segir Guðjón ljúga

Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, segir að ástæða sé fyrir því af hverju greiðslurnar drögust svo lengi sem raun bar vitni.

„Guðjón lýgur algjörlega. Þetta er rakalaus lygi og óþverraskapur,“ sagði Rúnar þungur á brún í gærkvöld. „Ástæðan fyrir þessari seinkun er að hann var ekki búinn að stofna hlutafélagið sem átti að vera utan um þennan



SÍÐASTI LEIKURINN MEÐ KEFLAVÍK Guðjón Þórðarson stýrði Keflavík í síðasta skipti gegn FH í Meistarakeppni KSÍ síðastiðinn mánudag. Hann sést hér ræða málin við aðstoðarmann sinn, Kristján Guðmundsson, sem mun stýra Keflavíkurliðinu á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

rekstur og það var ekki hægt að greiða. Við margbáðum hann um að bjarga þessu en Guðjón stofnar ekki hlutafélagið fyrir en í lok febrúar,“ sagði Rúnar en af hverju greiddi hann samt ekki fyrir en 16. mars? „Það er bara lygi í honum. Einhverja daga var dráttur á greiðslum en stærsti hlutinn af 75 dögum var honum sjálfum að kenna.“

Það stendur að mörgu leyti orð gegn orði í rímu Guðjóns og Keflvíkinga en Rúnar segir ekkert óeðlilegt við að hann hafi ekki

greitt Guðjóni þau laun sem hann átti að fá 1. maí.

„Hann er ekki búinn að senda reikning fyrir maí. Hans banki á Akranesi sendir greiðsluseðla en það er enginn greiðsluseðill kominn enn þrátt fyrir margitrukuð boð um slíkt. Maðurinn fer bara með tóma steypu og þetta er allt rakalaus ósannindi hjá honum,“ sagði Rúnar en hann gaf einnig lítið fyrir það sem Guðjón sagði í sjónvarpsviðtali í gær. „Þetta er bara skripaleikur. Það sáu allir að maðurinn laug 90% af því sem

hann sagði. Guðjón var ekki of stór biti fyrir okkur. Mér sýnist á öllu að við höfum verið of stór biti fyrir hann,“ sagði Rúnar, sem segist sjá mikið eftir því að hafa ráðið Guðjón til starfa.

„Það eru bara tvær ástæður fyrir þessari hegðun Guðjóns. Annað hvort er hann búinn að finna sér vinnu úti eða hann hreinlega sprakk á limminu og treysti sér ekki í verkefnið,“ sagði Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur.

henry@frettabladid.is

Lið Róbert Gunnarssonar, Århus, leikur til úrslita um danska meistaratilinn:

Getum stolið þessu af Kolding

HANDBOLTI Róbert Gunnarsson og lið hans, í dönsku úrvalsdeildinni í handknattleik, Århus, munu spila til úrslita um danska meistaratilinn gegn Kolding. Liðin hafa mæst tvívegis í vetur; heimaleik Århus lyktaði með jafntefli, 37-37, en útileiknum lauk með öruggum sigri Kolding, 41-36.

Fyrirkomulagið í úrslitunum er með þeim hætti að tvo sigurleiki þarf til að hampa titlinum en jafntefli er einnig tekið gott og gilt. Þar með myndi nægja að gera eitt jafntefli og einn sigur til að landa danska titlinum.

„Það er mikið búið að vera að

skrifa um þetta úti og að Kolding sé sigurstranglegra,“ sagði Róbert í samtali við Fréttablaðið. „Það er einnig talað um að við séum óútreiknanlegir. Menn búast þó alveg við því að við getum stolið þessu og fyrsti leikurinn, sem fer fram á sunnudaginn, er lykilleikur. Ef við náum jafntefli er nóg fyrir okkur að vinna heima.“

Róbert sagði að það yrði í mörg horn að líta fyrir lið sitt. „Við þurfum að stöðva hraðaupp-hlaup Kolding en þar eru leikmenn liðsins gríðarlega sterkir. Þeir keyra 4-2 og eru með góða línumenn sem við þurfum að

stoppa.“ Að sögn Róberts gefa leikmenn Århus andstæðingum sínum í Kolding lítið sem ekkert eftir. „Þetta snýst ekki um hvað við viljum heldur hvort við trúum á okkur. Það er farið að siast inn í hausinn á strákunum að þeir séu góðir leikmenn en hingað til hefur of mikil virðing ríkt gagnvart stærri nöfnum og liðum. Menn eru að átta sig á því að þeir eru jafn góðir og ef við trúum 100% á okkur getum við hampað titli.“

smari@frettabladid.is

VERÐUR HANN DANSKUR MEISTARI?

Róbert Gunnarsson spilar með Århus í úrslitaeinvíginu um danska meistaratilinn.



▶ HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

ÚTSALA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

**STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR
MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**

JVC
KONICA MINOLTA
OLYMPUS®

25%

FERÐATÆKI MEÐ CD

VERÐ ÁÐUR kr. 3.990

TILBOÐ kr. 2.990

AFSLÁTTUR kr. 1.000

UNITED

43%

HEIMABIÓMAGNARI

VERÐ ÁÐUR kr. 69.990

TILBOÐ kr. 39.990

AFSLÁTTUR kr. 30.000

JVC

23%

STEREÓ VIDEO

VERÐ ÁÐUR kr. 12.990

TILBOÐ kr. 9.990

AFSLÁTTUR kr. 3.000

Dantax

18%

20" SJÓNVARP

VERÐ ÁÐUR kr. 16.990

TILBOÐ kr. 13.990

AFSLÁTTUR kr. 3.000

UNITED

22%

DVD SPILARI

VERÐ ÁÐUR kr. 8.990

TILBOÐ kr. 6.990

AFSLÁTTUR kr. 2.000

UNITED

11%

32" BREIÐJALDSSJÓNVARP

VERÐ ÁÐUR kr. 89.990

TILBOÐ kr. 79.990

AFSLÁTTUR kr. 10.000

GRUNDIG

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

FLÖT SJÓNVÖRP FLOTTUR AFSLÁTTUR ALLT AÐ KR. 100.000 PHILIPS JVC UNITED



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

HUNDRUÐ GIRNILEGRA TILBOÐA Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

Rakari og spákona sameina krafta sína

Útvarpsþátturinn Rakarinn og spákonan hóf göngu sína á Útvarpi Sögu síðastliðinn laugar- dag. Í þættinum, sem er á dag- skrá á milli 14.00 og 16.00, sam- eina rakarinn Torfi Geirmundsson og spákonan Sigga spá krafta sína og ræða við hlust- endur.

Torfi gefur góð ráð þegar það á við og síðan spáir Sigga í spil- in og gefur ráðleggingar um draumaprinsinn, eiginmanninn eða eiginkonuna, kynlíf og svo ekki sé minnst á hvaða tölur fólk eigi að velja í lottóinu.

„Þetta gekk vonum framar. Við urðum að framlengja þátt- inn í tvo klukkutíma því það var svo mikið hringt og Sigga beðin

um að spá í tölur. Fólk vill vita tölurnar fyrir lottóið,“ segir Torfi um fyrsta þáttinn. „Hún fellur næstum í trans þegar hún er að spá. Þetta virðist hitta í mark þó að ég trúi ekki á þetta.“


Torfi, sem starfar sem rakari á Hlemmi, kynntist Siggu spá þegar hann var að kenna henni hárgreiðslu í Iðnskólanum. „Það lá beinast við að ég fengi hana í þáttinn hjá mér,“ segir hann. „Ég var búinn að vera með átta þætti bara um hárgreiðslu og þá ákvað ég að herma eftir Eiríki Jónssyni og taka spákonu inn. Það var tími til kominn á ein- hverja breytingu.“

Að sögn Torfa er mikilvægt að bæði rakarar og útvarps-

menn geti hlustað á fólk. „Það er aðalatriðið að maður sé ekki talandi sjálfur í tíma og ótíma. Um 80% þeirra sem hringja inn eru karlmenn. Það kom okkur mest á óvart,“ segir hann.



TORFI Rakarinn Torfi Geirmundsson stjórnar útvarpsþættinum Rakarinn og spákonan á Útvarpi sögu. Að sjálfsgöðu býður Torfi upp á DV á stofunni sinni enda er sonur hans enginn annar en Mikael Torfason, rit- stjóri blaðsins.



JCB 3cx-4
árg.1998 Vst.7200



JCB 3cx
árg.1995 Vst.10200



JCB 3cxSuper
árg.1997 Vst.6500



F-H 150W
árg.1999 Vst.4400



Jungheinrich DFG
2,5 T. Vst. 4300



Case 590 SLE
árg. 1998 Vst. 4200



VÉLAVERIÐ

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

Út að borða með fjölskylduna um Hvítasunnuna

2 á 2200

Fjölskyldutilboð

Tvær miðstærðar pizzur með tveimur áleggjum á kr. **2200**

Gildir einungis í veitingasal. Gildir til 17. maí 2005



Láttu sjá þig

Nordica • Sprengisandi • Smáralind
www.pizzahut.is • 533 2000

Djúpt ofan úr barka

Fjórir menn frá lýðveldinu Tuva gefa frá sér hljóð sem líkjast engu öðru. Þeir nefna sig „Huun Huur Tu“ og verða með tónleika á Nasa við Austurvöll á Listahátíð annað kvöld og mánudagskvöldið. Nafnið Huun Huur Tu þýðir drifkraftur sólarinnar og vísar til sólarupprisunnar. Frægðarsól þeirra hefur risið jafnt og þétt á undanföllum árum. Þeir syngja með barkanum og láta sig ekki muna um að syngja tvo eða jafnvel þrjá tóna í einu. Sagan segir að barkasöngur sé elsta form söngs í heiminum og nú gefst Íslendingum í fyrsta sinn tækifæri til að heyra þennan merkilega söng á tónleikum. Í tónlist þeirra býr ómótstæðilegur kraftur sem fær best notið sín á sviði, enda er sviðsframkoma hljómsveitarinnar senn óvenjuleg og framandi. Hljómsveitin var stofnuð árið 1992, árið eftir fall Sovétríkjanna. Þeir hafa jafnan verið



óhræddir við að blanda söng sínum og hljóðfæraleik saman við nýjar stefnur og strauma í tónlist. Tónleikar fjórmenninganna á Nasa hefjast klukkan 21 bæði kvöldin.

EKKI MISSA AF...

... Listahátíð í Reykjavík sem verður úti um allt nú um helgina og næstu vikurnar.

... innsetningu Rúríar, Heill-aður, í sýningarrými FUGLS í verslun Indríða á Skólavörðustíg 10. Sýningunni lýkur í dag.

... vortónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju, sem verða haldnir í Hallgrímskirkju á annan í hvítasunnu.

menning

menning@frettabladid.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LOKAÐ YFIR HVÍTASUNNUNA MIÐASALA OPNAR ÞRI. 17/5!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

MÝRARLJÓÐ - Marina Carr

Aukasýning fim. 19/5 örfá sæti laus. Síðasta sýning.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Fös. 20/5 örfá sæti laus, sun. 22/5 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor.

DÍNAMÍT - Birgir Sigurðsson

7. sýn. lau. 21/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 26/5 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 3/6.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.

Sun. 22/5 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 28/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 5/6 kl. 14:00. Síðustu sýningar í vor.

ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur

Fös. 27/5, lau. 28/5, lau. 4/6. Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

RAMBÓ 7 - Jón Atli Jónsson

Frum-sýning fim. 19/5 uppselt, lau. 21/5 örfá sæti laus, fös. 27/5, lau. 28/5.

■ Litla sviðið kl. 20.00

KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh

Mið. 25/5, fim. 26/5. Síðustu sýningar í vor. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

■ Samkomuhúsið á Akureyri - Leikför

GRÆNA LANDIÐ - Ólafur Haukur Simonarson

Í dag lau. 14/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus.

Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Vefang: www.leikhusid.is
Opíð kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Líf og fjör í Viðey

Í tengslum við Listahátíð hafa um 350 börn frá níu grunnskólum Reykjavíkurborgar tekið þátt í sköpunarsmiðju í Viðey í samvinnu við Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Félag íslenskra myndlistarkennara. Tilgangurinn er að gefa börnunum tækifæri á að vinna með og kynna starfi atvinnu- og myndlistarmanna. Börnin hafa farið í hópum út í Viðey og hefur hver hópur unnið sérstakt verkefni undir leiðsögn eins af listamönnum myndlistarþátta Listahátíðar.

Afrakstur verkefnisins verður kynntur í dag, sama dag og Listahátíð hefst með opnun fjölmargra myndlistarsýninga víða um höfuðborgarsvæðið.

Í kvöld verður síðan haldin vegleg opunarhátíð Listahátíðar í Listasafni Reykjavíkur með fjölbreyttri dagskrá þar sem fram koma meðal annars hljómsveitir Steintryggur, Rússþáttur og Trabant ásamt barkasöngvörum einstæðu frá Tuva.

Þar verður einnig frumfluttur leikhúsgjörningurinn „Óður til kindarinnar“ eftir Filippíu Elís-dóttur og Jóhann Frey Björgvins-son. Bein útsending verður frá hátíðinni í Sjónvarpinu og stendur hún yfir í um eina klukkustund.



FRÁ SKÖPUNARSMIÐJUNNI Í VIÐEY Í dag verður kynntur afraksturinn af sköpunarsmiðju barna í Viðey, sem haldin hefur verið í tengslum við Listahátíð.

Rúsínan í pylsuendanum er norrænu skáldfákarnir og handhafar bókmenntaverðlauna, Sjón og Einar Már Guðmundsson, en þeir koma fram sem „Rótara-duettinn“ og flytja frumsaminn texta, á einhvör hátt tileinkaðan Dieter Roth.

A morgun halda síðan opunar-gestir Listahátíðar í sérstakt hringflug um landið til þess að kíkja á opnanir á myndlistarsýningum víða um land. Flogið verður til fjögurra áfangastaða; Ísa-fjarðar, Akureyrar, Egilsstaða og Vestmannaeyja. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20

- Síðustu sýningar

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Lau 28/5 kl 20

- Síðasta sýning

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Í dag kl 14 - UPPS.
Su 22/5 kl 14 - UPPS., Lau 4/6 kl 14 UPPS.
Su 5/6 kl 14 - UPPS., Su 12/6 kl 14,
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

AUTOBAHN Á LISTAHÁTÍÐ

Leiklestur nýrra þýskra verka Falk Richter og Theresia Walsler

Þri 17/5 kl 17

Marius von Mayenburg og Ingrid Lausund

Mið 18/5 kl 17

Umræður við höfunda á eftir

Ókeypis aðgangur.

e. Presnyakov bræður

Fö 20/5 kl 20

Síðustu sýningar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.

Í kvöld kl 20 - UPPS., Fi 19/5 kl 20,

Fö 20/5 kl 20 UPPS., Lau 21/5 kl 20,

Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20 - UPPS.,

Fö 27/5 kl 20, Fö 28/5 kl 20

RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ

e. Önnu Reynolds.

Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.

Í kvöld kl 20

- Síðasta sýning

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

12 13 14 15 16

Laugardagur

■ ■ KVIKMYNDIR

□ 16.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir dönsku gamanmyndina **Det tassade paradís** eða Sælueyjan frá árinu 1962 í leikstjórn **Gabriel Axel**.

■ ■ TÓNLEIKAR

□ 15.00 **Helgi Valur** verður með tónleika í Smekkleysu Plötubúð.

□ 16.00 **Auður Hafsteinsdóttir** fiðuleikari og **Helgi Kjekshus** píanóleikari halda tónleika í Borgarnes- og tónlistarhátíðinni Ísnord.

□ 20.30 **Pamela De Sensi** flautuleikari og **Hannes Þ. Guðrúnarson** gítarleikari halda tónleika í Borgarnes- og tónlistarhátíðinni Ísnord.

□ 23.00 Bandaríska hljómsveitin **Funeral Diner** verður með tónleika á Grand Rokk.

■ ■ OPNANIR

□ 14.00 **Jóna Hlíf Halldórsdóttir** opnar útskriftarsýningu sína úr Myndlistaskólanum á Akureyri í Gallery Jónas Víðar í Listagilinu.

□ 14.00 **Hugleikur Dagsson** opnar myndlistarsýningu á Café Karólínu í Listagilinu á Akureyri.

□ 15.00 Sýning á verkum eftir **Dag Sigurðarson**, skáld og myndlistarmann, verður opnuð í Populus tremula í kjallara Listasafnsins á Akureyri.

□ 15.00 Myndlistaskólinn í Reykjavík opnar sýningu á bókverkum og ljósmyndum eftir nemendur í barna- og unglingadeild skólans í Borgarbókasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Bókverkin voru unnin í anda Dieter Roth í tilefni þess að hann verður í brennidepli á Listahátíð Reykjavíkur.

□ 15.00 Sýning ný þýskra myndlistarmanna verður opnuð í Grafíksafni Íslands, sal Íslenskrar Grafíkur.

□ 15.00 **Matthias Mogensen** opnar málverkasýningu í gamla Kaaberhúsinu, Sættúni 8.

□ 16.00 **Katainga** opnar myndlistarsýningu í Gallerí Tukt, Hinu Húsinu við Pósthússtræti. Sýningin ber

nafnið "Framleiðsla hugrekksins" og er tilgangur hennar að vekja áhuga á okkar manlegum skrímrum, að hafa trú á sjálfum sér og að vinna vel úr sjálfum sér.

■ ■ SKEMMTANIR

□ 14.00 Hljómsveitin **Sent** spilar í Íþróttahöllinni á Akureyri.

□ Hljómsveitin **Sent** spilar á Sölkú á Húsavík.

□ **Svitabandið** skemmtir á Gauknum. **Dj Maggí** á eftir hæðinni.

□ Hljómsveitin **Bermuda** verður í rifandi stuði í Þjóðleikhúskjallaranum.

□ Hljómsveit **Geimundar Valtýssonar** skemmtir í Vélsmiðjunni á Akureyri.

□ **Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.

□ **Á móti sól** skemmtir í Hreðavatnsskála, Borgarfirði.

□ **Addi M** leikur ljúfa tónlist á Catalinu í Kópavogi.

□ **Tveir snafsar** skemmta á Celtic Cross.

□ **Hljómsveit Rúnars Þórs** leikur á Ránni í Keflavík.

KRINGLUKRÁIN

- Sérreittamatseðill

- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti

- Hópmatseðill

Borðapantanir í síma 568 0876

Sixties

í kvöld

www.kringlukrain.is

Sólheimaleikhúsið

(Sólheimum Grímsnesi) sýnir

Ævintýri Pumalínu

e. H.C.Andersen

Mán.(annar í Hvítasunnu) 16.maí kl:15

Sun. 22. maí kl:15

Laug. 28 maí kl:15

Miðaverð 1.000 kr fullorðnir

500 kr 12 ára og yngri

Dillandi djasstónlist

Annað kvöld verða tónleikar í Kaffi Kúltúr í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu þar sem djaszkvartettinn Patagonia Jazz Quartet spilar djasstónlist í brasilískum og afró-kúbönskum stíltegundum.

Kvartettinn er skipaður þeim Jacob Hadendorn Olsen á gítar, Ludvig Kára Forberg á víbrafón, Guðjóni Steinari Þorlákssyni á kontrabassa og George Claessen á trommur. Þeir flytja bæði frum-samda tónlist og alþekktu standara í eigin útsetningum. Allir eru þeir búsettir hér á landi, starfandi tónlistarkennarar, en kvartettinn varð til síðastliðið haust og hafa þeir eft stíft í vetur en þetta eru fyrstu tónleikar þeirra.

Áður höfðu þeir Ludvig og



PATAGONIA JAZZ QUARTETT Þeir félagar ætla að leika djasstónlist í brasilískum og afró-kúbönskum stíltegundum á Kaffi Kúltúr annað kvöld.

George spilað tveir saman, síðar bættist Jacob í hópinn og þeir komu fram sem tríó á menningarnótt síðastliðið sumar.

Ludvig er sérmenntaður í kvikmyndatónlist og gerði fyrir stuttu tónlist við kvikmyndina Didda og dauði kötturinn. ■

■ SAMKOMUR

13.00 **Kvennakór Akureyrar** heldur flóamarkað í hlöðunni við Litla-Garð gegnt Akureyrarflugvelli vegna söngferðalags kórsins til Slóveníu nú í sumar. Í hlöðunni verður kaffihússtemning og söngatriði á sviðinu verða söngatriði. Utandyra verða leikir fyrir börn á öllum aldri.

■ LISTAHÁTIÐ

- 14.00 Yfirgripsmikil sýning á verkum **Dieters Roth** verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, Listasafni Íslands og Gallerí 100°.
- 14.00 **Haraldur Jónsson** opnar sýningu á verkum sínum í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.
- 14.00 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, verður opnuð sýning á verkum eftir **Peter Fischli** og **David Weiss**.
- 14.00 Sýning á verkum eftir **Jeremy Deller** verður opnuð á elliheimilinu Grund.
- 14.00 Sýning á verkum eftir **Carsten Höller** verður opnuð í Safni, Laugavegi 27.
- 14.00 **Margrét H. Blöndal** opnar sýningu á götum Reykjavíkur.
- 14.30 Bandaríski listamaðurinn **Lawrence Weiner** opnar sýningu í ið-við Klapparstíg.
- 14.30 **Finnbogi Pétursson** opnar sýningu á innsetningu í Vatnstönkunum við Háteigsveg.
- 16.00 **Ólafur Eliasson** opnar sýningu sína í Gallerí 101 við Hverfisgötu.
- 16.00 Sýning á verkum eftir **Thomas Hirschhorn** verður opnuð í Nýlistasafninu.
- 16.00 **Ólafur Árni Ólafsson** og **Libia Pérez de Siles de Castro** opna sýningu á verkum sínum í Listasafni ASI við Freyjugötu.
- 16.00 Sýning eftir **John Bock** verður opnuð í Kling og Bang, Laugavegi 23.
- 18.00 Sýningar á verkum eftir **Wilhelm Sasnal**, **Bojan Sarevic**, **On Kawara** og **Elke Krystufek** verða opnaðar í Hafnarborg, Hafnarfirði.
- 18.00 Listamennirnir **Gabriel Kuri** frá Mexíkó, **Jennifer Allora** og **Guillermo Calzadilla** sem vinna sameiginlega að sínum verkum, **Brian Jungen**, Íslendingarnir **Hekla Dögg Jónsdóttir** og **Kristján Guðmundsson**, **Jeremy Deller** og **Alan Kane** frá London og **John Latham** frá Bretlandseyjum eiga verk á sýningu sem opnuð verður í Gerðarsafni í Kópavogi.
- 19.00 Animatograph eftir **Christoph Schlingensief** verður frumsýnt í Klink og Bank við Brautarholt.
- 20.30 Fjölbreytt dagskrá verður á **opunarhátíð Listahátíðar** í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Fram koma hljómsveitin **Steinryggur** ásamt tyrkneska tónlistarmann-

inum **Hadji Tekbilek**, og barkar-söngvararnir í **Huon Huur Tu** syngja. Frumfluttur verður leikhúsgjörmingurinn **Óður til kindarinnar** og hljómsveitirnar **Rússíbanar** og **Trabant** flytja nokkur lög.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
13 14 15 16 17
Sunnudagur

■ TÓNLEIKAR

- 16.00 Lokatónleikar Ísnord tónlistarhátíðarinnar verða haldnir í Borgar-neskirkju. Söngkonurnar **Dagrún Hjartardóttir** og **Theodóra Þorsteinsdóttir**, píanóleikarinn **Jónína Erna Arnardóttir** og **Helgi Kjekshus**, fiðluleikarinn Auður Hafsteinsdóttir, flautuleikarinn Pamela de Sensi og gítarleikarinn Hannes P. Guðrúnarson flytja verk eftir **Nordahl Grieg**.
- 22.00 **Patagonia Jazz Quartet** spilar á Kaffi Kúltúr, Hverfisgötu 18. Kvartettinn skipa þeir **Jakob Hagendorn Olsen** á gítar, **Ludvig Kári Forberg** á víbrafón, **Guðjón Steinari Þorlákssona** á kontrabassa og **George Claessen** á trommur.

■ SKEMMTANIR

- Á móti sól skemmtir í Traffic, Keflavík.
- Svítabandið skemmtir á Gauknum. Dj **Maggi** á eftir hæðinni.
- Tveir snafsar skemmta á Celtic Cross.
- Dj **Valdi** og **Áki pain** á Pravda.
- Atli skemmtanalögga og **Erpur Eyvindar** í Sjallanum á Ísafirði.

■ SAMKOMUR

21.00 Eftir verður til bókmenntavöku um **Dag Sigurðarson** og ritverk hans í Popuus tremula, í kjallara Listasafnsins á Akureyri. Skyggst verður inn í líf Dags og lesið úr kvæðum hans og þýðingum.

■ LISTAHÁTIÐ

- 09.15 **Hreinn Friðfinnsson** opnar sýningu á verkum sínum í Slunkaríki, Ísafirði.
- 09.40 **Elin Hansdóttir** opnar sýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.
- 11.00 Sýningar **Gabrielu Friðriksdóttur** og **Matthews Barney** verða opnaðar í Listasafninu á Akureyri.
- 11.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir** fiðluleikari og **Gerrit Schuil** píanóleikari leika fyrstu fjórar af alls tíu sönötum Beethovens fyrir fiðlu og píanó í tónlistarhúsinu Ymi við Skógarhlíð. Næstu tvo sunnudaga flytja þau hin- ar sex sönötur.

- 14.00 **Ragnar Kjartansson** opnar sýningu í Dagsbrúnn undir Eyjafjöll- um.
- 14.00 **Anna Lindal** opnar sýningu sína í Skaftelli á Seyðisfirði.
- 17.00 Sýning á verkum eftir **Micol Assaël** verður opnuð í Vestmanna- eyjum.
- 17.00 Sýning á verkum eftir **Jonathan Meese** verður opnuð í Lista- safni Árnesinga í Hveragerði.
- 21.00 Barkasöngvararnir í **Huon Huur Tu** frá Tuva syngja í Nasa við Austurvöll.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
14 15 16 17 18
Mánudagur

■ TÓNLEIKAR

- 17.00 Vortónleikar **Mótettukórs Hallgrímskirkju** verða haldnir í kirkju- unni í dag. Kórin flytur tónlist eftir þýska barokkmeistarara og enska tón- list frá síðustu öld. Á tónleikunum kemur einnig fram **Guðmundur Sig- urðsson** orgelleikari og söngtrío skipað söngvurum úr Mótettukór- um. **Inga Rós Ingólfssdóttir** leikur á selló en stjórnandi er **Hörður Ás- kelsson**.
- 20.00 Gospelkór Reykjavíkur verður með tónleika í Hvítasunnu- kirkju Fíladelfíu, Hátúni 2, undir stjórn **Óskars Einarssonar**.

■ LEIKLIST

15.00 **Ævintýri Púmalínu** verður sýnt á Sólheimum í Grímsnesi. Mið- sala í síma 8475323. Verslun og kaffihús á staðnum.

■ LISTAHÁTIÐ

- 21.00 Barkasöngvararnir í **Huon Huur Tu** frá Tuva syngja í Nasa við Austurvöll.
- Sýningin **Mynd á þili** verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Sýn- ingin er afrakstur rannsóknna **Þóru Kristjánsdóttur**, sérfræðings í kirkju- list, á listgripum Þjóðminjasafnsins undanfarið ár.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Talstöðin
FM 90,9

Leikskrá
UPPSELT
var á allar sýningar í apríl
UPPSELT er á flestar sýningar í maí.
Miðasala er hafin á sýningar í júní.
Ósottar pantanir seldar daglega í Borgarleikhúsinu.

Avaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Birgitta
Góða Guleit
...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjöf, svo margt sem að hægt er að sjá...

SPARTISJÓÐURINN
Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is
Sunnudagur 29. Maí kl: 13:30
www.midi.is

NÁM
SAMHLIÐA
STARFI

Sálgæslufræði
- sex námskeið í samstarfi við guðfræðideild HÍ

Námskeiðin eru haldin fyrir guðfræðinema og aðra sem starfa t.d. í heilbrigðiskerfi, skólakerfi, félagsþjónustu og löggæslu. Meta má námskeiðin sem hluta af námi til MA-prófs. Sækja þarf um hvert námskeið fyrir sig á sérstökum eyðublöðum.

Umsóknarfrestur fyrir næsta vetur er til 1. júní

- Kennarar:**
- Birgir Ásgeirsson sjúkráhpustur
 - Bragi Skúlason sjúkráhpustur
 - Einar Sigurbjörnsson, prófessor við HÍ
 - Pétur Pétursson, prófessor við HÍ
 - Salvör Nordal, forstöðumaður Síðfræðistofnunar
 - Sigfinnur Þorleifsson, sjúkráhpustur og stundakennari við HÍ
 - Vilhjálmur Árnason, prófessor við HÍ


• Námsstími 15. ágúst 2005 - 15. janúar 2006
Nánari upplýsingar og umsóknir á endurmenntun.is eða í síma 525 4444

Sumar tilboð
Stærð: 270x190 sm.
Verð aðeins kr. **98.900.-**

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Frábær sófi í sumarbústaðinn!
Skemill kr. 19.900.- Stóll kr. 19.900.-

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
- að vaxa og dafna



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Spillta kynslóðin

Fólk virðist sjaldan þreytast á því að finna nöfn á mína kynslóð. Lengst af vorum við kölluð X-kynslóðin en svo höfum við verið kölluð krúttkynslóðin, pítsukynslóðin og lyklakynslóðin, svo einhver nöfn séu nefnd. Ef ég ætti að velja nafn á okkur myndi ég kalla okkur spilltu kynslóðina en það er bara af því flestir haga sér eins og bestíur þegar kemur að neyslu. Flestir hafa það allt of gott þrátt fyrir að vera kvartandi yfir hinu og þessu. Þegar ég var lítil var talið um að fólk væri að byggja. Foreldrar minnar kynslóðar keyptu sér hús og komu þeim í stand smátt og smátt. Á þeim tíma voru engin kreditkort og fólk gat ekki labbað inn í bankann til að fá yfirdrátt. Í þá daga var sparað. Í dag er keypt íbúð eða hús, allt gert tipp topp áður en flutt er inn og nýtt innbú keypt í heilu lagi. Meðfram þessu er farið til útlanda þrisvar á ári því það er svo ódýrt að fljúga á milli. Heimilisbúllinn þarf helst að vera nýr og í fleirtölu. Hjá spilltu kynslóðinni fer líka dágóður skildingur í alls kyns februnardót eins og klippingar og snyrtingar.

Í raun gerum við allt sem okkur langar til og sú tilfinning að láta sig verulega langa í eitthvað og safna fyrir því er ekki til í orðaförða þessarar kynslóðar. Þegar ég leiði hugann að þessu verður mér oft óglatt. Ég hugsa til þess þegar við fjölskyldan borðuðum fisk fimm sinnum í viku og ef það var keypt sætt morgunkorn var því skipt í nákvæmlega fjóra parta á milli okkar systkinanna. 250 grömm á mann. Manni fannst það frekar súrt í þá daga en í dag er ég þakklát og ég elska dagana þegar ég eyði engum peningum. Þegar kemur að fatakupum er líka spreðað út í eitt. Málið er þó að persónulegur og fallegur fatastíll er ekki fenginn með því að vera alltaf í nýjum fötum. Auðvitað er gaman að kaupa sér eina og eina flík og það veitir mikla ánægju en það verður að fara millivegin. Kúnstin við að vera smart er að kunna að blanda saman gömlu og nýju og íhuga fatakupin vandlega. Það er nefnilega mun líklegra að þú gerir tiskumistök í flýti. Það er til dæmis alveg nóg að eiga eitt hippapils og ein kúrekastígvél og gerir mann alveg jafn glaðan.



ÞAÐ ER ÞEJU-LEGT að vera í flauelsbuxum við stígvél eða bara dansskó. Þær fást í Spútník.

Í VERSLUN-INNI SPÚTNÍK fást hnébuxur úr gallaefni sem eru æði smart.

ÞESSAR ERU með sérlega fallegu sniði. Karen Millen.

SANDALAR með fylltum hæl eru æði flottir við hnébuxur. Þeir eru frá Karen Millen.

FYRIR ÞÆR sem eru löngu hættar að nenna að sauma út geta keypt sér bróðer-aðar töskur í Spútník.




HÖNNUÐURINN Nicole Miller sýndi hnébuxur í sumarlinu sinni.

Svalasta sumartrendið

Pallíettuskyggni

Það er ekkert mikilvægt að hylja andlitid fyrir sólinni til að koma í veg fyrir ótímabæra öldrun húðarinnar. Þá er gott að hafa skyggni við höndina til að geta smellt því á sig þegar tækifæri gefst. Það er þó ekki sama hvernig skyggnið lítur út því skyggni er ekki sama og skyggni. Skyggni alsett pallíettum gerir heilmikið fyrir heildarútlitid og passar vel við gallabuxnatiskuna sem ræður ríkjum núna. Þetta forláta skyggni fást í versluninni Spútník og er það til í fleiri litum. Með þetta skyggni að vopni áttu að geta farið sæl inn í sumarið.



HÖNNUÐIR voru ekki að finna upp hjólið þegar hnébuxurnar voru sýndar. Hér sést fyrir-sætan Mar- ella pósa í hnébuxna-dressi árið 1970.

Eitt af „über“ svölustu tiskutrendum sumarsins eru hnébuxur. Þær eru sniðugar fyrir þær sem vilja sýna bera leggi en nenna ekki að vera í pílsu eða bara fyrir þær sem hafa smekk fyrir fallegum flíkum. Í sumartiskunni eru nokkur afbrigði af þeim sýnileg. Gallahnébuxur eru mest áberandi. Þær eru þröngar yfir lærin og ná niður að hnésbótum. Margar af þeim eru ekki faldaðar að neðan heldur einungis klipptar. Það er æði sniðugt enda auðvelt fyrir kvenþjóðina að fönðra slíkar buxur heima hjá sér án þess að vera sérlega handlagar. Eina vandamálið sem gæti skapast er þegar klippt er beint. Það verður þó að gæta þess að buxurnar séu örugglega í hárréttari sídd, alls ekki of síðar og alls ekki of stuttar. Þær verða að nema við hnésbót ef þær eiga að vera klæðilegar. Við þessar hnébuxur er fallett að vera í mynstruðum gatasokkabuxum eða hnésokkum. Þegar sólin fer að ylja okkur er smart að vera berleggjaður, mundi bara að vera með vel snyrta fætur og leggi. Hitt afbrigði af hnébuxum er víðar í svokölluðum safaristíl. Þær koma gjarnan í ljósum litum eða hermannamynstri. Þær eru víðar og sumar hafa föll að framan eins og alvöru-uppbuxur níunda áratugar-



SÖNGKONAN Christina Aguilera tekur sig vel út í svörtum hnébuxum.

ins. Við þessar buxur er flott að vera í aðsniðnum jökkum, bolum og toppum og blanda má tíska-hrifunum skemmtilega við þessar buxur. Hvað skótauíð varðar er fallett að vera í stígvélum við eða í penum og dömulegum sumar-skóm. Sandalar með fylltum hæl myndu gera ýmislegt fyrir heildarútlitid enda gera þeir hverja konu æði spengilega.

martamaria@frettabladid.is



LEIKKONAN Keira Knightley spókaði sig í hnébuxum úr gallaefni í Lund- únum á dögunum.

SAFARÍ hnébuxur frá Karen Millen.

DIESEL er alltaf með trendin á hreinu. Galleri Sautján.

singstar™

pop

vertu poppstjarna!

30 ný lög!

Sendu SMS skeytið BTL SSF á númerið 1900 og þú gætir unnið!

11. hver vinnur.

Taktu þátt þú gætir unnið:
Singstar pop
Singstar Hjóðnema
Geisladiska
Kippur af Fanta
DVD myndir
og margt fleira!



PlayStation 2

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið



SMEKKURINN ELLEN LOFTSDÓTTIR PLÖTUSNÚÐUR OG STARFSMAÐUR NIKITA

Eyði allt of miklum peningum í föt

Ellen er þekkt fyrir að vera önnur af plötusnúðadúettinum Ellen og Erla. Á daginn starfar hún hjá Nikita þar sem hún sinnir hinum og þessum störfum. Sumarið leggst vel í Ellen en hún er á leið til Lundúna með vinkonu sinni og síðar í sumar liggur leið hennar til Barcelona með kærastanum.

Fylgist þú vel með tiskunni? Já, ég les mikið af blöðum og tímaritum og svo skoða ég tiskuna líka á netinu.

Uppáhaldshönnuður? Heiða í Nikita.

